


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn
Heilsa










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
29. ágúst 2012
202. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Bara Org eftir

*Benóný Ægisson fagnar afmæli í París og gefur út nýjan disk.*

**tímamót 16**

## Vil ná til fólksins

*Ásrún Magnúsdóttir gerist dansandi pitsusendill í dag.*

**fólk 26**



## Getum unnið bæði lið

*Lars Lagerbäck er bjartsýnn fyrir leiki Íslands í undankeppni HM 2014.*

**sport 22**

## veðrið í dag




**SVALUR DAGUR** Í dag verður allhvöss NV-læg átt NA-til á landinu en annars hægari. Dálítil úrkoma NA-til og síðdegisskúrir V-til. Bjart að mestu S-til. Hiti 3-12 stig.

VEÐUR 4

# Ikea gæti átt í Hörpuhóteli

**Sænski húsgagnaframleiðandinn Ikea er í samstarfi við kaupanda byggingarréttar á lóð við hlið Hörpu um byggingu 100 hótela. Hörpuhótelið gæti orðið eitt þeirra. Ikea-samstæðan má ekki fjárfesta á Íslandi.**

**VIÐSKIPTI** Dótturfélag sænska húsgagnaframleiðandans Ikea gæti orðið einn eigenda fyrirhugaðs hótels sem reisa á við hlið Hörpu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Félagið ier í samstarfi við World Leisure Investment, sem keypti byggingarréttinn á lóðinni við hlið Hörpu, um að fjárfesta í hundrað hótelum í öllum helstu borgum Evrópu. Það sem aðallega hefur staðið í vegi fyrir aðkomu Ikea að byggingu hótelsins við Hörpu er að Ikea-samstæðan heimilar ekki fjárfestingar á Íslandi.

**100** Fjöldi hótela sem Ikea samstæðan hyggst reisa í Evrópu á næstu árum.

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar eignarhaldsfélags Hörpu, staðfestir að Inter Hospitality Holding, dótturfélag Inter Ikea Holding, sé í samstarfi við World Leisure í þessu verkefni. „Ég get hins vegar ekki staðfest að þeir verði inni í verkefninu í Reykjavík,“ segir Pétur.

Lítið er vitað um World Leisure annað en að það er vettvangur þar sem fjölmargir fjárfestar leggja sameiginlega til fé til fjárfestinga í hótel- eða ferðaiðnaði. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru efnaðir einstaklingar frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Persaflóa á meðal þeirra sem leggja fé inn í félagið. Þeir fjárfestar sem standa að World Leisure nýta vettvanginn til að finna fjárfestingatækifæri, annast skipulag framkvæmdarinnar og til að sinna annarri þróunarvinnu. Í kjölfarið skipta þeir fjárfestingunum á milli sín og fá oft og tíðum inn aðra samstarfsaðila. Í þessu verkefni hefur samstarfsaðili World Leisure verið Marriott-hótelkeðjan.

Ikea lýsti því yfir fyrr í þessum mánuði að samstæðan ætlaði að byggja yfir hundrað hótel í Evrópu á næstu árum. Alls áætlar Ikea að setja um 150 milljarða króna í það verkefni. Ódýrt á að vera að gista á þessum hótelum og stefnt er að því að þau verði öll miðsvæðis í helstu borgum Evrópu. Ikea ætlar ekki að reka hótelin sjálf og þau verða ekki rekin undir nafni sænska húsgagnaframleiðandans.

**– þsj / sjá Markaðinn**



**GRÖSIN FALLIN** Bergvin Jóhannsson, bóndi á Áshóli, segir það áhyggjuefni hversu fáir bændur rækta kartöflur hérlendis í dag. Þurrkar sumarsins og frost síðustu daga hafa sett verulegt strik í reikning kartöflubænda og geta valdið þeim milljónatjóni. MYND/HEIÐA.IS

Kartöflubændum hefur fækkað úr hundrað í þrjátíu á nokkurra ára tímabili:

# Lítil uppskera vegna öfga í veðri

**LANDBÚNAÐUR** Íslenskir kartöflubændur ná ekki að metta íslenskan markað þegar veðrátta er jafn öfgakennd og í sumar. Þurrkar í sumar og næturfrost síðustu daga hafa áhrif á uppskeruna í ár, sérstaklega á Norðurlandi.

Bergvin Jóhannsson, formaður Sambands kartöflubænda, segir það áhyggjuefni hversu fáir kartöflubændur séu orðnir. Árið 1985 voru um 200 kartöflubændur starfandi hérlendis, en hafði fækkað í hundrað upp úr aldamótum. Nú eru þeir þrjátíu sem eru eftir. Á móti kemur að hver bóndi framleiðir mun meira en á árum áður.

> Þetta er happdrætti á hverju ári.
>
> **HELGI ÖRLYGSSON**
> BÓNDI Á ÞÓRUSTÖÐUM

Helgi Örlygsson, kartöflubóndi á Þórustöðum í Eyjafjarðarsveit, segir kartöflubúskap í raun happdrætti frá ári til árs. Uppskerubrestur, eins og nú er útlit fyrir, getur þýtt milljónatap fyrir hvern bónda.

**- sv / sjá síðu 6**

Stoltenberg biðst afsökunar:

# Mistökin verða aldrei leiðrétt

**NOREGUR Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, baðst í gær afsökunar á mistökum sem lögreglan gerði þann 22. júlí á síðasta ári, daginn sem Anders Behring Breivik myrti 77 manns í Ósló og á Útey.**



JENS STOLTENBERG

**Hann sagðist sem forsætisráðherra bera endanlega ábyrgð á verkum lögreglunnar.**

**„Við getum aldrei leiðrétt þau mistök sem gerð voru í fortíðinni en við getum lært af fortíðinni,“ sagði hann í ávarpi sínu á þingi í gær.**

**„Á hinn bóginn er hundrað prósent öruggt þjóðfélag ekki opið þjóðfélag,“ tók hann fram: „Það er þess konar þjóðfélag, sem við viljum ekki búa í.“**

**Stoltenberg var gagnrýndur harðlega á þinginu í gær en það kom fram í máli hans að þrátt fyrir augljós mistök kallaði það ekki á afsögn embættismanna; hvorki ráðherra né undirsáta þeirra.**

**- gb**


Aspirin
Actavis
– fæst án lyfseðils í apótekum



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / Actavis 215020

actavis




MERKJAVARA Á BOTNVERÐI
VERÐVAKT RAFHA



Electrolux
Vönduð uppþvottavél með 5 kerfum

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SJÁÐU VERÐIÐ!
Rafha ehf.
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

**SPURNING DAGSINS**



*Jörundur, var nokkuð ofhermt hjá þér hérna í denn?*

„Nei, nei. Sjaldan lætur betur sá er eftir hermir.“

Jörundur Guðmundsson, skemmtikraftur eftirherma og vert, segir erfitt að herma eftir stjórnmálamönnum í dag því þeir séu svo litlausir.

Síbrotamaður ákærður fyrir að koma dauðvona stúlku ekki undir læknishendur:

# Upptaka af dauðastríði er lykilgagn

**DÓMSMÁL** Hálfþrítugur síbrotamaður neitaði því fyrir dómi í gær að bera ábyrgð á því að ung stúlka, lífshættulega veik af fíkniefnaneyslu, komst ekki undir læknishendur og lést. Meðal sönnunargagna í málinu er myndbandsupptaka af dauðastríði konunnar.

Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær, þar sem greint var frá því sem fram fór í réttarhöldum yfir manninum fyrr um daginn.

Málið kom upp í apríl í fyrra. Konan var talin hafa neytt fíkniefnisins PMMA, afbrigðis af amfetamíni sem hefur valdið dauðsföllum í nágrannalöndum okkar. Í kjölfarið gerði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mikla leit að hinu hættulega fíkniefni í því skyni að koma því alfarið úr umferð.

Að sögn RÚV kom fram fyrir dómi að stúlkan hefði lagst veik í rúm í íbúðinni þar sem hún var gestur eftir tveggja klukkustunda fíkniefnaneyslu. Þar var myndbandsupptaka í gangi við rúmstokkinn og á henni sést stúlkan fá krampa og deyja að lokum. Ekki liggur fyrir hvort tilgangurinn var að taka myndband af stúlkunni.

Maðurinn afplánar nú fimmtán mánaða dóm frá því í fyrra, meðal annars fyrir handrukkun með loftbyssu. **- sh**



**HÆTTULEGT** Efnisins er ýmist neytt í duft- eða töfluformi.

Notuð matarolía seld:

## Setja matarolíu á bílana sína

**DANMÖRK Danir setja notaða matarolíu á bílana sína og hita húsin sín upp með henni. Þetta er hins vegar ólöglegt samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla.**

**Starfsmenn veitingastaða mega hvorki selja né gefa notaða matarolíu. Þeir geta látið sækja hana á löglegan hátt eða farið með hana í endurvinnslu. Oftast er matarolían sett í tunnur sem geymdar eru við bakdyr veitingastaðanna. Fyrirtækin sem sækja olíuna skilja svo eftir tómar tunnur í staðinn. - ibs**

Stjórnmálamenn í Danmörku:

## Eggjagjafar fái hærri greiðslu

**DANMÖRK** Danskir stjórnmálamenn íhuga nú að hækka greiðslur til eggjagjafa vegna skorts á eggjum handa barnlausum pörum. Í Danmörku fær kona sem gefur egg greiddar 500 danskar krónur, eða um 10.000 íslenskar krónur, auk greiðslu fyrir kostnað vegna ferða.

Á vef Kristilega dagblaðsins segir að stjórnendur sæðisbankans Cryos vilji koma á fót eggjabanka. Tilgangurinn er að fá konur til að gefa egg gegn því að þær fái sjálfar að geyma þar egg til að nota síðar. Heilbrigðisyfirvöld hafna slíkum viðskiptaháttum. **- ibs**



**FJÖLBÝLI** Þarf 1.500 nýjar íbúðir á markað árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SI varar við skorti á húsnæði:

## Vilja tafarlausar framkvæmdir

**FASTEIGNAMARKAÐUR Samtök iðnaðarins vara við því að ef nýframkvæmdir á íbúðamarkaði fari ekki af stað bráðlega sé hætta á því að til komi vöntun á íbúðum, jafnvel fyrr en áður var talið.**

**SI stóðu nýverið fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan er sú að íbúðir í fjölbýli, sem eru fokheldar og lengra komnar, eru 545 talsins. Þar af eru ekki nema 192 íbúðir íbúðarhæfar og hefur fækkað um 292 á innan við ári.**

**Talið er að árlega þurfi um 1.500 nýjar íbúðir inn á markaðinn og eru íbúðir í byggingu því innan við áætlaða ársþörf. - shá**

# Íbúar eins og fangar á lyftulausu heimili

**Margir aldraðir íbúar í þjónustublokk í Kópavogi reiða sig á lyftu hússins til þess að komast út úr húsi. Lyftan er biluð og margir komast hvorki lönd né strönd. Íbúar ekki ánægðir og spyrja af hverju aðgengi þeirra sé ekki tryggt.**

**FÓLK** Íbúar í þjónustuíbúðum aldraðra komast ekki út úr húsi því eina lyfta hússins hefur verið biluð síðan á mánudag. „Það eru svo margir sem ekki geta farið stiga,“ segir Hrafnhildur Thors, fyrrverandi húsmóðir og 92 ára gamall íbúi í þjónustuíbúð Sunnuhlíðar við Kópavogsbraut 1A. Hún hefur búið í húsinu í rúmlega tíu ár og verður 93 ára gömul í september.

„Fólkinu finnst það vera eins og fangar þegar eitthvað svona kemur upp á,“ segir Hrafnhildur. Íbúar hússins vita ekki hversu lengi þeir þurfa að bíða eftir því að lyftan verði lagfærð, en húsvörður vonast til að lyftan komist í lag í dag. Langflestir íbúanna eiga allt undir því að komast niður í lyftu.

Hrafnhildur er reið yfir því að á mánudag ætlaði hún að hitta ættingja sinn sem hafði misst ástvin. Hún komst hins vegar ekki út úr húsi því hún á orðið erfitt með gang og leggur ekki í stigana.

„Ég borga mikið af peningum á mánuði í húsgjöld og er því mjög svekkt. Svo er ég nú orðin svo fullorðin að ég treysti mér ekki til þess að flytja héðan, það er ekkert nokkur leið. Ég veit að ég gæti verið á góðum stað þar sem ég get verið á fyrstu hæð. En ég er ákaflega ánægð hérna og ég vil alls ekki flytja. Mér finnst þetta hins vegar ekki hægt.“

Þær upplýsingar fengust frá húsverði á Kópavogsbraut 1A að unnið sé að viðgerð á lyftunni. Viðgerðin sé tímafrek því mótor hafi brunnið yfir. Það er hins vegar vonast til þess að lyftan komist í lag í dag. Þá sé reynt að veita venjubundna þjónustu hússins þó lyftan sé biluð. Því sé matur borinn upp til þeirra sem þess óska.

Hrafnhildur er þeirrar skoðunar að lyftur í svona húsum eigi ekki að vera bilaðar. Tvær eigi að vera í húsinu til að gulltryggja aðgengið. „Hver ber ábyrgð á því að hafa svona stórt hús með aðeins eina lyftu?“ spyr hún.

birgirh@frettabladid.is



**FÖST HEIMA** Hrafnhildur kemst ekki út úr húsi af því að hún getur ekki notað stiga. Lyftubilunin kemur sér mjög illa fyrir hana sem og marga aðra íbúa hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég er ákaflega ánægð hérna og ég vil alls ekki flytja. Mér finnst þetta hins vegar ekki hægt.
>
> **HRAFNHILDUR THORS**
> ÍBÚI VIÐ KÓPAVOGSBRAUT 1A





**LYFTAN STOPP** Ekki er gefið upp hversu lengi lyftan hefur verið biluð.



**RÚSTIR** Bíllinn sprakk á gatnamótum í úthverfi Damaskus með þeim afleiðingum að tólf létust. NORDICPHOTOS/AFP

Kallar eftir andspyrnustjórn:

## Ríkisstjórnartal ótímabært

**SÝRLAND, AP François Hollande, forseti Frakklands, kallaði eftir því í gær að sýrlenskir uppreisnarmenn myndu sameinast í eina fylkingu. Frakkar myndu viðurkenna og standa með tímabundinni ríkisstjórn andspyrnunnar. Sundrung er milli uppreisnarhópa bæði í Sýrlandi og þeirra hópa sem eru í útlegð.**

**Bandaríkjamenn skutu hugmynd Hollandes niður um leið og bentu einmitt á að vegna sundurleitra markmiða uppreisnarmanna væri ótímabært að hefja umræðuna um ríkisstjórn andspyrnunnar.**

**Blóð rann enn í Sýrlandi í gær. Tólf létust í bílasprengju í úthverfi höfuðborgarinnar Damaskus og minnst þrettán létust í loftárás á bæinn Kfar Nabl. Þá var enn barist um allt landið. - bþh**

**FÓLK**

**Snekkjan bilaði í leiðangri**

Snekkja auðkýfingsins Pauls Allen, Octopus, sneri aftur til Reykjavíkur í gærmorgun eftir að vélin bilaði í skipinu. Snekkjan var í leiðangri á Grænlandssundi til að endurheimta skipsbjöllu HMS Hood, breska herskipsins sem sökk í seinna stríði.





Selfosslögreglan leitar þess sem nauðgaði ólögráða unglingsstúlku á Þjóðhátíð:

# Fær ekki gögn frá símfyrirtækjunum

**LÖGREGLUMÁL** Símfyrirtækin mega ekki afhenda lögreglunni á Selfossi gögn sem gætu nýst við að upplýsa nauðgunarmál gegn ólögráða unglingsstúlku á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Þetta er niðurstaða Hæstaréttar frá því í gær.

Héraðsdómur Suðurlands hafði áður úrskurðað að símafyrirtækjunum bæri að afhenda lögreglunni lista yfir öll símtöl sem fóru um fjarskiptamöstur sem ná inn í Herjólfsdal á tíu mínútna tímabili á sjötta tímanum að morgni mánudagsins 6. ágúst.

Til rannsóknar er nauðgun gegn ólögráða unglingsstúlku og á eftirlitsmyndavélum sést maður sem svipar til lýsingar stúlkunnar á hinum brotlega hlaupa frá vettvangi brotsins og niður á bílastæði í Herjólfsdal. Hann er ógreinilegur á upptökunni en þó sést að hann er að tala í símann, rétt eftir brotið.

Lögregla taldi því brýnt að fá upplýsingar um alla þá sem hefðu talað í síma í dalnum á þessu tíu mínútna tímabili og féllst héraðsdómur á að það gæti skipt sköpum við að upplýsa málið. Hæstiréttur telur hins vegar að slík afhending gagna samræmist ekki ákvæðum sakamálalaga þar sem beiðnin beinist ekki að tilteknum síma.



**AF ÞJÓÐHÁTÍÐ** Nauðgunin átti sér stað árla á mánudagsmorgni verslunarmannahelgar. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Hin símafyrirtækin höfðu enn ekki afhent lögreglu upplýsingarnar eftir úrskurð héraðsdóms og munu ekki gera það úr þessu.

Oddur Árnason yfirlögregluþjónn segir erfitt að meta hvaða áhrif dómurinn muni hafa á rannsókn málsins. „Lögreglurannsókn miðar að því að leiða fram sekt eða sýknu og það að ná á þennan mann hefði getað hreinsað hann af grun eða leitt til frekari skoðunar.“ **- sh**


Gerðu góð kaup í notuðum gæðabíl hjá HEKLU
Komdu til okkar á Laugaveg 174 og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!
Tilboð kr. 9.690.000
Toyota Land Cruiser 200
Árg. 2009, dísel, sjálfsk.
Ekinn 110.000 Verð 10.990.000
7 manna
Volvo XC 90
Árg. 2003, bensín, sjálfsk.
Ekinn 129.000 Verð 2.350.000
Toyota RAV4 LX
Árg. 2006, bensín, beinsk.
Ekinn 93.000 Verð 1.690.000
Toyota Avensis EXE
Árg. 2008, bensín, sjálfsk.
Ekinn 54.000 Verð 2.990.000
Opel Astra
Árg. 2008, bensín, beinsk.
Ekinn 80.000 Verð 1.850.000
VW Passat 2.0 Highline
Árg. 2007, bensín, sjálfsk.
Ekinn 51.100 Verð 2.650.000
BÍLL VIKUNNAR
Audi Q7 3,0 TDi
Árg. 2007, dísel ekinn 114.000 km, sjálfsk. Ásett verð 6.590.000,-
BÍLL VIKUNNAR
MM Pajero Instyle
Árg. 2008, dísel ekinn 88.000 km, sjálfsk. Ásett verð 6.390.000,-
VW Touareg 3,2 V6
Árg. 2004, bensín, sjálfsk.
Ekinn 133.000 Verð 2.490.000
Subaru Legacy
Árg. 2008, bensín, sjálfsk.
Ekinn 40.000 Verð 2.900.000
Honda Jazz
Árg. 2011, bensín, beinsk.
Ekinn 23.000 Verð 2.650.000
Toyota RAV4
Árg. 2010, bensín, sjálfsk.
Ekinn 64.000 Verð 4.390.000
MM Outlander Comfort
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 165.000 Verð 1.450.000
MM Pajero GLS 3,5
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 103.000 Verð 2.790.000
BMW 320
Árg. 2007, bensín, sjálfsk.
Ekinn 58.000 Verð 3.400.000
Range Rover HSE
Árg. 2006, bensín, sjálfsk.
Ekinn 78.000 Verð 5.790.000
Tilboð kr. 3.890.000
Nissan Pathfinder 2500 SE
Árg. 2008, dísel, sjálfsk.
Ekinn 106.000 Verð 4.200.000
Toyota Auris Terra
Árg. 2010, bensín, beinsk.
Ekinn 60.000 Verð 2.490.000
Toyota Land Cruiser 120 VX
Árg. 2005, dísel, sjálfsk.
Ekinn 165.000 Verð 4.580.000
Tilboð kr. 2.490.000
Honda S2000 Coupé
Árg. 2007, bensín, beinsk.
Ekinn 50.000 Verð 2.990.000
Tilboð kr. 4.590.000
Mercedes-Benz E280 CDI
(W211) Árg. 2008, dísel, sjálfsk.
Ekinn 207.000 Verð 4.990.000
Tilboð kr. 4.690.000
Lexus RX400H Luxury
Árg. 2007, bensín/rafmagn, sjálfsk.
Ekinn 139.000 Verð 5.690.000
MM Colt Rally Art
Árg. 2010, bensín, beinsk.
Ekinn 19.000 Verð 2.290.000
MM Pajero 3,2 GLS 33”
Árg. 2006, dísel, sjálfsk.
Ekinn 94.500 Verð 4.590.000
Mercedes-Benz C200
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 129.000 Verð 2.390.000
Tilboð kr. 2.990.000
Nissan Patrol 35”
Árg. 2005, dísel, sjálfsk.
Ekinn 143.000 Verð 3.490.000
Tilboð kr. 1.190.000
Toyota RAV4
Árg. 2004, bensín, sjálfsk.
Ekinn 124.000 Verð 1.390.000
Nissan Patrol
Árg. 2005, dísel, sjálfsk.
Ekinn 130.000 Verð 3.480.000
VW Sharan TDi 1,9
Árg. 2008, dísel, beinsk.
Ekinn 81.000 Verð 2.990.000
Tilboð kr. 1.690.000
MM Pajero 3,5 GLS
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 179.000 Verð 2.540.000
Toyota Land Cruiser 100 VX
Árg. 2006, bensín, sjálfsk.
Ekinn 128.000 Verð 4.890.000
Jeep Grand Cherokee
Árg. 2003, bensín, sjálfsk.
Ekinn 172.000 Verð 990.000
Nissan X-Trail
Árg. 2008, dísel, sjálfsk.
Ekinn 102.000 Verð 3.290.000
7 manna
Toyota Previa
Árg. 2003, bensín, sjálfsk.
Ekinn 162.000 Verð 1.790.000
Tilboð kr. 2.990.000
VW Touareg V8
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 122.000 Verð 3.450.000
Dísel
VW Tiguan Sport&style
Árg. 2008, dísel, sjálfsk.
Ekinn107.000 Verð 3.750.000
7 manna
Toyota Land Cruiser 120 LX
Árg. 2007, dísel, sjálfsk.
Ekinn 123.000 Verð 4.990.000
Kia Sportage
Árg. 2006, bensín, sjálfsk.
Ekinn 71.000 Verð 2.550.000
HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR
Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16
Allar nánari upplýsingar ásamt meira úrvali notaðra bíla er á heklanotadirbilar.is

## GENGIÐ 28.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,97 | 121,55 |
| Sterlingspund | 191,06 | 191,98 |
| Evra | 151,73 | 152,57 |
| Dönsk króna | 20,366 | 20,486 |
| Norsk króna | 20,805 | 20,927 |
| Sænsk króna | 18,430 | 18,538 |
| Japanskt jen | 1,5371 | 1,5461 |
| SDR | 183,75 | 184,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
212,1508

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslendingur ákærður fyrir skjalafals í málaferlum vegna viðskipta í Abu Dhabi:

# Íslenskur snekkjusmiður enn í varðhaldi

**UTANRÍKISMÁL** Rúmlega fertugur íslenskur karlmaður situr í varðhaldi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, en honum er gert að sök að hafa falsað skjal í málaferlum sem hann höfðaði í landinu. Hann neitaði sök fyrir rétti í Dubai á mánudag.

Utanríkisráðuneytið hefur haft mál mannsins á sínu borði um nokkurra vikna skeið, en getur litlar upplýsingar gefið að svo stöddu.

Samkvæmt fréttaflutningi þarlendra miðla, helst dagblaðsins The National í Abu Dhabi, hafði Íslendingurinn leitað að fjárfestum til að stofna fyrirtæki um smíði á snekkjum. Komst hann í samband við fjársterkan aðila sem hafði áhuga á að fjárfesta í fyrirtæki hans, en það fyrst um að smíðuð yrði fyrir sig snekkja.

Íslendingurinn gekk að þeim skilmálum með því fororði að fjárfesting í fyrirtækinu kæmi til á móti. Snekkjunni var skilað til væntanlegs fjárfestis en hann stóð ekki við sinn hluta samkomulagsins. Snekkjan mun hafa kostað um 130 milljónir íslenskra króna. Íslendingurinn höfðaði mál árið 2010, sem hann vann, en var síðar ákærður fyrir að hafa falsað skjal sem hann lagði fram í málinu upphaflega.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er maðurinn enn í haldi en unnið er að lausn hans, sem líklega næst í gegn á allra næstu dögum.

Þinghaldi hefur verið frestað til 29. september næstkomandi; manninum hefur verið gert að láta af hendi vegabréf sitt og greiða 1,6 milljónir króna í tryggingu til að vera sleppt úr varðhaldi. - shá



**ABU DHABI** Þvert á fréttaflutning síðustu daga situr Íslendingurinn enn í varðhaldi.



**SHARP-FJALL** Litmyndirnar hafa varpað ljósi á forvitnileg setlög í hlíðum fjallsins. MYND/NASA

Curiosity gerir uppgötvanir:

## Ósamræmi í landslagi Mars

**TÆKNI** Sérfræðingar hjá bandarísku geimferðastofnuninni, NASA, hafa uppgötvað ósamræmi í landslaginu á Mars eftir að hafa skoðað myndir úr litmyndavél Curiosity, könnunarfarsins sem ekur nú um yfirborð rauðu plánetunnar.

Curiosity nálgast nú Sharp-fjall sem það mun klífa og rannsaka. Nú þegar hefur könnunarfarið sent meira af upplýsingum en öll önnur för NASA til samans.

Ósamræmið í landslaginu er að setlögin í fjallinu liggja ekki eins. Á jörðinni myndu jarðskorpuhreyfingar eða eldgos hafa áhrif á slíkt. - bþh

### LEIÐRÉTT

Ekki er rétt sem fram kom í blaðinu í gær að móðir meints fíkniefnasmyglara og maður hennar séu ákærð í máli sem nú er fyrir dómstólum. Fíkniefnin fundust í farangri þeirra en málið gegn þeim var fellt niður þar sem þau voru ekki talin hafa vitað af efnunum. Tvö burðardýr úr öðrum anga málsins sæta hins vegar ákæru.

Í aðsendu greininni Minni þjónusta, sem birt var í Fréttablaðinu 28. ágúst, á að standa átta af hverjum tíu framhaldsskólakennurum í stað áttundi hver. Í stað sjötta hvern á að standa sex af hverjum tíu.

# Aðsókn að leikskólum og gæslu barna jókst eftir hrun

**Umsóknum um pláss á frístundaheimilum í Reykjavík fjölgað eftir hrunið. Hið sama á við um leikskóla og ýmsa gjaldskylda þjónustu. Enn á eftir að ráða í um 90 stöðugildi á leikskólum og 100 á frístundaheimili.**

**MENNTUN** Aðsókn að leikskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar hefur aukist eftir hrun. Ýmsir óttuðust hið gagnstæða og að bágt efnahagsástand þýddi það að margir þyrftu að neita sér um þjónustuna. Mannekla er svipuð og verið hefur undanfarin ár.

Í desember 2009 sóttu 78% reykvískra barna á aldrinum tveggja til fimm ára leikskóla borgarinnar. Það hlutfall var komið í 81% í desember 2011. Um 95% barna á þessum aldri í borginni sækja einhverja dagvistun.

„Þetta er jákvætt því margir hafa óttast að aðsókn myndi minnka í kjölfar kreppunnar, en við sjáum það ekki í þessum tölum heldur þvert á móti,“ segir Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Sú breyting hefur einnig orðið að börnin eru yngri þegar þau þurfa á þjónustu að halda.

„Það eru afleiðingar af breytingum á fæðingarorlofinu, fólk getur því miður ekki verið jafn lengi heima og það gat áður og það ætti að vera forgangsmál stjórnvalda að leiðrétta fæðingarorlofslöggjöfina. Tímalengd þjónustunnar hefur einnig aukist, en það þýðir aukna mönnun fyrir okkur.“

Ástandið í starfsmannamálum á leikskólum er svipað og undanfarin ár. Eftir er að ráða í um níutíu stöðugildi á leikskólunum, þar af 69 stöðugildi leikskólakennara á deild. Þá vantar um það bil eitt hundrað starfsmenn á frístundaheimili.

Oddný segir starfsemi þeirra að miklu leyti byggjast á háskólanemum í hlutastarfi. Þegar stundatöflur séu tilbúnar megi gera ráð fyrir því að takist að ráða í stöðurnar. Það eigi að einhverju leyti einnig við um leikskólana.



**MEIRI ÁSÓKN Í LEIKSKÓLA** Ástand starfsmannamála í leikskólum er svipað og undanfarin ár og eftir á að ráða í um 90 stöðugildi á leikskólunum.

> Það ætti að vera forgangsmál stjórnvalda að leiðrétta fæðingarorlofslöggjöfina.
>
> **ODDNÝ STURLUDÓTTIR**
> FORMAÐUR SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐS

Skortur hefur verið á menntuðum leikskólakennurum undanfarin ár og engin breyting er á því.

Börnum í mataráskrift í grunnskólum hefur fjölgað. Haustið 2010 voru 83% grunnskólabarna í mataráskrift, en 90% árið 2011. Þá hefur heimsóknum tíu til tólf ára barna í félagsmiðstöðvar og frístundaklúbba fjölgað um helming frá árinu 2009, úr 17.544 í 32.235 árið 2011. Heimsóknum aldurshópsins þrettán til fimmtán ára hefur fjölgað úr 122 þúsund í 142 þúsund á sama tímabili.

kolbeinn@frettabladid.is

### Frístundaheimili

**Hlutfall 1.-4. bekkinga á frístundaheimilum**

| | |
|---|---|
| 2008 | 57% |
| 2009 | 54% |
| 2010 | 61% |
| 2011 | 66% |




## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

**RIGNING** Svalt í dag en skánar heldur á morgun. Nokkuð bjart á morgun en dálítlar skúrir V-til og hvessir með rigningu S- og SV-til annaðkvöld. Rigning um allt land á föstudag. Hiti 8-14 stig.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 19° |
| París | 25° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ÖFLUGUR BAKHJARL

# Í DAG RENNA 2 KRÓNUR AF HVERJUM SELDUM LÍTRA TIL ÍÞRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA

ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA




Íslenskir Ólympíufarar 2012: Jón Margeir Sverrisson, Kolbrún Alda Stefánsdóttir, Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir og Helgi Sveinsson.

ATLANTSOLÍA

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsolía | Lónsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

GÚMMÍVINNSLAN
MÁLNINGARVÖRUR
kemi
LÖÐUR miðstöð bílaunnenda
Aðalskoðun
553 33 33

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að lække eigi fasteignagjöld á Hörpuna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 45,9% |
| NEI | 54,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ferðast þú með bíl í og úr vinnu eða skóla?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is vísir

Framkvæmdastjóri Creditinfo telur Þjóðskrá hafa ofrukkað fyrirtækið fyrir upplýsingar í áraraðir:

# Creditinfo krefur ríkið um 400 milljónir

**DÓMSMÁL** Upplýsingamiðlunin Creditinfo hefur höfðað mál á hendur fjármálaráðuneytinu og Þjóðskrá Íslands til að láta reyna á lögmæti þess að innheimt sé gjald fyrir upplýsingar úr Þjóðskrá, til dæmis veðbönd og fasteignamatsupplýsingar.

Fyrirtækið gerir um 400 milljóna króna bótakröfu vegna ofgreiddra gjalda undanfarin ár.

Upphaf málsins má rekja til álits umboðsmanns Alþingis frá því í fyrravor, þegar hann komst að því að ekki hefði verið sýnt fram á að gjaldtakan samræmdist lögum sem segja að hún megi ekki vera umfram kostnaðinn við að taka upplýsingarnar saman. Hann taldi sig þó ekki hafa forsendu til að meta hvort gjaldið hefði verið of hátt.

„Þjóðskrá og ríkið hafa kosið að fara ekki eftir áliti umboðsmanns og því ákváðum við að láta reyna á lögmæti gjaldtökunnar fyrir dómi enda óásættanlegt að embætti sem ætlað er að kveða á um lögmæti og hafa eftirlit með stjórnsýslunni sé virt að vettugi,“ segir Hákon Stefánsson, framkvæmdastjóri Creditinfo.

„Verði niðurstaða dómsins í samræmi við álit umboðsmanns má búast við því að verð fyrir umræddar upplýsingar lækki umtalsvert,“ segir Hákon, sem telur að dómurinn muni, ef að líkum láti, hafa ríkt fordæmisgildi í málum sem lúti að gjaldtöku stofnana fyrir upplýsingar.“ - sh



**ÞJÓÐSKRÁ** Creditinfo byggir málsókn sína á áliti Umboðsmanns Alþingis frá því í fyrravor. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Aðstoðaði sprengjumann:

## Sjö ára fangelsi fyrir hryðjuverk

**SKOTLAND Dómstóll í Glasgow í Skotlandi hefur dæmt Nasserdine Menni, sem aðstoðaði mann fjárhagslega sem sprengdi sjálfan sig í miðborg Stokkhólms í desember 2010, í sjö ára fangelsi.**

**Vitni greindu frá aðstoð Mennis auk þess sem sjá mátti á yfirliti bankareikninga að hann hefði millifært jafngildi einnar milljónar íslenskra króna yfir á reikning sprengjumannsins, Taimours Abdulwahab.**

**Verjendur sögðu að féð hefði verið ætlað fjölskyldu Mennis í Alsír. Saksóknari sagði að honum hefði átt að vera ljóst að féð kynni að verða notað til hryðjuverka.** - ibs



**FLUGELDAR** Sýni KR-flugelda og Alvöru flugelda reyndust innihalda of mikið magn hexaklórbensens.

HCB í flugeldum á Íslandi:

## Bensen fannst í flugeldum

**MENGUNARMÁL** Umhverfisstofnun mældi magn þrávirka efnisins hexaklórbensen í flugeldum og skotkökum níu innflytjenda. Í tveimur sýnishornum reyndist efnið vera yfir leyfilegu magni, en það var í flugeldum frá KR-flugeldum og Alvöru flugeldum.

Umhverfisstofnun ákvað að taka sýnin eftir að efnið hafði fundist í flugeldum í nágrannalöndunum og efnið mældist í andrúmslofti á nýársnótt 2011. Leyfileg mörk efnisins miðast við 50 míkrógrömm í kílói (µg/kg). Í sýni Alvöru flugelda mældist mest 210 µg/kg og frá KR-flugeldum 600 µg/kg. - kóp



**KARTÖFLUUPPSKERA** Heildarkartöfluuppskera síðustu ára hefur verið sveiflukennd vegna frosta og þurrka og er allt útlit fyrir lélega uppskeru í haust.

# Kartöflubændur of fáir fyrir markaðinn

**Kartöflubændum hefur fækkað úr hundrað í þrjátíu á síðustu tíu árum. Ná ekki að metta íslenskan markað ef veðurskilyrði bregðast. Þurrkar og næturfrost hafa áhrif á uppskeru í ár. Happdrætti á hverju ári, segir kartöflubóndi.**

**LANDBÚNAÐUR** Íslenskum kartöflubændum hefur fækkað úr hundrað í þrjátíu á síðustu tíu árum. Næturfrost síðustu daga og þurrkar sumarsins munu hafa slæm áhrif á kartöfluuppskeru þessa árs hjá kartöflubændum, sérstaklega á Norðurlandi. Bergvin Jóhannsson, formaður Sambands kartöflubænda, segir það áhyggjuefni hversu fáir bændur eru eftir.

„Á meðan okkur er haldið í gíslingu með verðlag hættir sér enginn út í þetta,“ segir Bergvin. „Við náum ekki að verðleggja vöruna sjálfir og höfum verið á sama róli árum saman þrátt fyrir að aðföng hafi hækkað gríðarlega í verði.“

Bergvin bendir á að um 1985 hafi verið skráðir 38 kartöflubændur í Eyjafjarðarsveit einni saman, en nú séu þeir þrír. Þá hafi verið um tvö hundruð á landinu öllu.

„Þegar þetta eldist af mönnum kemur enginn í staðinn,“ segir hann. „En vissulega eru þeir sem eftir eru umfangsmeiri en áður.“

> Svo koma hörð ár og uppskera minnkar um tugi prósenta, þá er mjög auðvelt að gefast upp.
>
> BJARNI JÓNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMBANDS GARÐYRKJUBÆNDA

Allt útlit er fyrir nokkurn uppskerubrest í haust, en þó ekki eins mikinn og í fyrra. Íslenskar kartöflur hætta að fást í verslunum í apríl síðastliðnum og voru ófáanlegar í þrjá mánuði.

Helgi Örlygsson, bóndi á Þórustöðum í Eyjafjarðarsveit, segir haustið hafa lofað nokkuð góðu, en næturfrost síðustu daga hafi skemmt uppskeru síðustu daga ágústmánaðar og þá fyrstu í september.

„Þetta var ansi lélegt í fyrra út af frostaveðrum í ágúst og ætli þetta verði ekki svipað núna. Jafnvel minna vegna þurrkanna,“ segir hann. Fjárhagslegt tap segir Helgi hlaupa á milljónum. „En maður getur ekki verið að reikna svoleiðis út fyrir fram. Þetta er happdrætti á hverju ári.“

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, segir greinilegt að kartöfluuppskera síðustu ára nái ekki að anna eftirspurn. Draumurinn sé vissulega að ná að metta markaðinn.

„Ég mundi vilja hækka verð á kartöflum, en þarna ráða samningar á milli smásölu og framleiðanda,“ segir hann. „Svo koma hörð ár og uppskera minnkar um tugi prósenta, þá er mjög auðvelt að gefast upp. Að hafa litla afkomu ár eftir ár og fá svo uppskerubrest, það er rosalegt högg.“ sunna@frettabladid.is

Eiginkona barnamorðingja:

## Laus úr fangelsi en fer í klaustur

**BELGÍA, AP** Michelle Martin, eiginkona belgíska barnaníðingsins og barnamorðingjans Marc Dutroux, verður látin laus eftir að hafa afplánað tæpan helming af þrjátíu ára fangelsisdómi.



**MARC DUTROUX**

Dómstóll samþykkti að leyfa henni að ganga í Claresse-klaustrið í Malonne og losna þar með úr fangelsinu. Hún var á sínum tíma talin samsek eiginmanni sínum, alræmdasta glæpamanni landsins. Meðal annars hafi hún borið ábyrgð á því að tvö börn sultu til bana.

Dómstóllinn hafnaði mótmælum frá ættingjum fórnarlamba þeirra hjóna. Ekki er vitað hvenær Martin fer í klaustrið. - gb

Nýr skattur á skemmtibáta:

## Bátaeigendur á flótta frá Ítalíu

**ÍTALÍA Skattalögreglan á Ítalíu er nú á ferð um smábátahafnir landsins til að hafa uppi á skemmtibáta- og snekkjueigendum. Fyrir tíu til tólf metra langan bát þarf nú að greiða 800 evrur í skatt en 4.400 evrur fyrir tuttugu til 24 metra langan bát. Fyrir snekkjur sem eru lengri en 64 metrar þarf að greiða 25.000 evrur.**

**Í frétt Dagens Industri segir vitnar í The Economist segir að sumir bátaeigendur séu farnir að leggja í höfnum Korsíku eða Króatíu.**

**Nýi skatturinn er einnig sagður gilda um skemmtibáta sem teknir eru á leigu á Ítalíu. Við bátahöfn skammt frá Róm hefur starfsemi þeirra sem leigja út báta minnkað um fimmtíu prósent.** - ibs

**VENESÚELA**

**Ná ekki tökum á eldinum**

Eldur logaði enn í stærstu olíuhreinsistöð Venesúela í gærkvöld. Eldsvoðinn hefur þegar kostað 48 manns lífið og hefur Hugo Chaves, forseti landsins, lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg.


3.790.000 kr.



RANGE ROVER Vogue. Árg. 2005
Ekinn 132.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000 kr. TILBOÐ 3.790.000 kr.
Rnr. 285425

1.990.000 kr.



NISSAN Navara d/c XE. Árg. 2006
Ekinn 91.000 km. dísil, 5 gíra.
Verð 2.690.000 kr. TILBOÐ 1.990.000 kr.
Rnr. 370026

4.090.000 kr.



MERCEDES BENZ R350. Árg. 2006
Ekinn 115.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr. TILBOÐ 4.090.000 kr.
Rnr. 370155

1.390.000 kr.



SUBARU Impreza 2.0r. Árg. 2007
Ekinn 109.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 1.790.000 kr. TILBOÐ 1.390.000 kr.
Rnr. 370228

3.390.000 kr.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX Árg. 2004
Ekinn 179.000 km. dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr. TILBOÐ 3.390.000 kr.
Rnr. 370257

Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16

ergo Reiknaðu með okkur

TOPPBÍLAR Klettháls 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is

ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

# SUMARÚTSALA
## SPORTBÚÐARINNAR

KASTHJÓL
30-50%

VEIÐISETT
STÖNG, HJÓL OG GIRNI
40%
AFSLÁTTUR

VEIÐIJAKKAR
20-50%
AFSLÁTTUR

FLUGULÍNUR
20-40%
AFSLÁTTUR

VÖÐLUR
30%
AFSLÁTTUR

KASTSTANGIR
30-50%

VEIÐIVESTI
FRÁ 1.995,-

OKUMA FLUGUHJÓL MEÐ 4 SPÓLUM OG TÖSKU.
AÐEINS 9.995,-

STRANDVEIÐI-STANGIR OG HJÓL
40%
AFSLÁTTUR

15%
AFSLÁTTUR
Á FELULITAFATNAÐI Á MEÐAN ÚTSÖLU STENDUR

FLUGUR
20%
AFSLÁTTUR

SJÓKAYAKAR OG BÚNAÐUR
20%
AFSLÁTTUR

SPÚNAR
FRÁ 299,-

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

EKKI MISSA AF SUMARÚTSÖLU SPORTBÚÐARINNAR SPORTBÚÐIN KRÓKHÁLSI 4




Póstkort frá París!

Við ætlum að skreppa til Parísar og viljum endilega fá þig með. Eins og alltaf iðar borgin af lífi; veitingahús, listasöfn, fjölskrúðugt mannlíf – og svo þú.

**Bókaðu haustflug til Parísar á www.icelandexpress.is**

Flogið til 23. september 2012.
Engin sunnudagaregla og einfalt að breyta farseðlum.




Barcelona er borgin!

Þeir sem hafa ekki farið til Barcelona eiga mikið eftir. Fjölbreytt menning, einstakur arkitektúr og frábært úrval spennandi veitingahúsa. Við elskum Barcelona.

**Bókaðu haustflug til Barcelona á www.icelandexpress.is**

Flogið til 9. október 2012.
Engin sunnudagaregla og einfalt að breyta farseðlum.

FITON / SÍA

Iceland Express
– lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Yfirvöld í Frakklandi rannsaka lát Jassers Arafats:

# Morðrannsókn hafin

**FRAKKLAND** Frönsk dómsmálayfirvöld rannsaka nú fráfall Jassers Arafats, fyrrum leiðtoga Palestínu, til að fá úr því skorið hvort hann hafi verið myrtur.

Arafat lést á hersjúkrahúsi í París árið 2004 en þangað leitaði hann lækninga við veikindum sem höfðu hrjáð hann um nokkurt skeið. Niðurstöður rannsóknar á persónulegum eigum Arafats sýndu töluvert magn af póloni í sýnum sem tekin voru. Pólon er geislavirkt frumefni sem meðal annars dró rússneska njósnarann Alexander Litvinenko til dauða.


JASSER ARAFAT

Lík Arafats var ekki krufið á sínum tíma en stjórnvöld í Palestínu hafa gefið leyfi til þess að grafa upp jarðneskar leifar leiðtogans. Eftir lát hans vaknaði strax grunur um að Arafat hefði verið byrlað eitur en málið komst aftur í hámæli eftir rannsókn sjónvarpsstöðvarinnar Al-Jazeera. - shá

Óspektir í Óðinsvéum:

# Bráðamóttökubulla í varðhald

**DANMÖRK Nítján ára piltur var í gær úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald vegna gruns um aðild að óspektum á bráðamóttöku sjúkrahússins í Óðinsvéum fyrir rúmri viku.**

**Um sextíu manns ruddust þar inn í leit að manni sem hafði særst í átökum tveggja hópa. Þar unnu þeir margs konar spjöll og ógnuðu starfsfólki.**

**Jafnaldri piltsins situr þegar í varðhaldi vegna ólátanna. Þrír aðrir menn eru í haldi vegna árásarinnar fyrr um kvöldið. - þj**

# ESB vomir yfir VG í kosningabaráttunni

**Dráttur á aðildarviðræðum er Vinstri grænum erfiður. Samþykktir flokksstofnana sýna þó styrkan meirihluta fyrir stefnu forystunnar. Af flokksráðsfundi má ráða að forystan vill beina sjónum frá ESB að árangri í efnahagsmálum.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hver er staðan innan Vg?

Flokksráð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (VG) fundaði um helgina. Fyrirfram höfðu verið skapaðar nokkrar væntingar um að nú yrði látið sverfa til stáls í málefnum er varða umsókn að ESB. Raunin varð önnur, samþykkt var ályktun um samskipti Íslands við þjóðir og þjóðabandalög þar sem umræðunni um samskipti Íslands og ESB er fagnað og hvatt til þess að hún haldi áfram.


KATRÍN JAKOBSDÓTTIR


JÓN BJARNASON

Segja má að þetta sé að mörgu leyti endurtekið efni. Þeir eru ófáir fundirnir í stofnunum flokksins þar sem boðuð hefur verið stefnubreyting í Evrópumálum, enda fari aðildarumsókn gegn stefnu flokksins. Í aðdraganda funda hafa auglýsingar og undirskriftarlistar birst í fjölmiðlum, en á fundunum hefur stefna flokksins ekkert breyst.

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins, hélt ræðu við setningu fundarins. Hún vék þar að Evrópumálum og sagði flokksmenn skiptast í þrjá hópa; þá sem væru andstæðir aðild en litu á það mál sem eitt af mörgum sem vega mætti og meta, þá sem vildu að VG yrði einsmálshreyfing gegn ESB og loks fylgjendur aðildar. Síðasttaldi hópurinn væri lágvær og í minnihluta.

Ef litið er til þeirra samþykkta sem stofnanir flokksins hafa gert verður ekki annað séð en að fyrsti hópurinn sé í miklum meirihluta í flokknum. Stefna hans er að vera andvígur aðild að ESB, en hagsmunir af ríkisstjórnarsamstarfinu hafa á öllum fundum verið teknir fram yfir þá andstöðu.

Jón Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, gagnrýndi Katrínu mjög fyrir þessa framsetningu. Hann hefur lengi talað fyrir því að flokkurinn breyti um kúrs í Evrópumálum. Hins vegar hefur það sjónarmið ekki notið meirihlutafylgis á fundum stofnana flokksins.

Sé horft til fundarins má ljóst vera að forystan vill beina athyglinni frá ESB og að árangri í efnahagsmálum. Mikið var lagt upp úr minna atvinnuleysi og auknum hagvexti og má þar sjá kosningaáherslur flokksins.

Heimildarmenn Fréttablaðsins eru sammála um að þetta verði einmitt taktík flokksins í kosningabaráttunni. Það sé honum ekki í hag að beina sjónum um of að ESB.


**FUNDAÐ STÍFT** Flokksráð VG samþykkti ályktun þar sem umræðu um samskipti Íslands og ESB er fagnað og hvatt til þess að hún haldi áfram.

## Samþykkt með þorra atkvæða gegn 5

Flokksráðsfundur VG samþykkti 10. maí 2009 ályktun þar sem mælt var með því að mynduð yrði ríkisstjórn með Samfylkingu „á grundvelli þeirrar samstarfsyfirlýsingar sem nú liggur fyrir“. Ályktunin var samþykkt með þorra atkvæða gegn fimm, einn sat hjá.

Í samstarfsyfirlýsingunni, sem flokksráðið samþykkti á þessum fundi, segir: „Ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem mun greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum. Utanríkisráðherra mun leggja fram á Alþingi tillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu á vorþingi.“


**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

Ísraelskur dómstóll telur að Rachel Corrie hafi sjálf átt sök á dauða sínum:

# Sögð hafa sett sig sjálf í hættu

**ÍSRAEL, AP** „Ég tel þetta hafa verið slæman dag, ekki aðeins fyrir fjölskyldu okkar heldur fyrir mannréttindi, réttarríkið og einnig fyrir Ísraelsríki,“ sagði Cindy Corrie eftir að héraðsdómur í Ísrael hafði vísað á bug kröfu hennar og eiginmanns hennar, Craig.

Þau fóru fram á táknrænar skaðabætur upp á einn Bandaríkjadal vegna láts dóttur þeirra, Rachel Corrie, sem varð undir jarðýtu ísraelska hersins þegar hún tók þátt í mótmælum gegn niðurrifi heimila Palestínumanna á Gasasvæðinu árið 2003.

Dómstóllinn sagði lát hennar hafa stafað af slysi, sem hún sjálf ætti sök á. Hún hefði sjálf komið sér í þá hættu, sem kostaði hana lífið.

Vitni að atvikinu hafa fullyrt að ýtustjórinn hafi vísvitandi ekið á Corrie. Foreldrar hennar töldu ýtustjórann hafa sýnt gáleysi og byggðu mál sitt gegn ísraelska ríkinu og ísraelska hernum á því.

Þau hafa varið 200 þúsund dölum í málflutninginn, eða jafnvirði nærri 25 milljóna króna. - gb


**SARAH, CRAIG OG CINDY CORRIE** Systir og foreldrar Rachel Corrie stuttu fyrir dómsuppkvaðningu. NORDICPHOTOS/AFP

# Nú styttist í flutning
# 30 - 50% afsláttur!



## LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT?

SÓFAR SÓFABORÐ STÓLAR SPEGLAR RAMMAR RÚM KERTI BORÐSTOFUBORÐ LUGTIR MOTTUR DÝNUR ILMKERTI DISKAR BAKKAR STYTTUR PÚÐAR VASAR KÖNNUR GLÖS KERTASTJAKAR KOMMÓÐUR SÁPUR GANGABORÐ SKENKAR LJÓS SNAGAR BÓKASKÁPAR HILLUR KARÖFLUR KÖKUDISKAR KRUKKUR SKÁLAR MATARSTELL SKEMLAR SÆNGURFÖT BOX KÖRFUR OG SVO MARGT ANNAÐ........

HEIMA
HÚSIÐ

Öndvegi mood lifum GALLERY GÓLF PARKET•FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað fer hátt hlutfall af tekjum Hörpu í fasteignagjöld?*
2. *Hverjir voru foreldrar listakonunnar Temmu Bell?*
3. *Hvað heitir forsætisráðherra Danmerkur?*

**SVÖR:**

*1. Helmingurinn. 2. Louisa Matthíasdóttir og Leland Bell. 3. Helle Thorning-Schmidt.*

Samningsafstaða birt í tveimur málaflokkum ESB-viðræðnanna:

# Áhersla á sambandið við Færeyjar

**ESB** Ísland leggur mikla áherslu á að sambandið við Færeyjar sé varðveitt þrátt fyrir að til ESB-aðildar komi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í samningsafstöðu Íslands varðandi utanríkistengsl, en samningsafstaða varðandi þann málaflokk annars vegar og um tollabandalag hins vegar var opinberuð í gær.

Í afstöðunni um utanríkistengsl er tíundað hið nána samband milli Íslands og Færeyja sem endurspeglast í Hoyvíkur-samningnum svonefnda, en það er víðtækasti fríverslunarsamningur sem Ísland hefur gert.



**VIÐ SAMNINGSBORÐIÐ** Íslensk stjórnvöld hafa kynnt afstöðu Íslands í tveimur málaflokkum til viðbótar.

Einnig eru settar fram kröfur um að sem minnst röskun verði á innflutningi á aðföngum til orkufreks iðnaðar, hráefnis til fiskvinnslu og aðfanga til fiskvinnslu og fiskeldis.

Þá er gerður fyrirvari um mikilvægi tollaverndar fyrir innlendan landbúnað, en það mun tengjast samningaviðræðum um landbúnaðarmál.

Með þessu hefur Ísland lagt fram samningsafstöðu í 24 samningsköflum, en alls eru kaflarnir 33. Viðræður eru hafnar í átján köflum og er þegar lokið í tíu.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneyti segir að búist sé við því að viðræður hefist í umræddum málaflokkum fyrir áramót. **- þj**

Hlaupið við heimskautsbaug:

# Keppt í fyrsta sinn í Grímsey

**ÍÞRÓTTIR** Fyrsta almenningshlaupið sem efnt er til í Grímsey verður ræst hinn 8. september. Hlaupið verður kallað Norðurheimskautsbaugshlaup TVG-Zimsen. Aldrei hefur verið hlaupið norðar á Íslandi.

Tvær vegalengdir verða í boði en hægt er að hlaupa annað hvort 12 kílómetra eða 24 kílómetra. Drykkjarstöðvar verða við hlaupaleiðina en ræst verður frá félagsheimilinu í eyjunni. Þátttaka í hlaupinu er ókeypis. **- bþh**


Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?
INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.
þriðjudaginn 4. september
ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.
FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
• Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
• Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
• Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst
Ný námskeið að byrja eftir sumarfrí!
Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.18:30 - 21:00
Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á inga@inga.is
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið




**LOUISIANA Í GÆRKVÖLD** Fellibylurinn Ísak nálgaðist ströndina í gærkvöldi en ekki var búist við því að hann ylli jafnmiklu tjóni og fellibylurinn Katrína sem varð hátt í tvö þúsund manns að bana fyrir sjö árum. NORDICPHOTOS/GETTY


Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:
Geymdu þessa auglýsingu
Frábært tölvunám fyrir þig
Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 43.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 26 árum. Farðu á vefsíðuna okkar eða hringdu í okkur og fáðu nánari upplýsingar um námið. Bókaðu þig sem fyrst til að tryggja þér sæti!

Bókhald og skrifstofutækni
Hagnýtt bókhald I
Hagnýtt bókhald II
Tölvu- og bókhaldsnám
Excel grunnur fyrir bókhald

Almenn tölvunámskeið
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Fyrir lengra komna
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel IIa: Framhaldsnámskeið
Excel IIb: Fjármál, bókhald og endurskoðun
Excel III: Fjölvar og forritun
Excel Pivottöflur
Excel gagnagrunnar og listar
Internetið - upplýsingalind og skemmtun
Outlook póstur, dagbók og verkefni
Outlook fyrir lengra komna
PowerPoint I: Glærugerð og - notkun
Word almenn ritvinnsla
Word II fyrir lengra komna
Vinnsla langra skjala með Word
Word: Markpóstur
Windows 7 fyrir byrjendur

Forritun og kerfisstjórnun
Grunnám í forritun
Visual C# forritun
Visual C# og ASP .NET forritun
ASP .NET forritun
Gagnagrunnsfræði
Windows 2008 R2 kerfisstjórnun

Vefur, grafík og margmiðlun
Vefsíðugerð og margmiðlun
Vefsíðugerð grunnur
DreamWeaver vefsíðugerð
DreamWeaver og Photoshop
DreamWeaver, Photoshop og Flash
Joomla vefsíðugerð
Joomla og Photoshop
HTML og CSS grunnur
Flash I: Margmiðlun
Photoshop myndvinnsla

Ljósmyndun og myndbandagerð
Áhugaljósmyndun
Stafræn ljósmyndun
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Ljósmyndavinnsla með Photoshop Elements
Ljósmyndavinnsla með Adobe Lightroom
Stafræn myndbandagerð

Almennt tölvunám
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám stutt

Tölvunám fyrir 50+
Tölvunám fyrir 50+
Tölvunám fyrir 50+ stutt

Verkefnastjórnun
Hagnýt verkefnastjórnun
Grunnur góðrar verkefnastjórnunar
PRINCE2 verkefnastjórnunaraðferðin
Microsoft Project verkefnastjórnun
Hugarkort - XMind

• 30 daga ókeypis símaþjónusta eftir námskeið
• Þú getur bætt þér upp veikindi og forföll innan árs
• Stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
• Atvinnuleitendur fá góðan afslátt
• Pakkasamningar við fyrirtæki

SELECT PEARSON VUE-Authorized Test Centre
PROMETRIC TEST CENTRE
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is www.tv.is


# Ísak herjar á Bandaríkin

**Íbúar í Louisiana og víðar í Suðurríkjum Bandaríkjanna bjuggu sig í gærkvöldi undir átök við fellibylinn Ísak. Í dag eru rétt sjö ár frá því fellibylurinn Katrína lagði heilu hverfin í New Orleans í rúst.**

**BANDARÍKIN, AP** Hitabeltisstormurinn Ísak var síðdegis í gær orðinn að fellibyl og stefndi að norðurströnd Mexíkóflóa, þar sem hann ógnaði íbúum í Louisiana og þremur öðrum ríkjum.

Veðurhamurinn hafði þá þegar kostað tugi manna lífið á Haítí og í Dóminíkanska lýðveldinu, ásamt því að gera mikinn usla á Kúbu þegar hann mjakaði sér yfir Karíbahafið.

Nákvæmlega sjö ár eru liðin í dag frá því fellibylurinn Katrína skall á Louisiana og lagði meðal annars heilu hverfin í New Orleans í rúst. Katrína kostaði hátt í tvö þúsund manns lífið og varð þar með einn af fimm mannskæðustu fellibyljum í sögu Bandaríkjanna.

> Nú er ekki tími til að storka örlögunum.
>
> **BARACK OBAMA** FORSETI BANDARÍKJANNA

Ekki var búist við að Ísak ylli nærri jafn miklu tjóni og Katarína, enda engan veginn jafn öflugur. Vindstyrkurinn í Katrínu náði allt að 78 metrum á sekúndu, en Ísak var í gær farinn að nálgast um eða yfir 40 metra á sekúndu – vindstyrk sem Íslendingum er ekki ókunnugur.

Það var einkum flóðahættan sem olli Bandaríkjamönnum áhyggjum, enda fylgdi veðrinu úrhellisrigning. Víða var unnið hörðum höndum að því að styrkja flóðvarnargarða, auk þess sem íbúum var ráðlagt að yfirgefa mestu hættusvæðin og leita skjóls í þar til ætluðum neyðarskýlum.

„Nú er ekki tími til að storka örlögunum,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í sjónvarpsávarpi í gær, þar sem hann hvatti íbúa til að fara að ráðleggingum stjórnvalda: „Þið verðið að taka þetta alvarlega.“

George W. Bush, forveri Obama í embætti, var sakaður um að hafa ekki staðið sig nógu vel árið 2005 þegar Katrína hamaðist á New Orleans. Björgunarstarf virtist illa skipulagt og uppbygging gekk hægt fyrir sig.

Félagar Bush í Repúblikanaflokknum fengu hins vegar að kenna á Ísak strax í gær, þar sem þeir sátu á landsþingi flokksins í borginni Tampa á vestanverðum Flórídaskaga.

Stytta þurfti landsþingið um einn dag, úr fjórum í þrjá, og svo virtist fréttaflutningur af fellibylnum ætla að kaffæra að stórum hluta fréttir af þinginu, sem er einn stærsti viðburðurinn í aðdraganda forsetakosninganna í nóvember, þar sem flokksfélagar hafa meðal annars formlega samþykkt að Mitt Romney verði forsetaefni þeirra gegn Obama.

Úrkoman mikla, sem fylgir Ísak, er bændum og öðrum ræktendum í suðurríkjum Bandaríkjanna hins vegar fagnaðarefni, enda hafa miklir þurrkar eyðilagt uppskeru víða þar í sumar. Hugsanlega kemur þessi úrkoma samt of seint og sumir óttast að hún verði það mikil, að hún geri hreinlega illt verra. **gudsteinn@frettabladid.is**

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

TILBOÐ

# SINDRI

IBTGCAI2802
## TOPPLYKLASETT 28 STK.
1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



TILBOÐ

**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.900

IBTGCAI9402
## TOPPLYKLA, OG BITASETT 94 STK.
1/4" og 1/2" 4 - 32 mm
Djúpir toppar, kertatoppar,
bitar og fl.
Sterk plasttaska



TILBOÐ

**16.900** m/vsk
Fullt verð 24.600

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

IBTJGAI4001
## SNITTTAPPA, OG BAKKASETT 40 STK.
Snitttappar M3 - M12
Snittbakkar M3 - M12
Gengjuteljari
Snitttappasveif
Snittbakkasveif



GOTT VERÐ

**9.900** m/vsk

IBTGCAI130B
## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.
1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.



TILBOÐ

**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

TILBOÐ

**SKRÚFSTYKKI 6"**



16.900 kr.

**TORXBITASETT**



990 kr.

**TOPPLYKLASETT**



3.900 kr.



## VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM - 7 SKÚFFUR
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás




**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490





Vnr. IBTGT-28305

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Heimilisofbeldi er ömurlegt þjóðfélagsböl:

## Þolendum og gerendum hjálpað

Fréttablaðið hefur undanfarna daga sagt fremur ömurlegar fréttir af heimilisofbeldi á Íslandi. Samkvæmt tölum frá ríkislögreglustjóra er lögreglan kölluð út tvisvar til þrisvar dag hvern vegna heimilisófriðar, alls yfir sjö þúsund sinnum undanfarin fimm ár. Í yfir fimmtán hundruð tilfellum var ofbeldi beitt. Þrír fjórðu hlutar ofbeldisfólksins voru karlar og fjórðungur konur. Áfengi og fíkniefni komu við sögu í stórum hluta tilvika.

Oft fylgja ofbeldinu grófar hótanir og eignaspjöll. Iðulega verða börn vitni að ofbeldinu. „Oft eru það börnin sjálf sem þurfa að hringja. Þetta getur verið andlegt ofbeldi, öskur og hótanir. Því miður eru þarna líka dæmi um að heimilið er rústir einar, börnin í áfalli og kannski móðir sem þarf að flytja á slysadeild," segir Ragna Björg Guðbrandsdóttir, félagsráðgjafi á Barnaverndarstofu. Hún hefur umsjón með tilraunaverkefni sem snýst um að veita börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi sálgæzlu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Heimilisofbeldi er þjóðfélagsböl og hefur verið alltof lengi. Að stórum hluta er það kynbundið ofbeldi, þar sem karlar neyta aflsmunar og yfirburðastöðu gagnvart konum. Lengi vel var litið á slíkt sem nokkurs konar einkamál, sem lögreglan eða dómskerfið ætti ekki að skipta sér of mikið af. Það viðhorf hefur sem betur fer breytzt og lagaúrræði til að stöðva ofbeldið og koma lögum yfir gerendurna hafa verið styrkt. Mikið vantar þó upp á að þolendunum sé sinnt sem skyldi og gerendunum hjálpað að finna aðrar leiðir en ofbeldi til að leysa úr ágreiningi.

Í nokkur ár hefur verið starfrækt meðferð fyrir ofbeldismenn undir heitinu Karlar til ábyrgðar. Í síðustu viku var sagt frá góðum árangri þess verkefnis; flestir karlar sem gangast undir meðferðina hætta ofbeldinu strax við upphaf hennar. Þeir vilja líka sjálfir leita sér hjálpar; hina sem réttlæta það fyrir sjálfum sér að það megi berja konur sjá sálfræðingarnir ekki, sagði Einar Gylfi Jónsson, annar umsjónarmaður meðferðarinnar, hér í blaðinu.

Þetta meðferðarúrræði hefur hins vegar frá upphafi verið fjársvelt. Það takmarkast til dæmis að mestu leyti við höfuðborgarsvæðið þótt auðvitað sé vandamálið að finna um allt land. Í ársskýrslu verkefnisins segir að nauðsynlegt sé að þróa verkefnið áfram og „auka þjónustu við landsbyggðina, auka þjónustu við nýbúa og bjóða konum sem beita ofbeldi á heimili upp á meðferð."

Tilraunaverkefni Barnaverndarstofu, sem er rekið í samstarfi við barnaverndarnefndir og lögregluna, lýkur um áramót að óbreyttu. Ragna Guðbrandsdóttir sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að reynslan af verkefninu væri hins vegar góð. Ofbeldið á heimilinu hætti þannig yfirleitt. „Það virðist vera að þegar fókusinn er settur á börnin sem verða vitni að svona átökum, og hvaða áhrif ofbeldið hefur á þau, að þá hugsi fólk sinn gang," segir hún.

Það væri auðvitað æskilegast að við gætum útrýmt heimilisofbeldinu og upprætt þau viðhorf og hugsunarhátt sem liggja að baki því. Það verður ekki gert á einum degi. Þótt verkefnin tvö sem hér voru nefnd snúi ekki sízt að afleiðingum ofbeldisins sýnir reynslan líka að þau hafa fyrirbyggjandi áhrif til framtíðar. Það á þess vegna að efla þessa þjónustu og festa hana í sessi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Heilsuréttir fjölskyldunnar

Mest selda bókin á Íslandi 2012




bokafelagid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blessaðir lýðskrumararnir

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, er ósáttur við lýðskrumara, enda skiljanlegt. Í samtali við Útvegsblaðið segir hann þá hafa gaman af því að fara á þing og blaðra um hvorki eitt né neitt. „Þetta á líka við um blaða- og fréttamenn og fleiri." Ástæða þessara orða Guðmundar er sú að honum sárnar að búið sé að rugla þjóðina með umræðu um eignarhaldið á kvótanum og fiskinum í sjónum. „Þó útgerðarfyrirtæki eigi kvóta, á það ekki fiskinn í sjónum, frekar en hvað annar."



### Bitamunur en ekki fjár

Nú er það vissulega satt og rétt hjá Guðmundi að enginn á fiskinn í sjónum, frekar en regndropa himinsins. Hann er hins vegar auðlind og ef Guðmundur fer og veiðir fiskinn getur hann selt hann á markaði. Undirritaður yrði hins vegar kærður fyrir brot á aflareglum. Einhver mundi segja að í því væri fólgið einhvers konar eignarhald.

### Eitthvað á Vestfjörðum

Ungt og framtakssamt fólk í Samfylkingunni hyggst nú stofna félag ungra jafnaðarmanna á Vestfjörðum. Flóki skal það heita og á að vinna gegn draugasögum um „hina vondu jafnaðarmenn sem vilja leggja svæðið í eyði og skilja ekkert eftir nema sumarhús," eins og segir í tilkynningu. Í ljósi þess markmiðs má segja að það sé óheppilegt að stofnfundinn á að halda í Reykjavík, kannski vegna þess að ungir jafnaðarmenn eru þar um vetur og fyrir vestan á sumrin?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## ESB og lýðræðisrétturinn

ESB-aðild



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Þorsteinn Pálsson skrifar greinar í Fréttablaðið um helgar. Greinar hans eru mjög áþekkar og jafnan þar að finna sömu stefin. Eitt slíkt stef er að VG sé tvísaga í aðildarviðræðunum við ESB; sé fylgjandi aðild innan veggja Stjórnarráðsins en andvígt utandyra. Þjóðin hafi orðið þess vitni, skrifar hann nýlega, þegar ráðherrar VG stóðu „utan veggja Stjórnarráðsins og lýstu því yfir að rétt væri að endurmeta umsókn Íslands vegna óróa í peningamálum á evrusvæðinu. Um leið ítrekuðu þeir andstöðu sína við aðild og upptöku evru. Þetta lýsti grundvallarágreiningi stjórnarflokkanna í sama máli. Annaðhvort eru ráðherrar VG að segja ósatt sitjandi innan veggja Stjórnarráðsins eða standandi utan þeirra."

Ekki er þetta nú svo. Á fundi ríkisstjórnarinnar 13. júlí sl. komu samningsmarkmið Íslands í peningamálum til umfjöllunar, svo og aftur 21. ágúst eftir þessi svikabrigslaskrif Þorsteins Pálssonar, sem af hálfu stjórnvalda gegnir trúnaðarstöðu í ESB ferlinu. Hið rétta er að þrír fyrirvarar komu fram á þessum fundum: Varðandi afnám gjaldeyrishafta; varðandi inngöngu í ERM II gjaldeyrissamstarfið og varðandi upptöku evru.

Sá sem ekki vill ganga í ESB er varla áhugasamur um upptöku evru og hélt ég að Þorsteini Pálssyni væri kunnugt um afdráttarlausa afstöðu VG í þeim efnum. VG gerði fyrirvara um málið í heild sinni og hefur frá upphafi haldið því opnu að endurskoða málið ef aðstæður breytast. Það hafa þær svo sannarlega gert.

Samfylkingin hafnaði því í aðdraganda stjórnarmyndunar að spyrja þjóðina hvort hún vildi sækja um aðild. En réttur þjóðarinnar verður ekki af henni tekinn endalaust, ekki síst þegar aðstæður breytast. Það stóð aldrei til að draga viðræður á langinn þar til ESB og sambandssinnar hér á landi finna heppilegri tímapunkt en nú er í augsýn til að ljúka málinu.

Samkvæmt skoðanakönnunum er yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga andvígur því að ganga í ESB. Það er ekkert undarlegt því Evrópa logar. Að sjálfsögðu á þjóðin rétt á því að vera spurð hvort hún vilji inn í eldhafið.

Það verður að gerast áður en þetta kjörtímabil er úti. Þá verða kaflaskil.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hæstiréttur og Mannréttindadómstóll Evrópu

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT



Róbert R. Spanó
prófessor og forseti Lagadeildar HÍ

Hinn 10. júlí sl. kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp dóma í málum tveggja íslenskra blaðamanna sem höfðu fyrir dómstólum hér á landi sætt ómerkingu ummæla og verið gert að greiða miskabætur vegna greinarskrifa í DV annars vegar og í Vikunni hins vegar. Í báðum málum taldi Mannréttindadómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um vernd tjáningarfrelsis. Eftir að dómarnir voru kveðnir upp hefur því verið haldið fram í þjóðfélagsumræðunni að á skorti að dómar íslenskra dómstóla á þessu sviði samrýmist almennt dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins.

Af þessu tilefni verður nú farið nokkrum orðum um tengsl Hæstaréttar og Mannréttindadómstólsins og leitast við að útskýra hvert gildi dómar hins síðarnefnda hafa hér á landi. Þá verða stuttlega rakin nokkur sjónarmið um það hvernig íslenskir dómstólar geta aukið líkurnar á því að samræmi sé á milli dóma þeirra og dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins.

> Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er að jafnaði atviksbundin. Það þýðir að forsendur dómstólsins eru oft nátengdar aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Það er því stundum erfitt að draga ályktanir af dómum hans um gildi þeirra í öðrum málum.

**Er hægt að áfrýja dómum Hæstaréttar til Mannréttindadómstólsins?**

Algengt er að sá, sem ósáttur er við dóm sem kveðinn hefur verið upp í Hæstarétti, orði það sem næsta skref í málinu að „dóminum verði áfrýjað til Mannréttindadómstóls Evrópu“. Þetta er ekki réttur skilningur á stöðu síðarnefnda dómstólsins að íslenskum rétti. Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll þjóðarinnar og verður dómum hans ekki áfrýjað til annars dómstóls. Dómar Hæstaréttar hafa endanleg og bindandi réttaráhrif fyrir málsaðila. Hafi maður t.d. verið dæmdur til fangelsisrefsingar í Hæstarétti getur Mannréttindadómstóllinn ekki leyst hann úr haldi. Ástand, sem komið hefur verið á með dómi Hæstaréttar Íslands, verður ekki afnumið eða því breytt með dómi Mannréttindadómstólsins.

En hvaða þýðingu hafa þá dómar Mannréttindadómstólsins hér á landi?

**Áhrif dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins**

Mannréttindasáttmáli Evrópu er samningur sem Ísland undirgekkst að þjóðarétti á árinu 1953. Samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum í íslenskri lögfræði hafði sáttmálinn ekki beint lagagildi hér á landi í rúm fjörutíu ár eða þar til hann var lögfestur á árinu 1994. Var þá hægt að bera hann fyrir sig beint fyrir íslenskum dómstólum. Ári síðar, eða á árinu 1995, var mannréttindakafla stjórnarskrárinnar breytt. Eitt af meginmarkmiðum breytinganna var að samræma þá réttindavernd sem stjórnarskráin veitir, þeirri vernd sem leiðir meðal annars af Mannréttindasáttmála Evrópu. Ýmsum ákvæðum í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar var því breytt til samræmis við samsvarandi ákvæði í Mannréttindasáttmálanum, t.d. 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Því verður ávallt við beitingu sáttmálans hér á landi að skoða hvort samsvarandi ákvæði sé að finna í stjórnarskránni. Ef svo er, kunna dómstólar að þurfa að skera úr um það hvort lagaákvæði sem Alþingi hefur sett, og talin eru skerða mannréttindi, samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Í ljósi þess að náið samspil er á milli sumra mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmálans verða íslenskir dómstólar að vera meðvitaðir um þá merkingu sem sáttmálanum hefur verið gefin á vettvangi Mannréttindadómstólsins. Að öðrum kosti getur verndin sem stjórnarskráin veitir manni samkvæmt dómi Hæstaréttar, t.d. tjáningarfrelsisvernd, orðið lakari en sú vernd sem sami maður kann að eiga rétt á leiti hann til Mannréttindadómstóls Evrópu með mál sitt. Það leiðir því af þeim skyldum sem hvíla á íslenska ríkinu, og þar með dómskerfinu, að dómstólar hér á landi þurfa að ljá dómum Mannréttindadómstólsins vægi við úrlausn mála jafnvel þótt dómar hans séu ekki bindandi. Að öðrum kosti kann íslenska ríkið að brjóta gegn ákvæðum sáttmálans og þurfa að greiða þeim, sem brotið hefur verið gegn, bætur auk málskostnaðar. Á þeim átján árum sem liðin eru frá því sáttmálinn var lögfestur hefur Hæstiréttur því réttilega leitast við að túlka stjórnarskrána og sáttmálann með hliðsjón af dómum Mannréttindadómstólsins.

**Samræmi í aðferðum við úrlausn mála**

Vægi einstakra dóma Mannréttindadómstólsins kann stundum að vera óljóst. Getur það leitt til þess að íslenskir dómstólar og Mannréttindadómstóllinn verði ósammála um niðurstöðu máls. Dómarar hér á landi geta þó í sumum tilvikum minnkað líkurnar á því að ósamræmi verði á milli innlendra dóma og dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins, eins og nú verður að lokum útskýrt.

Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er að jafnaði atviksbundin. Það þýðir að forsendur dómstólsins eru oft nátengdar aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Það er því stundum erfitt að draga ályktanir af dómum hans um gildi þeirra í öðrum málum. Dómaframkvæmdin er þó almennt samræmd að því leyti að uppbygging dómsforsendna er jafnan nokkuð kerfisbundin og tekur þá mið af framsetningu ákvæða sáttmálans. Sem dæmi má taka ákvæði 10. gr. um vernd tjáningarfrelsis sem á reyndi í máli blaðamannanna tveggja. Fyrsta spurningin sem verður að svara við beitingu þess er hvort um tjáningu sé að ræða sem njóti verndar. Ef svo er, þarf næst að svara því hvort frelsi til tjáningarinnar hafi verið skert. Hafi það verið gert þarf að leysa úr því hvort heimild að landslögum hafi staðið til skerðingarinnar. Ef það skilyrði er uppfyllt þarf að skoða hvort lögmætt markmið hafi staðið til hennar. Hafi skerðingin stefnt að lögmætu markmiði verður loks að meta hvort hún hafi verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi eða í „samræmi við lýðræðishefðir“, eins og segir í 73. gr. stjórnarskrárinnar, en framsetning hennar er með sambærilegum hætti og 10. gr. sáttmálans. Þessi kerfisbundna aðferð Mannréttindadómstóls Evrópu er ekki notuð að ástæðulausu. Dómararnir spyrja ákveðinna spurninga í ákveðinni röð og með ákveðnum hætti.

Ljóst er að mat íslenskra dómstóla á því hvort brotið hefur verið í bága við mannréttindi verður almennt að fara fram á sjálfstæðum forsendum og í samræmi við innlendar aðstæður. Með því að tileinka sér a.m.k. sambærilega aðferð við úrlausn mála, þar sem reynir á ákvæði Mannréttindasáttmálans, geta íslenskir dómstólar minnkað líkurnar á því að ósamræmi verði á milli innlendra dóma og dóma Mannréttindadómstólsins. Það er líklegra en ekki að tveir eða fleiri dómarar nálgist sama viðfangsefni með sambærilegum hætti ef sú aðferð sem þeir nota er a.m.k. samræmd. Hér má sem dæmi nefna að ein meginástæðan fyrir því að Mannréttindadómstóllinn taldi úrlausnir íslenskra dómstóla í málum blaðamannanna tveggja ekki samrýmast 10. gr. sáttmálans var sú að forsendur þeirra báru það ekki með sér að byggt hefði verið á þeirri aðferð sem lögð hefur verið til grundvallar hjá dómstólnum. Sérstaklega skorti á það að mati Mannréttindadómstólsins að rökstutt væri hvernig íslenskir dómstólar mátu það skilyrði fyrir skerðingu tjáningarfrelsis að hún væri nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi.

AF NETINU

**Hvíta efnið sem drepur**

Önnur lönd hafa reyndar þegar lagt á sykurskatta og lög um hámarksstærðir á gosflöskum…

Er ekki kominn tími til að íslensk yfirvöld bregðist við þeim alvarlega heilbrigðisvanda sem mikil ofneysla sykurs stefnir þjóðfélaginu í? Almenningur á Íslandi í dag ræður greinilega ekki frekar við þennan vanda en ýmsan annan. Ekkert fyrirbyggjanlegt og jafn alvarlegt heilbrigðisvandamál er jafn brýnt að leysa sem fyrst. Matarfíkn, sem er annað vandamál og nátengt, verður líka miklu viðráðanlegra ef sykurinn kyndir ekki stöðugt undir þá fíkn líka. Það er ekki nóg að fara í ræktina og hamast og láta sem ekkert hafi gerst, þótt öll hreyfing sé auðvitað góð og nauðsynleg. Leysa þarf vandann þar sem hann á rætur, í neysluvenjum okkar og barnanna.

http://blog.pressan.is/vilhjalmurari/

**Vilhjálmur Ari Arason**




# Verndum Hörpuna

Skipulagsmál



**Guðmundur Pálsson**
vélstjóri

Með lækkandi sól og hækkandi útgjöldum virðist enn ein illa krydduð skuldasúpa Reykjavíkurborgar vera á matseðlinum. Undanfarið hefur mikið verið rætt um Hörpuna og slæma afkomu hennar og nú er uppi á teningnum að reisa gríðarstórt hótel með tilheyrandi bílastæðakjallara.

Ef litið er fram hjá rekstri Hörpunnar og peningabruðlinu í kringum hana er hægt að segja að hún sé gríðarlega vel heppnuð. Hún er einstaklega glæsileg að sjá og fyllist ég stolti þegar ég horfi á þetta verkfræðiundur sem minnir helst á þurs sem situr í fótabaði við höfnina. Hljómflutningurinn í Eldborg er á heimsmælikvarða og segi ég oft að loks hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands flutt sig úr hesthúsi í Colosseum hið forna. Mér sárnar því þau áform að sparka eigi í þursinn okkar með því að reisa ógnarstórt ferðamannabæli við Hörpuna okkar.

Í fleiri ár hef ég hjólað meðfram Sæbrautinni, hlustað á hafgoluna og dáðst að duttlungafullum Faxaflóanum. Þessi dásemd lenti í gjöreyðingarvél stjórnmálanna þegar tilkynnt var um að reisa skyldi hótel á Hörpureitnum, Marriott í þokkabót. Ég spyr: Var Eddu-hótelunum ekki gefinn kostur á þessum reit? Enn spyr ég: Voru þetta skilyrði frá hræfuglunum í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Það stingur í stúf að þau alkunnu sannindi sem allir þekkja hafi verið hunsuð.

Hótelbyggingar eiga ekki heima í þéttbýli. Erlendir ferðamenn koma hingað til að drekka í sig íslenska náttúru en hugmyndalausum borgarfulltrúum finnst betra að bjóða upp á óheflaða drykkjumenningu og saurlífishátt. Hafa erlendir auðmenn virkilega meira að sækja til Reykjavíkur en að versla lopapeysur í Rammagerðinni?

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukist gífurlega eftir gosin og með aukinni áherslu á að markaðssetja íslenska náttúru í stað lauslátra kvenna. Því gengur mér erfiðlega að átta mig á ráðabruggi borgarstjórnar að menga höfuðstaðinn með hótelferlíki sem skemmir Hörpu. Það er umhugsunarvert að Huang Nubo veki meiri gremju hjá landanum en fyrirhugað hnefahögg á Hörpu. Verði þetta hótel reist væri best ef það væri staðsett í Hvalfirðinum og boðið yrði upp á dagsferðir til Reykjavíkur eða borginni yrði bætt við gullna hringinn. Hvalfjörðurinn er geysilega fallegur staður sem er illa nýttur eftir að göngin voru opnuð. Ef ég væri þýskur ferðamaður á leiðinni til Íslands þá þætti mér spennandi kostur að dvelja á framandi stað og hótelið bæri íslenskt nafn eins og Hótel Hvalur. Við verðum að standa vörð um gjaldeyrinn og sjá til þess að hann haldist hér á landi í stað þess að vera sendur með hraðferð til höfuðstöðva Marriott.

> Verði þetta hótel reist væri best ef það væri staðsett í Hvalfirðinum.

# Þjóðin verður að leggja línurnar

Ný stjórnarskrá



**Þorkell Helgason**
sat í stjórnlagaráði

Alþingi hefur ákveðið að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá 20. október nk. Annars vegar verða kjósendur spurðir hvort þeir vilji leggja tillögur ráðsins til grundvallar nýrri stjórnarskrá en hins vegar um afstöðu þeirra til nokkurra lykilatriða í tillögum ráðsins. Aðdragandi málsins er langur en verður ekki rakinn hér. Aðalatriðið er að nú liggur fyrir heildartillaga í frumvarpsformi um nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland og að þjóðinni gefst með atkvæðagreiðslunni einstakt tækifæri til að stuðla að því að nýr og traustur grundvöllur verði lagður að þjóðfélagi okkar.

### Um hvað verður spurt?

Eftirfarandi spurningar verða lagðar fyrir kjósendur:

1. *Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?*
2. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?*
3. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?*
4. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?*
5. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?*
6. *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?*

Þeir sem eru í einu og öllu sammála tillögum stjórnlagaráðs svara öllum spurningum með jái nema þeirri þriðju með neii. Komi í ljós skýr vilji kjósenda um að einhverjum af spurningum beri að svara með öðrum hætti, verður að ætla að þingið breyti tillögum ráðsins í samræmi við það. Í skoðanakönnun sem gerð var í lok mars sl. um spurningarnar tjáðu fjórir fimmtu hlutar kjósenda sig þó sammála ráðinu í þessum atriðum. Þó voru þeir álíka margir sem vilja þjóðkirkjuákvæðið inni og hinir sem vilja að það hverfi úr stjórnarskránni eins og ráðið leggur til.

### Málið verður kynnt

Greinarhöfundur mun fjalla um spurningarnar vikulega fram að kjördeginum hér í Fréttablaðinu. Í kjölfar þessa inngangs verða teknar fyrir þær þeirra sem í lokin fjallað um málið í heild, þ.e. meginspurninguna, þá fyrstu. Ætlunin er að upplýsa og færa rök fyrir þeim svörum sem samrýmast tillögum stjórnlagaráðs. Gagnraka verður einnig getið og þeim svarað. Höfundur sat í stjórnlagaráði og stóð að tillögum þess í heild. Málsmeðferðin tekur vitaskuld mið af því.

Um þjóðaratkvæðagreiðslur gilda sérstök lög (nr. 91/2010) en þar er m.a. mælt fyrir um að Alþingi skuli standa fyrir víðtækri kynningu á málefninu. Þess er að vænta að myndarlega verði að því verki staðið. Á okkur sem sátum í stjórnlagaráði hvílir á hinn bóginn einnig sú siðferðislega skylda að upplýsa og mæla fyrir tillögum okkar. Því eru þessir pistlar ritaðir.

Til frekari upplýsingar skal bent á vefsíðu stjórnlagaráðs, Stjornlagarad.is, þar sem bæði má sjá tillögur ráðsins í heild sinni ásamt ítarlegri greinargerð, auk þess sem rekja má umræður og atkvæðagreiðslur í ráðinu. Þá er gagnlegt að bera frumvarp ráðsins að nýrri stjórnarskrá saman við gildandi stjórnarskrá, grein fyrir grein. Slíkan samanburð er að finna á vefsíðunni thorkellhelgason.is/?p=1175. Að lokum má benda á lítið kver, Ný stjórnarskrá Íslands, með frumvarpi ráðsins í heild sem fæst við vægu verði í heldri bókabúðum.

Stjórnarskrármálinu lyktir ekki með þjóðaratkvæðagreiðslunni í haust þar sem niðurstöður hennar eru ekki bindandi fyrir Alþingi. Engu að síður er þetta mikilvægt skref sem mun þoka málinu vel áfram. Því er brýnt að allir kynni sér viðfangsefnið vandlega og taki afstöðu og mæti á kjörstað. Það er von undirritaðs að lokaniðurstaðan verði góð stjórnarskrá, þar sem öll helstu markmiðin í tillögum stjórnlagaráðs nái fram að ganga.

> Stjórnarskrármálinu lyktir ekki með þjóðaratkvæðagreiðslunni í haust.




siminn.is | *Gildir til 31. ágúst

Síminn



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. ágúst 2011 | 14. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Vistvæna prentsmiðjan!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



# ÍSLAND EITT STÆRSTA NAFNIÐ Í JARÐHITA

- **Forstjóri Reykjavík Geothermal segir frá fyrirtækinu sem er nú með starfsstöðvar í fimm löndum.**
- **Undirbýr byggingu á allt að 300 megawatta jarðvarmavirkjun í Eþíópíu og stendur að tveimur uppbyggingarverkefnum á Indlandi**
- **REI-málið var pólitískur farsi**

## Fótboltakappi opnar ísbúð með Emmessís í Belgíu

Knattspyrnukappinn Stefán Gíslason opnaði nýlega ásamt komu sinni, Hörpu Lind Harðardóttur, ísbúðina YoConcept í belgíska bænum Leuven þar sem boðið er upp á íslenskan jógúrtís frá Emmessís. „Það eru bara um þrjár vikur frá opnun, en viðtökurnar hafa verið mjög góðar,“ segir Stefán, sem gekk til liðs við OH Leuven í efstu deild í upphafi árs.

Stefán segist hafa kynnt sér ýmsa valkosti varðandi jógúrtísinn, en litist best á Emmessís og þeirra vöru. „Við stefndum að því að koma með eitthvað íslenskt hingað út. Jógúrtísinn frá Emmess er það besta sem í boði er og kúnnarnir eru ánægðir.“

Spurður hvort þessi búð sé forsmekkurinn að einhverju öðru segir Stefán aldrei að vita. „Ég hef lengi velt fyrir mér hvað tæki við eftir að ferlinum lyki. Þetta er klárlega spennandi og kannski fyrsta skrefið en við sjáum til hvernig þetta þróast.“ - þj

## Þriðjungur miða á Iceland Airwaves seldir á Íslandi

Einungis 30,4 prósent þeirra sem náðu að kaupa sér miða á Iceland Airwaves-hátíðina í ár eru Íslendingar. Fimmtungur miðakaupenda er frá Bandaríkjunum og um 12,5 prósent frá Þýskalandi. Íslenskum gestum hefur fækkað árlega samhliða því að geta hátíðarinnar til að taka við fleiri eykst. Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Gríms Atlasonar, framkvæmdastjóra Iceland Airwaves, á fundi sem MBA-nám Háskóla Íslands stóð fyrir um sérhæfingu í ferðaþjónustu í síðustu viku. Iceland Airwaves hefst 31. október næstkomandi og stendur til 4. nóvember.

Uppselt var á hátíðina í byrjun ágúst, ellefu vikum áður en hátíðin hefst. Gestir verða um 7.000 talsins og hafa aldrei verið fleiri, en seldir miðar eru um 5.000. Munurinn stafar að mestu af því að hljómsveitarmeðlimir allra þeirra 210 hljómsveita sem spila á hátíðinni fá frían aðgang á hana.

Íslenskir gestir verða þó aðeins fleiri, alls 3.200 talsins, eða um 45 prósent gesta. Þeim hefur þó farið hratt fækkandi. Árið 2010 voru þeir 4.085 og 65 prósent allra gesta. - þsj



## Fróðleiksmolinn
DataMarket

### Atvinnuleysi karla og kvenna frá aldamótum




Lengst af var atvinnuleysi á Íslandi hærra meðal kvenna en karla en við hrun íslensku bankanna snerist dæmið við. Atvinnuleysi meðal kvenna fór mest upp í 8 % en var um tíma vel yfir 10% hjá körlum.

Það er einnig forvitnilegt að frá hruni hafa sveiflur í atvinnuleysi verið mun meiri meðal karla en kvenna. Þekkt er að atvinnuleysi er almennt lægra á sumrin, en sú árstíðabundna sveifla kemur mun skýrar fram hjá körlum, eins og sjá má á myndritinu hér að ofan.

### Starfandi eftir kyni og starfshlutfalli

**Starfandi konur eftir starfshlutfalli** **Starfandi karlmenn eftir starfshlutfalli**




Konur virðast hins vegar líklegri en karlmenn til að vera í hlutastarfi. Þriðjungur starfandi kvenna var í hlutastarfi í júlí 2012 en einungis áttundi hver karlmaður.

## Dagatal viðskiptalífsins
keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 29. ágúst**
- Gögn tengd áramótastöðu íbúða og sumarhúsa
- Vísitala neysluverðs í ágúst 2012

**Fimmtudagur 30. ágúst**
- Nýskráningar og gjaldþrot í júlí 2012
- Vísitala framleiðsluverðs í júlí 2012
- Norræna Öryggisráðstefnan í Hörpu

**Föstudagur 31. ágúst**
- Vöruskipti við útlönd janúar-júlí 2012

**Mánudagur 3. september**
- Greiðslujöfnuður – hagtölur SÍ
- Erlend staða þjóðarbúsins – hagtölur SÍ
- Erlendar skuldir – hagtölur SÍ

**Þriðjudagur 4. september**
- Gjaldeyrismarkaður – hagtölur SÍ
- Krónumarkaður – hagtölur SÍ
- Raungengi – hagtölur SÍ

**Miðvikudagur 5. september**
- Fasteignamarkaðurinn eftir landshlutum
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í júlí 2012
- Vöruskipti við útlönd
- Lífeyrissjóðir – hagtölur SÍ

**Föstudagur 7. september**
- Nýjar upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands
- Landsframleiðsla 2011, endurskoðun
- Vísitala launa á 2. ársfj. 2012
- Landsframleiðsla á 2. ársf. 2012
- Efnahagur Seðlabankans – hagtölur SÍ
- Úboð ríkisbréfa

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Ikea gæti komið að hóteli við Hörpu

**Dótturfélag Ikea er í samstarfi við World Leisure Investment, sem á byggingarréttinn að hóteli við hlið Hörpu, um að byggja 100 hótel í Evrópu. Eitt þeirra gæti risið á Íslandi ef Ikea leyfir dótturfélaginu að fjárfesta hérlendis.**

**FERÐAÞJÓNUSTA**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is


**HARPA** Hótelið sem um ræðir á að rísa við hlið Hörpu. Bygging hótelsins er talin forsenda þess að ráðstefnuhluti Hörpunnar geti skilað viðunandi tekjum til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Inter Hospitality Holding, dótturfélag sænska húsgagnaframleiðandans Ikea sem staðsett er í Liecthenstein, verður mögulega á meðal eigenda hótelsins sem fyrirhugað er að rísi við hlið Hörpu, samkvæmt heimildum Markaðarins. Félagið er í samstarfi við World Leisure Investment, sem keypti byggingarréttinn á lóðinni við hlið Hörpu, um að fjárfesta í 100 hótelum víðs vegar um Evrópu. Ein þeirra borga sem koma til greina er Reykjavík.

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar, segist geta staðfest að Inter Hospitality Holding, dótturfélag Inter Ikea Holding, sé í samstarfi við World Leisure í þessu verkefni. „Ég get hins vegar ekki staðfest að þeir verði inni í verkefninu í Reykjavík," segir Pétur.

Spurður hvort Íslendingar séu á meðal eigenda World Leisure segir Pétur svo ekki vera, að minnsta kosti ekki enn sem komið er.

Sumarið 2011 var opnað fyrir tilboð í lóð undir hótel við hlið Hörpu. Þá bárust sex tilboð og var tveimur fyrirtækjum, sem áttu hæstu tilboðin, boðið í frekari viðræður. Í fyrrahaust var síðan samið við svissneska félagið World Leisure Investment, sem hafði boðið 1,8 milljarða króna í byggingarréttinn, um að byggja hótelið. Öll framkvæmdin átti síðan að kosta um átta milljarða króna.

Lítið er vitað um World Leisure annað en að það er vettvangur þar sem fjölmargir fjárfestar leggja sameiginlega fram fé til fjárfestinga í hótel- eða ferðaiðnaði. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins eru efnaðir einstaklingar frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Persaflóa á meðal þeirra sem leggja fé inn í félagið. Þeir fjárfestar sem standa að World Leisure nýta vettvanginn til að finna fjárfestingatækifæri, annast skipulag framkvæmdarinnar og til að sinna annarri þróunarvinnu. Í kjölfarið skipta þeir fjárfestingunum á milli sín og fá oft á tíðum inn aðra samstarfsaðila. Í þessu verkefni hefur samstarfsaðili World Leisure verið Marriot-hótelkeðjan.

Þrátt fyrir að tæpt ár sé liðið frá því að samið var við World Leisure hefur enn ekki verið gengið formlega frá samningum við félagið. Opinbera skýringin er sú að í raun sé búið að klára alla þá vinnu, en að undirritun samninga klárist ekki vegna ýmissa tæknilegra aðstæðna.

Heimildir Markaðarins herma að ástæða tafanna sé innkoma Inter Hospitality Holding, dótturfélags Ikea, inn í samstarfið. Í kjölfar þess að það gerðist var ráðist í að stofna nýtt félag utan um ýmsar fjárfestingar í Evrópu með nýja samstarfsaðilanum og Marriot-hótelkeðjunni, enda lýsti Ikea því yfir fyrr í ágústmánuði að það væri stefna samstæðunnar að byggja yfir 100 hótel í Evrópu á næstu árum. Alls áætlar Ikea að setja um 150 milljarða króna í þetta verkefni. Ódýrt á að vera að gista á þessum hótelum og stefnt er að því að þau verði öll miðsvæðis í helstu borgum Evrópu. Ikea ætlar ekki að reka hótelin sjálf og þau verða ekki rekin undir nafni sænska húsgagnaframleiðandans.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var það stór steinn í götu framgangs verkefnisins við hlið Hörpu að Ísland er ekki á lista yfir lönd sem Ikea heimilar félögum í sinni eigu að fjárfesta í. Vegna þessa hefur enn ekki verið ákveðið hvort Ikea taki þátt í Hörpuhótelinu.

### HÓTEL LYKILL AÐ RÁÐSTEFNUTEKJUM

**Í REKSTRARÁÆTLUN** fyrir Hörpu sem lögð var fram í febrúar 2011 voru forsvarsmenn rekstrarins afar bjartsýnir á ráðstefnuhald sem tekjuleið, þrátt fyrir að hótel væri ekki risið við hlið hússins á fyrstu árum starfsemi þess. Þar segir meðal annars að „fyrstu árin mun Harpa ekki vera með hótel, sem takmarkar möguleika hússins að vinna markaðshlutdeild þó að það séu hótel í nágrenninu. Hér verður því gert ráð fyrir að Harpa nái 45% markaðshlutdeild árið 2012 eða rúmlega 52 þúsund manns. Gert er ráð fyrir að markaðshlutdeild Hörpu aukist úr 45% í 52% á þremur árum um leið og markaðurinn stækkar vegna fjölgunar ferðamanna og þar sem ráðstefnum vegna fagfélaga fjölgar […] Reiknað er með að hótelið verði komið í notkun síðla árs 2013." Í dag er talið að hótelið muni taka til starfa á árinu 2015. Vert er að taka fram að samkvæmt áætluninni átti ráðstefnuhald að skila Hörpu 216,4 milljónum króna í tekjur á þessu ári. Í úttekt KPMG á stjórnun og rekstri Hörpu, sem gerð var nýverið, er áætlað að tekjurnar verði hins vegar 130,7 milljónir króna, eða 85,7 milljónum minna en lagt var upp með.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 03/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár. Kristín Hrönn er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**MITT ROMNEY** Forsetaframbjóðandi repúblikana.

Repúblikanar vilja breyta peningastefnu Bandaríkjanna:

## Repúblikanar skoða gullfót undir dalinn

Repúblikanaflokkurinn, annar af stóru flokkunum tveimur í Bandaríkjunum, hyggst kalla eftir því í stefnuskrá sinni fyrir forsetakosningarnar í haust að stofnuð verði nefnd til að skoða tenginguna Bandaríkjadals við gullfót.

Dalurinn var skiptanlegur í tiltekið magn gulls til ársins 1971 þótt hann hafi ekki verið á eiginlegum gullfæti síðan á 19. öld. Ekkert ríki í heiminum tengir gjaldmiðill sinn gulli í dag en gullfótur er almennt talinn skaðlegur fyrir hagvöxt og stöðugleika.

Í drögum að stefnuskrá Repúblikanaflokksins, sem verður samþykkt á landsfundi flokksins sem hófst á mánudag, er einnig kallað eftir því að þingið hafi eftirlit með peningamálastefnu bandaríska Seðlabankans. Síðustu áratugi hefur seðlabankinn verið sjálfstæður frá afskiptum stjórnmálamanna þótt forseti Bandaríkjanna skipi yfirmenn bankans sem þingið þarf jafnframt að samþykkja. - mþl

Mikil aukning í tekjum af sjónvarpsþjónustu:

## Vodafone hagnast um 206 milljónir

Vodafone hagnaðist um 206 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Hagnaðurinn jókst um 150 milljónir króna á milli ára. Hagnaður félagsins fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var tæplega 1,4 milljarðar króna sem er um fimmtungi meira en Vodafone hagnaðist um á sama tímabili í fyrra.

Heildartekjur Vodafone jukust um fimm prósent á milli ára og voru um 6,5 milljarðar króna. Aukningin var mest í sjónvarpsþjónustu þar sem hún nam 19 prósentum. Að sama skapi jókst rekstrarkostnaður um fimm prósent.

Vodafone var með 29,3 prósenta markaðshlutdeild á farsímamarkaði í fyrra. Félagið stefnir að því að verða skráð í Kauphöll Íslands á fjórða ársfjórðungi 2012. - þsj



# MP banki skoðar að sækja nýtt hlutafé á næstunni

**MP banki hagnaðist um 119 milljónir króna eftir skatta á fyrri hluta ársins. Eignir bankans hafa vaxið mjög hratt og eiginfjárgrunnur dugar ekki lengur. Forstjóri bankans segir hlutafjáraukningu líklega.**

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

MP banki stefnir að því að sækja sér aukið hlutafé á komandi vetri til að geta haldið vexti sínum áfram. Eignir bankans hafa aukist hratt og samhliða hefur eiginfjárhlutfall hans lækkað. Um mitt þetta ár var það orðið 14,3 prósent en eigið fé hans er 5,2 milljarðar króna.

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP Banka, staðfestir að hlutafjáraukning verði skoðuð. „Hlutirnir eru að ganga vel hjá bankanum og okkur er að takast mjög vel að auka viðskiptamagn. Samhliða hefur komið að því að sá eiginfjárgrunnur sem við erum með í dag fer að verða takmarkandi þáttur. Um þessar mundir er því verið að fara yfir frekari útfærslur á því að auka eiginfjárgrunn bankans til að geta haldið áfram á þessari vaxtarbraut. Á meðal þess sem verður skoðað er að sækja okkur nýtt hlutafé.“

Að sögn Sigurðar Atla myndi það gerast í vetur. Spurður hvort einvörðungu verði leitað inn í núverandi hluthafahóp eftir þeirri innspýtingu segir hann að slíkt verði skoðað með núverandi hluthöfum. „Það yrði síðan ákvörðun stjórnar og hluthafafundar ef af yrði. En við höfum ekkert skoðað það frekar varðandi aðkomu fjárfesta sem eru ekki í hluthafahópnum í dag.“

Þegar nýir hluthafar, undir forystu Skúla Mogensen, tóku yfir MP banka í fyrra var það yfirlýst markmið þeirra að skrá hann á markað innan þriggja ára. Sigurður Atli segir stjórnendur bankans enn vera að vinna samkvæmt því markmiði.

MP banki birti hálfsársuppgjör sitt í gær. Bankinn hagnaðist um 119 milljónir króna á tímabilinu, sem er verulegur viðsnúningur frá 681 milljóna króna tapi á sama tímabili í fyrra. Rekstrartölur milli ára eru þó ekki samanburðarhæfar, enda tóku nýir eigendur við bankanum í apríl í fyrra eftir að hafa keypt íslenskar og litháískar eignir gamla MP banka, og lagt nýja bankanum til 5,5 milljarða króna í nýtt hlutafé.

Alls námu eignir bankans um 71,8 milljörðum króna um mitt þetta ár og jukust um 43 prósent á milli ára. Handbært fé MP banka hefur einnig aukist mjög hratt. Í lok þriðja ársfjórðungs 2011 var það 15,8 milljarðar króna en var 28,6 milljarðar króna í lok júní síðastliðins. Á sama tíma lækkuðu eignir bankans í verðtryggðum bréfum um 7,5 milljarða króna.

Helstu skýringar á vexti bankans er að finna í því að útlán hans hafa aukist úr 7,6 milljörðum króna í 20,7 milljarða króna á einu ári. Innlán og peningamarkaðsinnlán jukust á sama tíma um 39 prósent og eru nú 51,1 milljarður króna.

Bæði þóknana- og vaxtatekjur MP banka hafa vaxið mikið milli ára. Þóknanatekjur bankans voru 72 milljónir króna um mitt síðasta ár en 623 milljónir króna í lok júní 2012. Vaxtatekjur bankans jukust úr því að vera neikvæðar um 45 milljónir króna í að vera jákvæðar um 851 milljón króna á sama tímabili.

Afskriftir bankans af útlánum voru umfram rekstraráætlanir, eða 254 milljónir króna. Í tilkynningu sem fylgdi uppgjörinu segir að þær skýrist „af sérstakri niðurfærslu vegna einnar tiltekinnar eignar sem nýir hluthafar tóku yfir frá fyrri eigendum samfara hlutafjáraukningu í fyrra. Án hennar væri afkoma bankans um 17 milljónum króna betri“.



**FORSTJÓRI** Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka, segir að sá eiginfjárgrunnur sem bankinn sé með í dag fari að verða takmarkandi þáttur í vexti hans.

### AÐRIR BANKAR BIRTA Í LOK VIKUNNAR

Stóru bankarnir þrír, Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki, munu birta hálfsársuppgjör sín í lok þessarar viku. Landsbankinn og Íslandsbanki á fimmtudag en Arion banki á föstudag. Samanlagt högnuðust þeir um 17,8 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012. Íslenska ríkið er stærsti eigandi Landsbankans og á hlut í báðum hinum. MP banki er því eini banki landsins sem er að fullu í eigu einkaaðila. Stærsti eigandi hans er Títan B ehf., eignarhaldsfélag í eigu Skúla Mogensen, með 17,3 prósenta hlut.

# Reykjanesbær selur Magma-skuldabréf fyrir 6,3 milljarða

**Andvirðið af sölu Reykjanesbæjar á Magma-skuldabréfinu fer í að greiða niður skuldir bæjarins og bæta stöðu Reykjaneshafnar. Um fimm milljarðar króna staðgreiddir.**

Reykjanesbær hefur greitt upp öll erlend lán og allar skammtímaskuldir bæjarsjóðs með sölu á svokölluðu Magma-skuldabréfi á 6,3 milljarða króna. Bréfið féll í hlut bæjarins við söluna á hlut í HS Orku til Geysis Green Energy á sínum tíma.

Kaupandi skuldabréfsins er fjárfestingasjóðurinn ORK, sem er rekinn af rekstrarfélaginu Virðingu, en margir lífeyrissjóðir eru meðal helstu eigenda og viðskiptavina Virðingar. Kaupverðið var 6,3 milljarðar, sem Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir að sé í samræmi við bókfært virði skuldabréfsins.

ORK hefur þegar greitt bæjarsjóði 3,5 milljarða króna í peningum og 500 milljónir í markaðsskuldabréfum, en eftirstöðvarnar verða gerðar upp eftir fimm ár, þegar Alterra, áður Magma, gerir bréfið upp.

Í tilkynningu frá Reykjanesbæ kemur fram að kaupverðinu verði varið til uppgreiðslu skulda. 800 milljónir fara í að greiða upp erlent lán bæjarins við þýska bankann Depfa, 870 milljónir fara í rekstur Reykjaneshafnar, sem hefur staðið höllum fæti um árabil, 700 milljónir fara í að ganga frá uppgjöri vegna endurskipulagningar á Eignarhaldsfélaginu Fasteign og 840 milljónir fara í að greiða fjármagnstekjuskatt sem var útistandandi vegna sölunnar á hlutnum í HS Orku.

Þar að auki verða greidd upp öll skammtímalán við bankastofnanir og skammtímaskuldir bæjarins.

„Þetta er mikið ánægjuefni þar sem við erum að greiða allar bankaskuldir bæjarsjóðs og útistandandi reikninga sem er mjög jákvætt,“ segir Árni í samtali við Markaðinn. Hann bætir því við að með ofangreindu og sölu á 15% hlut bæjarins í HS Veitum fyrir um 1,3 milljarða, muni bærinn lækka skuldir og skuldbindingar sínar um átta milljarða á þessu ári.

Reykjanesbær er í ábyrgðum fyrir skuldir Reykjaneshafnar sem námu um 5,7 milljörðum króna í lok síðasta árs. 557 milljóna tap varð á rekstri hafnarinnar á síðasta ári.

Við endurskipulagningu skulda hafnarinnar í fyrra skuldbatt bærinn sig til þess að ef kæmi til sölu á Magma-bréfinu myndi fjórðungur af útborgun renna til hafnarinnar í formi víkjandi láns, eins og nú verður gert.

Árni segir að engar skuldbindingar hafi hins vegar fylgt kaupunum á skuldabréfinu.

Í ársreikningi Reykjanesbæjar fyrir árið 2011 kemur fram að beinar skuldir bæjarsjóðs hafi verið 25,8 milljarðar í árslok, en heildarskuldir samstæðunnar, þar sem Reykjaneshöfn fellur undir, voru 41,2 milljarðar.

Í samantekt bæjarins frá vori 2011 eru tíundaðar seljanlegar eignir A-hluta bæjarsjóðs. Þar voru, fyrir utan Magma-bréfið og 2,5 milljarða króna innistæðu í Landsbankanum, hlutur í HS veitum, bókfærður á 6,5 milljarða, og land og auðlindir á Reykjanesi sem höfðu verið boðin ríkissjóði á 1,8 milljarða. - þj

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**RÉTTIR HEFJAST SENN**
**Fyrstu réttir haustsins verða 7. september en þá verður meðal annars réttað í Fossrétt á Síðu í Skaftafellssýslu og Auðkúlurétt við Svínavatn í A-Húnavatnssýslu. Þeir sem vilja skreppa út úr bænum og fylgjast með réttunum geta kynnt sér alla réttardaga á landinu inni á vefnum Bondi.is.**


BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
TILBOÐ
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Útsala
40-70% afsláttur
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

Hugsaðu vel um fæturna
Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „ Annapolis" Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi.
Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-
Misty skor
Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið laugard. 10-14
BIRKENSTOCK
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




**AFRÍKUHÓPUR** Hópurinn úr Kramhúsinu sem fór til Afríku. Frá vinstri er Sigríður Jónsdóttir, Magnús Jónsson, Sara Sigurðardóttir. Halldóra Torfadóttir, Ólafur Thoroddsen, Rósa Hrund Guðmundsdóttir, Jóhann Guðnason, Margrét Halldórsdóttir, Borgar Þorsteinsson, Laufey Steingrímsdóttir, Steinunn Harðardóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Margrét Birgisdóttir, Kristbjörg Kjartansdóttir, Daníel Teague og Björn Þorvaldsson.

# NÝ OG STERK UPPLIFUN Í AFRÍKUFERÐ

**GAGNTEKIN AF LANDINU** *Sigrún Steingrímsdóttir fór ásamt fimmtán manna hópi úr Kramhúsinu til Afríku í sumar og segist vart geta lýst í orðum hversu heilluð hún var af því sem fyrir augu bar í ferðinni.*

Ferðin átti sér tveggja ára aðdraganda en hópurinn lagði af stað 1. ágúst og kom heim 17. ágúst. „Konurnar í hópnum eru í leikfimi í Kramhúsinu en ein okkar, Sara Sigurðardóttir, hafði farið til Afríku og var svo snortin af öllu sem hún hafði upplifað að hún smitaði okkur hinar. Hún sagði að við yrðum að upplifa áhrifamátt Afríku," útskýrir Sigrún en makar voru velkomnir með í ferðina. „Þetta er mjög góður og samrýmdur hópur sem hefur ferðast mikið saman innanlands en einn makinn er Magnús Jónsson sem er með Íslendingasagnanámskeið. Hann hefur leitt okkur á söguslóðir um Ísland en nú var sem sagt ákveðið að halda á aðrar slóðir," segir Sigrún.

„Ég hef ferðast víða um heim, komið til Kína og Hong Kong og langaði eiginlega frekar að fara til Indlands. Ég smitaðist af hópnum og ákvað að skella mér með ásamt eiginmanni mínum, Baldvin Einarssyni. Við fengum Borgar Þorsteinsson, sem hefur verið með Afríkuferðir í fimmtán ár, til að skipuleggja ferðina eftir okkar óskum og Söru. Borgar fór með okkur í ferðina og lagði áherslu á að við myndum upplifa ævintýrið á okkar eigin forsendum. Þessi ferð er ólík öllum öðrum ferðum sem ég hef farið í," segir Sigrún uppnumin þegar hún segir frá öllu því sem fyrir augu bar.



**AÐDÁANDI AFRÍKU**
Sigrún segist aldrei hafa áður upplifað jafn sterka tilfinningu og í Afríkuferð sem hún fór í fyrr í mánuðinum.


■ FRAMHALD Á SÍÐU 2



VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 31. ágúst
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
• Þægilegur hiti góð hitadreifing
• Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
• Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
• Fljótlegt að leggja
• Ekkert brot ekkert flot
• Dreifiplötur límdar beint á gólfið
• Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
• Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
• Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

morgunþátturinn
ómar
alla virka daga kl. 7
X 97.7








Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstlúgu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstlúgu sé viðunandi.

Póstdreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir


FRAMHALD AF FORSÍÐU



**HIRÐINGJAR** Masai-hirðingjar að dansa fyrir utan heimkynni sín, moldarkofana.



**MARKAÐUR** Bananamarkaður í Moskító-ánni, rauðir, grænir og gulir bananar.



**GLAÐIR KRAKKAR** Börnin í ABC-heimilinu tóku vel á móti Íslendingunum.



**SEBRAHESTAR** Framandi dýr af öllum mögulegum stærðum og gerðum urðu á vegi hópsins á ferð hans um Afríku.



**KRYDD** Í bráðskemmtilegum kryddskoðunarleiðangri með bónda á Sansibar.

### MEÐ FORSETANUM

Hópurinn flaug frá London til Naíróbí í Kenía og Sigrún segir að þar hafi ævintýrið byrjað. „Forsetinn Kibaki var með okkur í vélinni og farþegar þurftu að bíða í tvo tíma eftir að hann skilaði sér um borð. Eftir átta tíma flug komum við til Naíróbí og þar dvöldum við í tvo daga. Við hófum ferðina eins og túristar og heimsóttum Karen Blixen-safnið sem var ákaflega skemmtilegt. Síðan var okkur boðið í mat til afrískrar vinkonu Borgars og fengum að kynnast þarlendu heimili. Borgar kynntist þessari konu á götu í Naíróbí en hún var sárafátæk. Borgar og kona hans tóku að sér dætur þessarar konu og útveguðu þeim vinnu á Íslandi. Þær keyptu síðan hús handa móður sinni fyrir launin sín og þangað var okkur boðið. Okkur langaði að sjá fátækrahverfi með eigin augum en Borgar varaði við því, það væri alltof hættulegt en við fórum samt. Þessi heimsókn var ólýsanlega áhrifamikil. Börnin voru fögur og horfðu brosandi á okkur. Það var hjartnæmt. Okkur hafði verið bent á að það mætti alls ekki taka myndir í fátækrahverfinu og við virtum það. Við heimsóttum auk þess ABC-barnaheimilið sem var afar áhrifaríkt. Heimilið þurfti að flytja í lakara húsnæði eftir efnahagshrunið á Íslandi en það eru Þórunn Helgadóttir og Sammy sem reka það. Þar var mikil gleði og börnin sungu fyrir okkur og dönsuðu,“ greinir Sigrún frá.

### LION KING

Næsta dag var haldið í safarí-ferð á vel útbúnum jeppum. „Við hossuðumst í marga tíma á vondum vegum á leið til Masai Mara þar sem við áttum að gista í tjöldum. Við höfðum séð fyrir okkur íslensk útilegutjöld en þegar komið var á staðinn voru þetta lúxustjöld á borð við fínustu einbýlishús. Þarna dvöldum við í tvo og hálfan dag, fórum í ferðir og skoðuðum öll þau undur sem urðu á vegi okkar. Ég er ekki mikið fyrir dýr en það var ógleymanlegt að sjá öll þessi framandi dýr í þessari nánd. Satt að segja var ég gagntekin. Ég hafði séð eitthvað þessu líkt í kvikmyndinni Lion King en þarna spígsporuðu þau fyrir framan mann, antilópur, gnýir, sebrahestar, ljón, blettatígrar og allt hvað þetta heitir. Landslagið var auk þess svo fagurt að maður var agndofa,“ segir Sigrún. „Við heimsóttum auðvitað Masai-hirðingjana sem búa í moldarkofum.“

### GIN Á KRÓNU

Hópurinn hélt síðan akandi til Tansaníu þar sem jepparnir hoppuðu og skoppuðu eftir vegunum. „Þeir kalla þetta afrískt nudd,“ segir Sigrún og hlær. „Leiðin lá í annan þjóðgarð, Serengeti, sem þó liggur að hluta til samhliða Masai Mara. Á leiðinni höfðum við viðdvöl í litlum afrískum bæ, Musoma, við Viktoríuvatnið. Þetta er ekki ferðamannastaður og þess vegna afar sérstakt að koma þangað. Þar fengum við ekta afrískan mat, maísgraut í morgunmat og maísbollur í kvöldmat. Við gátum keypt okkur sjöl og dúka af innfæddum og gin á barnum kostaði eina krónu.“

### HVERRAR KRÓNU VIRÐI

Sigrún segir að þótt allt hafi verið ódýrt í landinu hafi ferðin sjálf verið dýr. Hún kostaði um 700 þúsund krónur. „Við vorum búin að safna lengi fyrir þessu ævintýri,“ segir hún. „Í Serengeti dvöldum við á hóteli sem byggt var inni í kletti. Aparnir héngu á syllunum og eðlurnar skutust meðfram fótum okkar. Móskítónetið var sömuleiðis nauðsynlegt yfir rúmin okkar. Þarna voru mikil náttúruundur, meðal annars í Kilimanjaro. Loks var keyrt þvert yfir Tansaníu og yfir á austurströndina. Síðan flugum við yfir á eyjuna Sansibar en þar vorum við síðustu dagana í slökun á unaðslegri strönd.

elin@365.is

### ÁHRIFARÍKT

„Hitinn var 20-30°C sem hentaði okkur vel. Þetta var í alla staði alveg einstaklega merkilegt ferðalag sem mun aldrei gleymast. Ný sterk upplifun á hverjum degi.“

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# HEILSA

MIÐVIKUDAGUR 29. ÁGÚST 2012

**Kynningarblað**
Líkamsrækt
Starfrænar æfingar
Göngugreining
Húðvörur
Hlaup
Svefnleysi



# World Class stækkar

Í haust verður opnaður glæsilegur nýr salur hjá World Class í Kringlunni. Fjölmörg skemmtileg námskeið eru þar í boði fyrir alla aldurshópa. World Class í Ögurhvarfi stækkar einnig í haust.

### Nýr fjölnota 500 fermetra salur tekinn í notkun í haust í World Class Kringlunni

Nú í september mun verða tekinn í notkun glæsilegur 500 fermetra fjölnota salur sem í verða námskeið á borð við crossfit, herþjálfun og fitnessbox. „Salurinn verður einn sá glæsilegasti á landinu og er hrein viðbót við þann 200 fermetra crossfit-sal sem nú er fyrir í Kringlunni,“ segir Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class. Björn segir enn fremur: „Með tilkomu nýju aðstöðunnar í Kringlunni mun crossfit í Kringlunni og Egilshöll sameinast í hina nýju aðstöðu í Kringlunni.“

### World Class í Kringlunni vel staðsett og opið allan sólarhringinn

Guðmundur Hafþórsson, íþróttafræðingur og stöðvarstjóri World Class í Kringlunni, segir kúnnahópinn ört stækkandi. „Stöðin er vel staðsett, miðsvæðis og fólk er duglegt að nýta sér aðstöðuna í hádeginu eða þegar það hefur lokið vinnu.“ Guðmundur bendir einnig á að fólk nýti sér í auknum mæli sólarhringsopnun stöðvarinnar. „Fólki finnst þetta mjög þægilegt að geta æft hvenær sem því hentar og getur sem dæmi tekið æfingu klukkan 18.00 á aðfangadag ef því er að skipta,“ segir Guðmundur.



Glæsilegur nýr 500 fermetra fjölnotasalur verður tekinn í notkun í haust í World Class í Kringlunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

Fjölbreytt námskeið og hóptímar hefjast 3. september.


Fitnessbox er vinsælt námskeið.


Nýr 500m² fjölnotasalur í World Class í Kringlunni.

### Námskeið og hóptímar við allra hæfi

Guðmundur bendir á aukið úrval hóptíma í Kringlunni og nefnir þá sérstaklega hina feykivinsælu zumba- og tabatatíma. „Við í World Class byrjum með okkar hefðbundnu haustnámskeið frá 3. september og hér í Kringlunni má með sanni segja að við höfum eitthvað fyrir alla: Crossfit, 60+, mömmutíma, meðgönguleikfimi og svo nýtt námskeið sem nefnist Insanity og einkennist af þol- og kraftþjálfun.“ Nýjung í haust fyrir yngri kynslóðina er tólf vikna námskeið fyrir 13-15 ára unglinga, Unglingahreysti. Einnig er Dansstúdíó World Class alltaf vinsælt fyrir þennan aldurshóp. „Fólk ætti endilega að kynna sér frábært úrval námskeiða og skrá sig í gegnum heimasíðu World Class,“ segir Guðmundur einnig.

### Stækkun í Ögurhvarfi

Ellen Björg Jónsdóttir, stöðvarstjóri World Class í Ögurhvarfi, segir stöðina hafa stækkað til muna. „Við erum nú einnig að taka þann hluta hússins sem Hestar og menn voru áður í og kemur sá hluti til stækkunar á hóptíma- og spinningsal hjá okkur. Aukin aðsókn hefur verið í stöðina í sumar enda eru hér frábærar útivistar- og hlaupaleiðir,“ segir Ellen.

NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST FRÁ 3. SEPTEMBER

Warrior Yoga NÝTT
Mömmutímar
Unglingahreysti NÝTT
Insanity NÝTT
Súperform
Core Pilates
60+ NÝTT
CrossFit
Fit Pilates NÝTT
Peak Pilates
FitnessForm
Lífstíll 20+
FitnessBox
Herþjálfun
Meðgönguleikfimi NÝTT
Dansstúdíó World Class

SKRÁÐU ÞIG Í DAG!
www.worldclass.is

World Class ICELAND
- Heilsurækt fyrir þig -

# Starfrænar æfingar verða sífellt vinsælli

**Sportvörur selja ýmiss konar tæki og tól til líkamsræktar en hafa sérhæft sig í vörum tengdum starfrænum æfingum. Starfræn æfingatækni byggir á heildrænni þjálfun vöðva líkamans. Sportvörur eru til húsa í Sundaborg 5 en hægt er að skoða vöruúrvalið og kaupa á vefnum www.sportvorur.is.**

Verslunin Sportvörur er í eigu RJR ehf., en það er rótgróið fjölskyldufyrirtæki , stofnað 1946. Fyrst og fremst hefur fyrirtækið þjónað endurseljendum og stórnotendum með ýmsum vörum tengdum iðnaði. Fyrir einu og hálfu ári bættust íþróttavörur við starfsemina.

### Starfræn þjálfun

Eyþór Ragnarsson er framkvæmdastjóri verslunarinnar og segir hann eftirspurn mikla, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. „Við erum með alls kyns æfingavörur en sérhæfum okkur í vörum tengdum starfrænum æfingum, sem á ensku kallast „functional training". Þar eru tæki og tól notuð til að líkja eftir hreyfingum úr daglegu lífi. Í þennan flokk falla til dæmis ketilbjöllur, medicineboltar og teygjur," segir Eyþór. Starfræna æfingatæknin hefur undanfarið átt auknum vinsældum að fagna á Íslandi og á aukin menntun íþróttaþjálfara þar stóran hlut að máli.

„Það er ekki nóg að æfa bara vöðvana sem láta þig líta vel út fyrir fram spegilinn, nema jú það sé markmiðið, sem er gott og gilt. Það getur hins vegar sett strik í reikninginn ef þú ætlar til dæmis að halda á sófa eða ýta bíl. Þá eru allir vöðvar líkamans notaðir. Starfræn æfingatækni byggir á þessu."

Eyþór segir að þessi æfingatækni verði að ákveðnum lífsstíl og margir iðkendur vilji eiga viss tæki heima hjá sér einnig. „Það eru þá helst teygjur, ketilbjöllur og lyftingasett. Við erum einnig með kennsludiska fyrir ketilbjöllur, en það þarf ekki stórt svæði til að æfa með þeim." Auk þess bjóða Sportvörur upp á vörur tengdum ólympískum lyftingum og Crossfit, en Eyþór segir mikla aukningu í þeim greinum. Margir viðskiptavinir eru iðkendur hópíþrótta sem vilja auka snerpu, úthald og styrk með náttúrulegum hætti. „Það sem helst greinir okkur frá sambærilegum verslunum á þessum markaði er að við seljum ekki fæðubótarefni og hugmyndin er að auka við vöruúrvalið með heilsutengdum vörum."





### Góð þjónusta

Sportvörur byggja þjónustu sína á góðum verðum og fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. „Töluvert af framleiðslunni er framleitt undir merkinu RJR. Við náum hagkvæmninni í verðunum og lágmarks yfirbyggingu, samnýtingu innflutnings á íþróttavörum með öðrum vörum okkar og ekki síst í gegnum öflugt tengslanet bæði í Evrópu og Asíu. Þannig getum við boðið verð sem hafa ekki þekkst hér áður," segir Eyþór og bætir við að verslunin bjóði bæði vörur undir eigin merki og þekkt merki úr íþróttaheiminum.

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að uppfæra heimasíðu sína reglulega með nýjustu upplýsingum. „Við leggjum mikið upp úr vefversluninni okkar og reynum að hafa allar upplýsingar á íslensku." Að sama skapi er Facebook-síða fyrirtækisins virk og þar geta viðskiptavinir komið með fyrirspurnir og þeim er svarað um hæl.



Eyþór Ragnarsson er framkvæmdastjóri og eigandi Sportvörur.is.

MYND/VILHELM

### Stærri verslun

Um þessar mundir eru Sportvörur að stækka verslun sína í Sundaborg. „Við stefnum á að hafa eitthvert húllumhæ í september og formlega opnun á nýja rýminu," segir Eyþór og bendir áhugasömum á að fylgjast með á Facebook. Verslunin er opin alla virka daga frá kl 10 - 16:30.




# Power-pilates
# með Lovísu

Komdu og þjálfaðu liðleika, styrk og jafnvægi.

- Power-pilates æfingar á dýnu sem lengja og styrkja líkamann
- Bæta líkamsstöðu.
- Kvið-, bak- og rassvöðvar styrkjast.
- Aukin orka, styrkur og liðleiki.
- Góðar teygjur.
- Skemmtilegar, hvetjandi og krefjandi æfingar sem auka vellíðan.
- Hádegistímar í Sporthúsinu Kópavogi, fyrir bæði kynin.
- Kenni líka Fit-pilates.
- Frábærar æfingar á boltum sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa langa og fallega vöðva.



**Er flutt í Sporthúsið í Kópavogi**

Skráning á netfangið:
lovisa@heima.is
eða í síma 892-1598




Norðmenn þurfa að bíða í fimm ár til að komast í hjáveituaðgerð. Hér á landi er enginn biðlisti.

MYND/HARI

# *Margra ára bið eftir magaminnkun í Noregi*

Offita er alvarlegt heilsufarslegt vandamál um allan heim. Norðmenn fara ekki varhluta af þeim vanda frekar en aðrir og nú gangast 2500 Norðmenn undir svokallaða magaminnkun eða hjáveituaðgerð ár hvert. Biðlistar eftir slíkum aðgerðum lengjast sífellt og hafa margir þess vegna snúið sér til einkarekinna sjúkrahúsa til að komast í aðgerðina. Nú er svo komið að 40% slíkra aðgerða fara fram á einkastofum. Á norska háskólasjúkrahúsinu er biðtíminn kominn upp í 266 vikur eða fimm ár.

Nýlega kannaði norska dagblaðið VG hversu löng biðin í hjáveituaðgerð væri. Misjafnt var eftir borgum eða bæjum í Noregi hversu löng hún var en alls staðar var hún meira en eitt ár.

Norðmenn hafa komið til Íslands í þessa aðgerð en eftir því sem segir á vef Landlæknisembættisins er enginn biðlisti um þessar mundir eftir skurðaðgerð á maga vegna offitu. „Almennt hafa konur verið í meirihluta á biðlistanum. Áætlaður biðtími er nú 38 vikur en var 6,4 vikur við síðustu mælingu. Alls hafa átta slíkar aðgerðir verið framkvæmdar í ár, en árið 2011 voru þær alls 81," segir á vefnum.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, s: 512 5427, tp. elsaj@365.is.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




Hjá Atlas starfa sérfræðingar í göngu- og hlaupagreiningum og fagfólk sem sér um skógreiningu, skóráðgjöf, skósölu og sölu fylgihluta. MYND/STEFÁN

# Sérfræðingar í göngu- og hlaupagreiningu sem nota fullkominn greiningarbúnað

Göngu- og hlaupagreining er fyrir alla sem eru með einkenni frá meðal annars baki, mjöðmum eða hnjám, og vilja mögulega fljótvirka úrlausn sinna vandamála. Atlas göngugreining sérhæfir sig einnig í sölu á gæðavörum, svo sem skóm, fatnaði og hlífum.

Atlas göngugreining er staðsett í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. „Við erum hluti af afreksmiðstöð ÍSÍ þannig að margir afreksíþróttamenn og hlauparar koma í greiningu til okkar. Við höfum afskaplega reynslumikið starfsfólk í göngugreiningu og að auki erum við sérfræðingar í skóm. Ég get fullyrt að það er enginn á landinu með jafnmikla sérfræðiþekkingu á skóm og við. Við erum með svokallaðan Running Expert-stimpil frá Asics,“ segir Lýður B. Skarphéðinsson, íþróttafræðingur og sérfræðingur í göngu- og hlaupagreiningu hjá Atlas.

Göngu- og hlaupagreining er fyrir alla sem eru með einkenni frá baki, mjöðmum, nára, hnjám, framanverðum leggjum, ökklum og hælum. Einnig fyrir þá sem fá sinadrátt eða eymsli í kálfa, iljar eða tær, aflaganir á fæti svo sem aukabein og óeðlilegan vöxt beina. „Í stuttu máli sagt er greining fyrir alla þá sem eru með verki í líkamanum. Þegar fólk er til dæmis að byrja að hreyfa sig og fær einhvers konar verki í stoðkerfið er um að gera að koma. Við finnum oft einfalda lausn á vandamáli sem getur orðið stórt ef ekkert er að gert. Ef eitthvað kemur í ljós sem við ráðum ekki við að laga höfum við mjög öflugt net ýmissa sérfræðinga, svo sem bæklunarlækna, sjúkraþjálfara og annarra, sem við vísum fólki til.“

Atlas sérhæfir sig í sölu á gæðavörum og leggur metnað í góða þjónustu og býður sanngjarnt verð. Hjá Atlas sér fagfólk um skógreiningu, skóráðgjöf, skósölu og sölu fylgihluta. „Við erum með mesta úrval landsins af Asics-skóm og Ecco-hlaupaskóm. Við erum líka með létta gönguskó og sandala frá Teva. Allir skór sem við seljum eru sérvaldir inn í búðina af sérfræðingum fyrirtækisins. Við gefum engan afslátt af gæðum.“

Atlas er á ferðinni um landið með göngu- og hlaupagreiningu, kynningar og sölu á tengdum vörum. „Við höfum haldið þessari þjónustu í fimmtán ár. Við förum á 35 staði víða um land. Við reynum að fara tvisvar á ári á hvern stað og förum þrisvar til fjórum sinnum á stærstu staðina,“ segir Lýður.

## RISA ÍÞRÓTTAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLL

**Næstkomandi laugardag** og sunnudag verður Stóri íþrótta- og útivistarmarkaðurinn haldinn á ný í Laugardalshöllinni. Markaðurinn verður í gangi aðeins þessa einu helgi og því eftir miklu að slægjast. Þar má fá fullt af merkjavöru á frábæru verði og verða skór og fatnaður frá meðal annars Asics, Hummel, Casall, Teva og Reebok í boði. Íþrótta- og útivistarmarkaðurinn verður opinn báða dagana frá klukkan 10 til 18.

## *Atlas göngugreining er til húsa í Íþróttamiðstöð Íslands í Laugardalnum*

- Sérfræðingar Atlas hafa tekið yfir 30.000 Íslendinga í göngu– og hlaupagreiningu.
- Fullkominn greiningarbúnaður og alltaf það nýjasta í innleggjum, skóm og fylgihlutum.
- Sérverslun fyrir hlaupara með fagfólk í sölu og þjónustu. Í versluninni er mesta úrval landsins af Asics-skóm og -fatnaði og einnig mikið úrval af Ecco-gæðaskóm.
- Atlas göngugreining er hluti af afreksmiðstöð ÍSÍ.
- Atlas fer með göngugreiningu og sölu á skóm á yfir þrjátíu staði á landsbyggðinni.

*Við látum ekkert sem við kemur íþróttum fram hjá okkur fara*
*Getum við ekki örugglega gert eitthvað fyrir þig?*




Atlas býður upp á landsins mesta úrval af Asics-skóm og Ecco-hlaupaskóm.



## SKOKKHÓPUR ATLAS

**Atlas göngugreining** stofnar skokkhóp sem verður með aðsetur í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum. Hlaupastjórar eru Elva Björk Sveinsdóttir og Lýður B. Skarphéðinsson. Hlaupahópurinn er sérstaklega fyrir þá sem hafa aldrei hlaupið en langar að prófa, þá sem eru í yfirvigt og langar að byrja að hlaupa eða jafnvel bara að ganga í byrjun, þá sem hafa ekki fundið sig í öðrum hlaupahópum, þá sem eru með einkenni frá stoðkerfinu og þá sem vilja frábæra aðstöðu, mikla aðstoð og úrvals leiðbeinendur.

Hópurinn mun nota hlaupabrautina inni í Laugardalshöll og fallegt umhverfi Laugardalsins.

Skokkhópur Atlas verður með kynningu næstkomandi laugardag og sunnudag í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar. Þar verður hægt að fá göngu- og hlaupagreiningu hjá Elvu Björk Sveinsdóttur, íþróttafræðingi og sérfræðingi í göngugreiningu. Lýður B. Skarphéðinsson, „skódoktor“ og sérfræðingur í göngu– og hlaupagreiningu, greinir hlaupastíl og veitir ráðgjöf um breytingar ef þarf. Hægt verður að láta mæla blóðþrýsting, blóðsykur, húðfitu og blóðfitu hjá hjúkrunarfræðingi. Haddý Anna Hafsteinsdóttir íþróttafræðingur aðstoðar fólk við markmiðasetningu og einnig verður boðið upp á fyrirlestra. Þá verður tuttugu prósenta afsláttur veittur af skóm.



Börn og unglingar ættu að borða meira af ávöxtum og grænmeti en þau almennt gera. NORDIC PHOTO/GETTY

# Ekki gleyma krökkunum

**Í þeirri vakningu um heilsu, hreyfingu og mataræði sem verður á hverju hausti má ekki gleyma börnunum og unglingunum. Foreldrar þurfa að vera börnum sínum góðar fyrirmyndir í þessum efnum.**

Hreyfingarleysi og slæmt mataræði íslenskra barna hefur verið talsvert í umræðunni að undanförnu þar sem börn hafa þyngst mikið á síðustu árum. Hvað er hægt að gera til stuðla að bættri heilsu og líðan barna okkar?

Börn og unglingar þurfa bæði að fá hollan og góðan mat og nægja hreyfingu. Regla þarf að vera á máltíðum. Börn ættu að borða þrjár aðalmáltíðir og tvær til þrjár millimáltíðir á dag. Æskilegt er að þau borði mikið af ávöxtum og grænmeti og er niðurskorið grænmeti góður kostur sem millibiti.

Draga ætti sem mest úr sykurneyslu. Sykurneysla íslenskra barna er mikil og mun meiri en æskilegt getur talist út frá hollustu. Gos og sætindi ættu aðeins að vera til hátíðabrigða.

Hreyfing er ekki síður mikilvæg fyrir börnin en hollur matur. Börnum, jafnt sem fullorðnum, er ráðlagt að hreyfa sig í að minnsta kosti sextíu mínútur á dag. Mikið úrval af tómstundastarfi stendur börnum og unglingum til boða og ætti hver og einn að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hreyfing þarf þó ekki alltaf að vera í formi æfinga eða keppni. Nóg er fyrir börn að fara út að leika sér og hlaupa um. Foreldrar þurfa að vera fyrirmynd í þessum málum sem og öðrum og því upplagt fyrir alla fjölskylduna að fara saman út í

# Hreyfing er besta vörnin gegn svefnleysi

**Það er eðlilegt að svefninn breytist með hækkandi aldri. Orsakir geta verið margar en fólk getur sjálft gert ýmislegt til að fá góðan nætursvefn. Besta ráðið er að hreyfa sig í fersku lofti.**

Svefnleysi gerir það að verkum að fólk þjáist af einbeitingarskorti, þreytu og vinnuleiða. Afköstin verða þess vegna mun minni en eðlilegt getur talist. Góður svefn er afar mikilvægur, ekki hversu langan svefn fólk fær heldur hvort það sofi vel. Sumir þurfa átta tíma svefn þótt þeir séu komnir yfir miðjan aldur en aðrir eru vel hressir eftir fimm til sex tíma svefn. Í fyrra kom út bók í Noregi sem heitir Eldre og søvn eftir Anne M. Wolland, lækni og taugasérfræðing, sem vakti mikla athygli. Í bókinni kemur meðal annars fram að svefnmynstur breytist með aldrinum og að svefntruflanir dragi verulega úr lífsgæðum.



Svefntruflanir aukast með aldrinum en ýmsar ástæður geta verið fyrir þeim.

## Streita og kvíði

Andleg eða líkamleg veikindi geta valdið svefntruflunum á öllum aldri. Hjá eldra fólki er það hins vegar minnkandi framleiðsla á melatóníni sem orsakar svefnbreytingar. Fólk verður þreyttara á kvöldin og kýs að fara snemma í háttinn. Þá er reyndar meiri hætta á að svefninn raskist og að fólk vakni um miðja nótt. Svo virðist sem konur verði frekar fyrir svefntruflunum en karlar. Tilhneigingin til að vaka á nóttunni en leggja sig á daginn eykst með aldrinum en fólk sem á erfitt með svefn ætti ekki að leggja sig á daginn.

Það getur verið erfitt að greina á milli þess sem kallast eðlilegt svefnleysi vegna öldrunar eða svefnleysi sem krefst meðferðar, að sögn læknisins. Streita og kvíði geta skapað svefnleysi. Ungt fólk sem glímir við svefntruflanir á frekar á hættu að verða fyrir slíkum truflunum síðar á ævinni en aðrir.

## Lyf geta haft áhrif



Sum lyf geta valdið svefnleysi og læknar ættu að skoða þann þátt þegar sjúklingar kvarta yfir svefnleysi. Stundum þarf að breyta lyfjagjöf til að sjúklingurinn fái góðan nætursvefn. Hjarta-, lungna- og meltingarsjúkdómar geta valdið óþægindum um nætur. Tíð þvaglát trufla sömuleiðis svefninn. Enn önnur ástæða er fótaórói. Þá geta hrotur og kæfisvefn haft áhrif á svefninn. Gott er að sofa með hátt undir höfði. Sannað þykir að svefnleysi er nátengt þunglyndi.

Besta ráðið fyrir þá sem þjást af svefntruflunum er að hreyfa sig reglulega. Fólk sem er duglegt að hreyfa sig er þreyttara og sefur betur. Rannsóknir sýna að eldra fólk sem er duglegt að fara í göngutúra og hreyfa sig reglulega í dagsbirtu og fersku lofti er heilsuhraustara og sefur betur en þeir sem hanga heima. Þess vegna er öll hreyfing besta vörnin gegn andvökunóttum.

Í GOTT FORM MEÐ SÓLEYJU
hefst 7. september í Sporthúsinu – Kópavogi




Nánari upplýsingar er að finna á www.sporthusid.is – gunnhildur@sporthusid.is eða Sóley í síma 822-7772.



### BURT MEÐ KVEFIÐ
### RÁÐ TIL AÐ NÁ HEILSU Á NÝ

Nú kólnar í veðri en margir eru tregir við að kveðja sumarklæðnaðinn. Leiðinlegt er þó að byrja haustið með stíflað nef svo það er um að gera að reyna að ná sér sem fyrst ef pestin nær manni.

Það sem flestir vita en hunsa þó er að hvíld er áhrifaríkasta leiðin til að ná heilsu fljótt. Best er að sofa en ef það gengur illa má lesa eða horfa á sjónvarp undir sæng. Svo er upplagt að fara í heitt bað. Það er róandi og gufan losar um stíflur.

- Mikilvægt er að drekka nóg af vatni svo líkaminn nái að hreinsa sig. Ekki skipta vatninu út fyrir gosdrykki eða kaffi.
- Borðið auðmelta fæðu. Kjúklingasúpa er góður kostur, próteinrík en tekur ekki orku frá líkamanum við meltingu. Best er að halda sig frá skyndibita og fituríkari fæðu.
- Þvoið hendurnar oft. Þetta er alltaf gott að hafa bak við eyrað því sýklar halda gjarnan til á höndum. Nú er einnig upplagt að skipta um tannbursta og geyma hann fjarri annarra manna tannburstum.







# Mildar húðvörur fyrir alla fjölskylduna

**Ceridal-húðvörulínan** er mild og hentar bæði fólki með venjulega húð og viðkvæma. Vörurnar verja húðina fyrir kulda og þurrki og hjálpa húðinni að græða sár. Vörurnar eru mildar og henta því börnum og fullorðnum jafnvel. Ceridal er heilsusamleg húðhirðulína fyrir alla fjölskylduna, laus við öll óþarfa aukaefni. Hægt er að nálgast hana í næsta apóteki.

Ceridal er mild húðhirðulína fyrir þá sem vilja huga sérstaklega að húðinni alla daga. Afurðirnar í línunni eru lausar við ilmefni, paraben, litarefni, lanólín, fleytiefni og önnur óþörf aukaefni. Öll innihaldsefni eru sérstaklega valin þannig að Ceridal henti bæði þeim sem eru með venjulega húð og þeim sem hafa viðkvæma húð eða húðsjúkdóm. Ceridal hentar fyrir vikið vel fyrir alla fjölskylduna.

Helstu vörurnar í línunni eru fitukrem, húðolía, andlitskrem og baðolía.

### Fitukrem

Þegar haustar að, hvessir og kólnar í veðri er þurr húð algengt vandamál hjá mörgum. Þá er mikilvægt að verja húðina vel. Ceridal-fitukrem minnkar hættuna á húðskemmdum af völdum kulda því fitukremið inniheldur ekki vatn og húðin andar því eðlilega.

Kremið myndar hlífðarlag á yfirborði húðarinnar og kemst meðfram frumum í ysta lagi hennar. Fituefnin haldast lengi í húðinni og varna því að hún þorni upp, jafnvel þótt hún sé í snertingu við vatn, svo sem við handþvott eða í sundlaug.

Auk þess hjálpar fitukremið húðinni að græða sár. Ef húðin er þurr getur tekið langan tíma fyrir sár að gróa en fitukremið varðveitir raka umhverfis sárin. Kremið gagnast einnig vel á þurrar og sprungnar varir.




### Húðolía

Ef húðin er þeim mun viðkvæmari gæti Ceridal-húðolían verið betri lausn. Fljótandi fituefni henta vel á þurra og viðkvæma húð. Olían inniheldur þrjár tegundir af olíu og ekkert annað. Hún er þunnfljótandi, tær fituolía, sem ver húðina gegn þurrki og kemur í veg fyrir að hún glati eðlilegum raka sínum. Olían er í fljótandi formi og því auðvelt að dreifa henni. Húðolíunni er sprautað beint á húðina og hún hentar mjög vel á þurra staði þar sem ekki er ráðlegt að nudda of mikið. Fyrst í stað virðist húðin vera fitug en að örfáum mínútum liðnum hefur hún drukkið í sig olíuna og húðin verður mjúk. Ceridal-húðolía hentar mjög vel á sumrin á þurra fótleggi og þurra húð almennt. Líkt og við á um Ceridal-fitukrem gagnast húðolían einnig vel á sár.

### Krem og andlitskrem

Ceridal-krem og andlitskrem eru frábær vörn fyrir viðkvæma húð og hafa einnig góð áhrif á exem og ofnæmi. Kremin innihalda jurtaolíur, sem minna talsvert á olíurnar sem eru í húðinni frá náttúrunnar hendi. Vörnin sem kremin veita líkist því vörn húðarinnar sjálfrar. Geta húðarinnar til að endurnýja sig eykst þar af leiðandi og fyrr en varir verður húðin mjúk.

Ceridal-krem er fyrir daglega umhirðu líkamans. Sérstaklega gott á hendur, olnboga og hné. Andlitskremið er ætlað fyrir daglega umhirðu á andliti og hálsi.

### Baðolía

Ceridal-baðolía er mild baðolía sem gerir húðina mjúka og slétta, án þess að hún verði fitug.

Baðolían er gerð úr olíum á borð við parafínolíu og vínberjakjarnaolíu, ásamt mildum hreinsiefnum.

Ólíkt öðrum baðolíum safnast Ceridal-baðolía ekki í lag á yfirborðinu, heldur dreifist hún jafnt í baðvatninu og kemst þannig í beina snertingu við húðina. Þegar olían blandast baðvatninu verður það mjólkurhvítt að lit.

### Barnvænar vörur

**Allar vörurnar** í Ceridal-húðhirðulínunni eru algerlega lausar við ilmefni, paraben, litarefni, lanólín, fleytiefni og önnur óþörf aukaefni. Vörurnar henta því vel fyrir börn og ungbörn með viðkvæma húð. Börnum sem nota snuð er hætt við ertingu í kringum munninn, en til að koma í veg fyrir útbrot má bera þunnt lag af Ceridal-fitukremi í kringum munninn.

Ef barnið er með þurra húð er mikilvægt að bera reglulega á húðina til að forðast það að þurrkurinn breytist í exem. Oft vilja börn ekki láta bera á sig. Ceridal-húðolía getur gert þetta auðveldara þar sem þunnfljótandi olíunni er sprautað á húðina, sem dregur olíuna fljótt í sig án sviða. Olían gagnast enn fremur vel á rauðan bossa og bleyjuútbrot.

Baðolían hentar einnig vel fyrir börn því hún er mjög mild.

Ceridal-vörurnar fást í apótekum og þar er jafnframt hægt að fá ráðleggingar um val á Ceridal-vörum sem henta hverjum og einum.

## HREIN HOLLUSTA




» Lima hrísmjólk er lífræn, bragðgóð, fitusnauð, án kólesteróls, laktósa og sykurs.




Lífrænir epla- og appelsínusafar frá Healthy People eru án viðbætts sykurs.




Trönuberjasafinn frá Healthy People er án viðbætts sykurs og einstaklega bragðgóður.




Berry drykkirnir eru verðlaunavara. Hreinir og án litar- og rotvarnarefna. Án viðbætts sykurs. Ber eru full af vítamínum og andoxunarefnum. Gojiberið er oft kallað Hamingjuberið!

Arka ehf | Sundaborg 1 | 104 Reykjavík | Sími 562 6222 | info@arka.is



„Margir fara of geyst af stað og ætla sér of mikið á skömmum tíma,“ segir Gunnar Páll Jóakimsson, íþróttafræðingur og hlaupaþjálfari. MYND/GVA

# Ekki fara of geyst af stað

**Fjölmargir Íslendingar stunda hlaup. Mikilvægt er fyrir nýliða að fara rólega af stað og sýna þolinmæði. Góðir hlaupaskór skipta líka miklu máli.**

Hlaupaíþróttin er ein vinsælasta íþróttin hérlendis og hefur verið í mörg ár. Fjöldi Íslendinga stundar hlaup, ýmist einir eða í skipulögðum hlaupahópum. Það kostar ekki mikla fjármuni að stunda hlaup utan þess að fjárfesta þarf í bærilegum hlaupaskóm. Margir nýliðar fara þó of geyst af stað þegar þeir byrja að stunda hlaup og hætta jafnvel fyrir vikið. Gunnar Páll Jóakimsson, íþróttafræðingur og hlaupaþjálfari, segir mikilvægt fyrir byrjendur að meta eigin stöðu og getu í upphafi í stað þess að fara of geyst af stað. „Stundum er í góðu lagi að byrja á því að ganga ef menn eru ekki í of góðu formi. Gott er að blanda saman léttum hlaupum og göngu í upphafi í því hlutfalli sem hver og einn treystir sér til. Flestir ættu að ráða við hlaup og labb í 20-30 mínútur til að byrja með.“ Hann mælir einnig með því að sama leiðin sé farin að minnsta kosti einu sinni í viku svo hægt sé að fylgjast með framförum.

### Góðir skór skipta máli

Eitt mikilvægasta atriði sem þarf að hafa í huga er að vera í góðum skóm. „Slæmir skór geta hreinlega valdið meiðslum og því er nauðsynlegt að vera í góðum skóm. Þeir sem eru að hefja hlaup ættu líka að vera óhræddir við að leita aðstoðar hjá starfsmönnum verslana því ekki er sama hvaða skór eru valdir. Kári Steinn hleypur til dæmis í mjög léttum skóm sem henta ekki endilega byrjendum á miðjum aldri svo dæmi sé tekið.“ Hægt er að hlaupa úti nær allt árið hérlendis og þá þarf að hlaupa í viðeigandi fatnaði. Gunnar Páll hefur þjálfað hlaupahópa yfir veturinn og segir nóg að vera í léttum fatnaði sem tekur vindinn vel. Undir honum er gott að klæðast hlýjum fatnaði og hafa húfu og vettlinga.

### Hlaupahópar veita aðhald

Margir nýliðar kjósa að hlaupa með hlaupahópum. Gunnar segir það auðvitað einstaklingsbundið hvað henti hverjum og einum en slíkir hópar séu góðir til að veita stuðning og aðhald í upphafi. „Í mörgum tilfellum er aðhaldið lykillinn. Ég hef þjálfað hlaupahópa með einstaklingum sem voru alltaf að byrja og hætta en fundu sér farveg í slíkum hópum. Það eru fjölmargir hlaupahópar starfandi á höfuðborgarsvæðinu og um allt land. Flestir ættu að geta fundið hóp nálægt heimili sínu eða vinnustað. Ég hvet nýliða til að skoða vel þann möguleika að hlaupa með hlaupahópi í upphafi.“

### Algengustu mistökin

Gunnar segir algeng mistök hjá nýliðum að taka of vel á öllum æfingum þannig að allar æfingar séu erfiðar. „Margir fara of geyst af stað og ætla sér of mikið á skömmum tíma. Það þýðir lítið að vera óþolinmóður í upphafi. Það tekur oft margar vikur, jafnvel þrjá mánuði, að sjá verulegar framfarir. Þótt hlauparinn við hliðina á þér sýni meiri framfarir getur verið að hann hafi allt annan grunn en þú sjálfur. Það þýðir því ekkert að gefast upp þótt þetta sé pínulítið erfitt fyrstu vikurnar.“ Hann bendir aftur á hlaupahópa í því sambandi sem gott aðhald fyrstu vikurnar. Ef vel sé hugað að upphafinu, góðum styrktar- og teygjuæfingum og auðvitað góðum hlaupaskóm geti flestir hlaupið langt fram eftir aldri. „Ég veit um marga 70-80 ára sem hlaupa enn þá þótt þeir séu farnir að blanda annarri hreyfingu inn í, svo sem sundi, göngu, styrktaræfingum og hjólaferðum.“

# Engin aukaefni

**Arka heilsuvörur bjóða lífrænar matvörur frá Lima. Vörurnar innihalda engin aukaefni og flestar henta þeim sem eiga við laktósa- eða glútenóþol að stríða.**

Flaggskipið okkar í lífrænum drykkjum í dag er vörumerkið Lima,“ segir Þóra Dagfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Arka.

„Lima er belgískt fyrirtæki sem starfað hefur í sextíu ár en Lima var fyrst til að koma með hrísmjólk og hrískökur á markað í Evrópu. Við hjá Arka höfum boðið upp á vörur frá Lima í níu ár. Þær hafa reynst vel og hægt er að treysta gæðum þeirra fullkomlega. Við fáum mikið af fyrirspurnum frá fólki með ýmiss konar ofnæmi eða óþol en hrísmjólkin frá Lima er án laktósa og glútens, án viðbætts sykurs og án kólesteróls. Hún er því tilvalin fyrir þá sem eru með laktósa- eða glútenóþol og fyrir alla sem vilja huga að heilsunni,“ segir Þóra.

„Hrísmjólkin frá Lima er notuð alveg eins og önnur mjólk, til drykkjar, út á morgunkornið, í bakstur og í morgunþeytinga. Hún er unnin úr hýðishrísgrjónum og er ekki bara næringarrík heldur líka hvít og falleg og mjög lystug. Við seljum einnig mikið af haframjólk og sojamjólk frá Lima



Ólöf og Þóra Björg Dagfinnsdætur, eigendur Arka. MYND/GVA

og þá eru sjókorna hrískökurnar og maískökur einnig mjög vinsælar frá þeim enda lífrænar og glútenlausar.“

Vörurnar frá Arka er að finna í flestum matvöruverslunum allt land og í öllum heilsubúðum.

*Nánar á www.arka.is*



# ÁRSKORT
## Í LÍKAMSRÆKT OG SUND
## Á AÐEINS 33.990 KR.

Það gera aðeins **2.833 kr.** á mánuði. Vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur í boði

Tilboð gildir til 20. september 2012

### Nýtt! Hóptímar
### í Sundlaug Kópavogs

- Spinning
- Jóga
- Stöðvarþjálfun
- Core
- Flottar konur
- Morgunpuð
- Hádegispuð
- Morgunhressing
- Útiþjálfun

Hóptímar hefjast 17. september.
Spinning hefst 27. ágúst.

## Aðgangur að hóptímum er innfalinn í verði korts





ACTIC LÍKAMSRÆKT & SUND

Kortið gildir í líkamsrækt, hóptíma og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

**KÖNGULÓ, VÍSAÐU MÉR Á BERJAMÓ** Nú fer hver að verða síðastur að krækja sér í nýtínd ber þar sem næturfrost er farið að gera vart við sig. Hollusta berja er óumdeild enda eru þau auðug af vítamínum, steinefnum, trefjaefnum og öðrum hollustuefnum. Sérstaklega eru þau rík af C-vítamíni auk þess sem bláber geyma mikið E-vítamín í sér. C- og E-vítamín eru andoxunarefni sem hægja á hrörnun og hindra myndun skaðlegra sindurefna í líkamsfrumum okkar. Litarefnið anthocyanin sem er í bláberjum er einnig talið vera ástæðan fyrir sérstöðu þeirra hvað varðar magn andoxunarefna. Í krækiberjum er meira af járni en í bláberjum. Sé fólk að hugsa um línurnar ættu ber að vera ofarlega á matseðlinum. Í 100 grömmum af berjum eru ekki nema á bilinu 27-60 hitaeiningar, minnst í krækiberjum en mest í bláberjum. Sama magn bláberja gefur 38 mg af C-vítamíni eða um tvo þriðjunga af ráðlögðum dagskammti og fimmtung af ráðlögðum dagskammti fyrir E-vítamín. **www.lydheilsustod.is**



## HEILKORN STUÐLA AÐ JAFNVÆGI Í ÞYNGD

**Rétt fæðuval** er mikilvægara en hlutfallsleg skipting orkuefnanna – kolvetna, fitu og próteina – hvað varðar holdafar. Samkvæmt niðurstöðum úr kerfisbundnu yfirliti um mataræði og þyngdarbreytingar sem birtar voru í tímaritinu Food and Nutrition Research nýlega eru minni líkur á þyngdaraukningu eða aukningu mittismáls ef fæðuvalið einkennist af ríflegri ávaxta- og grænmetisneyslu, neyslu heilkornaafurða, fisks og mjólkur. Rífleg neysla á kjöti, fínunnum kornvörum, sætindum og orkuþéttum mat ýtti hins vegar undir þyngdaraukningu eða aukið mittismál. Sagt er frá rannsókninni á vef landlæknisembættisins en Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, er einn höfunda greinarinnar sem birtist í Food and Nutrition Research. Á síðunni er einnig að finna hlekk á greinina.

**www.landlaeknir.is**



## HEILAFÓÐUR HOLLT OG GOTT

**Nú hafa** skólar hafið göngu sína á ný og flestir námsmenn hafa metnaðarfullar áætlanir fyrir veturinn. Matur hefur ótrúlega mikil áhrif á frammistöðu í námi. Hér eru nokkur dæmi um heilnæmt heilafóður:

Ferskvatnsfiskur er uppfullur af Omega-3 fitusýrum sem er uppáhaldsmatur heilans, en þær eru líka í hnetum og hörfræjum.

Annað sem er í eftirlæti er matur sem inniheldur soja, litríkir ávextir, ber, blómkál og radísur.

Karrý kemur sterkt inn því það inniheldur túrmerik sem verndar heilann.

Kornmeti gefur heilanum orku og svo eykur súkkulaði bæði gleði og gáfur.

**Hugsum vel um heilann í haust!**




## Vinnuvélar



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Lyftarar




**Körfubílaleiga**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Bátar



Til sölu Case 695 árg. '06 keyrð 2700 tíma sími 8925855.

## Varahlutir

Bílapartasalan
Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Smápartar.is**
Smápartar er partasala sem sérhæfir sig í pörtum fyrir Subaru og Skoda,eigum orðið þó nokkuð af góðumvarahlutum í Imprezu ;97 til ;02 einig í Legasy 97 og 99.Erum einnig með Skoda Octavía 01 og til 06.Einnig kaupum við Subaru og Skoda til niðurrifs. Nánari upplýsingar í síma 5675040 eða 7785040 nú eða á WWW.smapartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**ÓDÝR ÞRIF**
fyrir heimili og fyrirtæki. Mikil reynsla og góð þjónusta. S. 898 3799

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**Hreingerningarþjónusta**
**-Gerum verðtilboð-**
Öll almenn þrif, veggjahreinsun, flutningsþrif, gólfbónun, teppa og steinteppahreinsun. S. 842 6522

## Garðyrkja

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Sælugarðar.is
→ Garðsláttur
→ Skjólveggjasmíði
→ Beðahreinsun
→ Trjáklippingar
→ Trjáfellingar
→ Þökulagnir
→ Hellulagnir
→ Sólpallasmíði
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

HreinirGarðar
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Garðsláttur
Beðahreinsun o.fl.
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
▸ Trjáklippingar
▸ Trjáfellingar
▸ Beðahreinsun
▸ Stubbatæting
▸ Garðsláttur
Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR
Viðgerðir
Skemmuvegur 34 Brún gata
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Regnbogalitir**
**Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Spádómar

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00.

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Smiður getur bætt við sig verkefnum úti sem inni, föst verð tilboð eða tímavinna. Uppl í síma. 8657026

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ískápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-17. Lau 12-15. www.ditto.is

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.




# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinaut sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Allt sem þú þarft...




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

# Tækifæri í sölu á jarðhitaþekkingu

**Reykjavik Geothermal hefur á fáum árum vaxið úr hugmynd í kollinum á Guðmundi Þóroddssyni í tæplega 30 starfsmanna fyrirtæki með starfsstöðvar í fimm löndum og veltu upp á hálfan milljarð á ári. Markaðurinn ræddi við Guðmund um fyrirtækið, jarðvarmaklasann á Íslandi og möguleika Íslendinga á að selja þekkingu á jarðhita utanlands. Þá tjáir hann sig um REI-málið svokallaða, Guðmundur stýrði REI.**

FRÉTTAVIÐTAL
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Guðmundur Þóroddsson stofnaði fyrirtækið Reykjavik Geothermal á haustmánuðum 2008 eftir að hafa látið af störfum hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í kjölfar REI-málsins svokallaða.

Fyrirtækið, sem er í eigu stjórnenda og erlendra fjárfesta, vinnur að þróun orkuvinnslu á jarðhitasvæðum víða um heim en veitir auk þess ráðgjafarþjónustu um jarðhitanýtingu. Starfsmenn fyrirtækisins eru tæplega 30 talsins en það hefur starfsstöðvar í fimm löndum; Íslandi, Bandaríkjunum, Eþíópíu, Sameinuðu arabíska furstadæmunum og Papúa Nýju-Gíneu. Þar að auki hefur það komið að jarðhitaverkefnum í Mexíkó, Tansaníu, Indlandi, Rúanda, Sádi-Arabíu og ríkjum í Karíbahafinu. Markaðurinn tók Guðmund tali og ræddi við hann um fyrirtækið og möguleika Íslendinga á því að selja þekkingu á nýtingu jarðhita erlendis.

*Reykjavik Geothermal er nú með starfsstöðvar í fimm löndum í fjórum heimsálfum. Geturðu sagt mér nánar frá umfangi starfseminnar og hvers konar verkefnum fyrirtækið hefur verið að vinna að?*

„Fyrirtækið er þróunar- og ráðgjafarfyrirtæki sem felst í því að við göngum inn í eða þróum jarðhitaverkefni og tökum einnig að okkur ráðgjafarverkefni fyrir bæði fyrirtæki og opinbera aðila. Við erum rétt að koma fyrstu verkefnunum okkar af stað en það fyrsta stóra verður vonandi í Eþíópíu þar sem undirbúningur stendur nú yfir vegna byggingar allt að 300 megawatta jarðhitavirkjunar. Við erum auk þess með tvö minni verkefni í gangi á Indlandi í samvinnu við þarlendan samstarfsaðila okkar sem nefnist Thermax. Það eru í raun fyrstu sýningarverkefnin á nýtingu jarðhita í Indlandi, annað þeirra niðri við ströndina í nágrenni Mumbai og hitt uppi í fjöllunum í Kasmír. Þá höfum við á síðustu misserum veitt mörgum stærstu fyrirtækjum heims ráðgjöf um jarðhita allt frá Papúa Nýju-Gíneu til Karíbahafsins.“

*Reykjavik Geothermal er í hópi þeirra fyrirtækja og stofnana sem standa að hinum svokallaða Íslenska jarðvarmaklasa. Klasinn byggir á þeirri hugmynd að íslensk fyrirtæki og stofnanir geti látið mikið að sér kveða í þróun á nýtingu jarðvarma á næstu árum og áratugum og selt íslenskt hugvit á heimsvísu. Það er væntanlega framtíðarsýn Reykjavik Geothermal, eða hvað?*

„Já, við sjáum mikil tækifæri í þessum geira. Jarðhiti gæti hæglega orðið einn af helstu orkugjöfum heimsins en það sem hefur staðið honum fyrir þrifum hingað til er að það er mikil upphafsáhætta fólgin í uppbyggingarverkefnum. Þá eru bestu ónýttu jarðhitasvæðin í þriðja heiminum sem gerir það að verkum að erfiðara er að nálgast áhættufjármagn. Það hefur því gengið hægt fyrir jarðhita að hasla sér völl sem raunhæfur kostur við orkuframleiðslu en nú er hægt og rólega að komast meiri gangur á þetta. Fyrir fimm árum var heildarvirkjun á jarðhita í Afríku innan við 100 megawött. Núna er sú tala komin upp í 300 til 400 megawött og stöðugt fleiri verkefni í pípunum. Sama þróun er að eiga sér stað víðast hvar annars staðar. Þá fögnum við því að þessi jarðvarmaklasi sé að myndast enda er þetta orðinn stór og sterkur iðnaður hér á Íslandi. Við höfum ráðgjafarfyrirtæki eins og okkur og verkfræðistofurnar og við höfum orkufyrirtæki sem mynda heimamarkaðinn. Þá höfum við sterkar stofnanir á borð við ÍSOR og Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna sem gefur Íslendingum sterka stöðu á heimsvísu þar sem í stjórnkerfum flestra jarðhitaríkja þróunarheimsins er að finna fyrrum nemendur úr skólanum, oft í lykilstöðum. Það má því segja að alls staðar þar sem við komum sé fyrir að finna sendiherra Íslands.“

*Hvar er ykkar keppinauta að finna?*

„Það er í rauninni í þeim löndum sem hófu nýtingu jarðhita snemma. Á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu eru sterk jarðhitafyrirtæki. Í Bandaríkjunum eru nokkur fyrirtæki, það sama gildir um Filippseyjar, Japan og Ítalíu. En það eru svo sem ekki mjög mörg fyrirtæki að gera það sama og við. Þau eru varla tíu í heiminum.“

*Það er ekki ókeypis að fara út í fjárfestingar á borð við þær sem Reykjavik Geothermal hyggst leggjast í til að mynda í Eþíópíu. Hvernig hefur gengið að fjármagna ykkar verkefni?*

„Það er alltaf barátta og við opnuðum skrifstofuna hér í október 2008 og því hefur fjármagnsumhverfið verið þröngt allt frá upphafi. Við byggðum fyrirtækið því upp samsett úr jarðhitamönnum annars vegar og bankamönnum hins vegar. Og okkur hefur tekist að sækja fjármagn, fyrst og fremst erlendis frá, og erum því hérna enn þá. Við höfum fundið góða samstarfsaðila erlendis og nú veltir skrifstofan hér á Íslandi 400 til 500 milljónum á ári þannig að við teljum okkur hafa sýnt fram á að þetta er áhugaverður fjárfestingarkostur. Og jafnframt það að Íslendingar hafa tækifæri til að byggja áfram upp þekkingu á jarðhita og selja hana á heimsvísu.“

*Hvernig má bæta stofnanaumhverfið á Íslandi til að hlúa að jarðvarmaklasanum og auðvelda honum að vaxa og dafna?*

„Í fyrsta lagi einfaldlega með því að setja meira fé inn í þennan geira. Þá held ég að það hái stofnun eins og til að mynda ÍSOR [Íslenskar orkurannsóknir] verulega að vera ríkisfyrirtæki. Ég held að það ætti að einkavæða hana svo að hún sé ekki bundin þeim takmörkunum sem felast í því að vera í opinberri eigu. Þá mætti hið opinbera koma sterkara inn með einhvers konar styrki og sömuleiðis hjálpa til við að koma saman íslenskum fyrirtækjum og alþjóðastofnunum. Það mætti að lokum samþætta starf þróunarhjálparinnar betur við starf fyrirtækjanna. Það getur gagnast bæði fyrirtækjunum en ekki síður þróunarhjálpinni. Nýting jarðvarmaorku getur skipt heilmiklu máli í þróunarríkjum. Það er skelfilegt þegar maður kemur í vanþróuð lönd og sér að þau eru að eyða gríðarlegum fjármunum í dísilstöðvar sem liggja kannski ofan á hverum. Dísilstöðvar þarfnast lítillar upphafsfjárfestingar en eru mjög dýrar í rekstri, öfugt við jarðhitann. Ég held að Íslendingar ættu klárlega að einbeita sér að jarðhitaþróun í sinni þróunaraðstoð en utanríkisráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun hafa svo sem verið að færa sig í þá átt.“

*Íslendingar hafa hagnýtt jarðhita í ríflega hundrað ár, fyrst í gegnum hitaveitu en á síðustu áratugum einnig til raforkuframleiðslu. Það er hins vegar ekki fyrr en á síðustu árum sem íslenskir aðilar hafa af alvöru hafið viðskiptaútrás með þá þekkingu sem hér hefur orðið til á jarðhita. Hvað hefur breyst á síðustu árum sem hefur gert þetta kleift?*

„Íslendingar hafa rekið þekkingarútrás á þessu sviði í meira en aldarfjórðung. Í Jarðhitaskólanum sem við höfum þegar rætt, í stofnun sem ríkið rak og hét Orkint, í félaginu Virkir sem verkfræðistofurnar og Hitaveita Reykjavíkur voru með, en svo sameinuðust Orkint og Virkir reyndar. Þannig að Íslendingar hafa verið að reyna þetta í nokkurn tíma. Það sem hefur breyst er í fyrsta lagi það að menn hafa svolítið skipt um áherslur og eru nú tilbúnir til þess að fjárfesta í uppbyggingarverkefnum. Það hjálpar því að Íslendingar voru alltaf að keppa á markaði þar sem keppinautarnir gátu sett sín verkefni fram sem þróunaraðstoð. Það hefur líka breyst hvað Ísland er orðið þekkt í þessum heimi. Jarðhitaskólinn hefur kynnt okkur víða, vetnisnotkunin hér hefur vakið mjög mikla athygli á jarðhitanum. Forsetinn hefur verið ódrepandi í því að kynna þetta um allan heim. Stjórnvöld hafa einnig haldið þessu á lofti og þá má ekki gleyma Bláa lóninu. Allt þetta hefur gert það að verkum að Ísland er orðið eitt allra stærsta nafnið í jarðhita í heiminum. Loks er jarðhitinn sjálfur orðinn mun þekktari. Það má því eiginlega segja að dropinn hafi holað steininn sem sé að skila sér núna. Þá má að síðustu nefna að Íslendingar eru orðnir mun alþjóðavæddari og minna hræddir við að hasla sér völl erlendis. Okkar fyrirtæki er reyndar sérstakt að því leyti að við erum einungis í verkefnum erlendis en verkfræðistofurnar vinna að íslenskum verkefnum og eru einnig að koma sér upp skrifstofum erlendis. Þessi útflutningur á íslenskri jarðhitaþekkingu er því að verða töluverður iðnaður.“



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON** Guðmundur hefur starfað í tengslum við jarðhita í um þrjátíu ár. Áður en hann stofnaði Reykjavik Geothermal gegndi hann starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur í næstum áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## REI-MÁLIÐ PÓLITÍSKUR FARSI



Guðmundur Þóroddsson gegndi starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í næstum áratug áður en hann stofnaði Reykjavik Geothermal. Hann tók sér svo leyfi frá starfi forstjóra OR til að einbeita sér að rekstri orkufyrirtækisins Reykjavik Energy Invest (REI). Það var að mestu í eigu OR en REI átti að standa í starfsemi svipaðri þeirri sem Reykjavik Geothermal stundar nú. Fyrirtækið varð á skömmum tíma haustið 2007 eitt umdeildasta fyrirtæki síðari tíma á Íslandi og féll borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna meðal annars vegna deilna um fyrirtækið. En hvernig skyldi REI-málið líta við Guðmundi, nú fimm árum síðar?

„REI-málið var náttúrulega fyrst og fremst pólitískur farsi og í mínum huga meira birtingarmynd pólitísks valdatafls í borginni fremur en að það hafi haft eitthvað með REI sem fyrirtæki að gera. Eftir á að hyggja kom hins vegar kannski í ljós í REI-málinu að það getur verið erfitt fyrir opinber félög að starfa við uppbyggingu erlendis, sérstaklega eins og andinn hefur verið á Íslandi. Íslenska leiðin hefur verið sú að opinberir aðilar komi ekki nálægt slíkri starfsemi en það hefur verið öðruvísi í Skandinavíu þar sem mörg umsvifamikil fyrirtæki eru að miklu leyti eða að hluta til í eigu ríkisins. Íslenska leiðin hefur verið að vera með mjög pólitískar stjórnir yfir opinberum fyrirtækjum sem hefur ekki tíðkast í þessum löndum en það hefur gert rekstur slíkra fyrirtækja á Íslandi mjög erfiðan.“

# Kenna á erfiðu samtölin

**Nemendum í PMD-stjórnendanámi við Opna háskóla Háskólans í Reykjavík verður í ár gefinn kostur á kennslu í því hvernig bregðast eigi við áföllum á vinnustöðum og hvernig taka skuli á vanda einstakra starfsmanna.**

MENNTAMÁL

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Boðið verður upp á þá nýjung í PMD-stjórnendanáminu í Opna háskóla Háskólans í Reykjavík (HR) að nemendum verður gefinn kostur á kennslu í því að eiga erfið samtöl á vinnustöðum. Með því er átt við samtöl um frammistöðu- eða mætingarvanda starfsmanna, áfengis- og vímuefnaneyslu þeirra eða þá uppsagnarsamtöl, svo eitthvað sé nefnt. Þá verður fjallað um hvernig takast eigi á við áföll á vinnustöðum. Lítið framboð hefur verið hingað til á Íslandi á leiðbeiningum um hvernig stjórnandi eigi að bera sig að í slíkum aðstæðum.

„Mín reynsla er sú að mál sem þessi séu í hópi erfiðustu úrlausnarefna stjórnenda. Það gildir ekki síst í litlum samfélögum þar sem samstarfsfólk hittist reglulega, jafnvel utan vinnu,“ segir Inga Björg Hjaltadóttir, héraðsdómslögmaður og stundakennari við HR.

„Það er hins vegar mikilvægt að stjórnendur viti hvernig þeir eiga að haga sér í svona aðstæðum. Það koma upp vandamál á öllum vinnustöðum en það að auki er mikilvægt að starfsmenn viti hvað þeir eru að gera vel og hvað þurfi að laga. Mín reynsla er sú að íslenskir stjórnendur eigi oft erfitt með þessa eftirgjöf enda virðist það ekki henta Íslendingum eðlislægt að vera mjög beinir í samskiptum um erfið mál,“ segir Inga.



**INGA BJÖRG HJALTADÓTTIR** Héraðsdómslögmaður og stundakennari við HR.

Aðspurð um þumalputtareglur sem komið geta að gagni í erfiðum samtölum svarar Inga: „Það fer svolítið eftir því í hvers konar samtal er verið að fara. Það sem er kannski sameiginlegt með þeim öllum er þó að stjórnandinn á ekki að huga mikið að eigin persónu í samtölunum heldur einbeita sér fremur að nákvæmlega því sem þarf að ræða. Algeng mistök eru til dæmis að stjórnandinn leggi mikla áherslu á það hvað honum finnist leiðinlegt að þurfa að eiga samtalið. Það getur virkað illa á starfsmanninn því sennilega finnst engum jafn leiðinlegt að samtalið sé að eiga sér stað og honum.“

Þá segir Inga jafnframt mikilvægt að stjórnandinn gefi skýrt til kynna að verið sé að ræða tiltekna hegðun, tiltekið atvik eða tilteknar aðstæður og varist að draga víðtækar ályktanir. Stjórnandinn þurfi auk þess að vera vel undirbúinn og nákvæmur í orðavali.

„Það dugar hins vegar oft ekki að benda bara á vandann eða leiðrétta eitthvað einfalt heldur þarf oft breytingar. Þá skiptir máli að ná fram vilja fyrir lausn frá starfsmanninum sem krefst ákveðinnar lagni. Við reynum því að leiðbeina um hvernig best megi stuðla að því en fjöllum líka um hvernig bregðast eigi við ef hlutirnir lagast ekki í kjölfarið,“ segir Inga.

Að lokum segir Inga uppsagnarsamtöl oft vera þau samtöl sem reynist stjórnendum hvað erfiðust. „Leiðarljósið í slíkum samtölum er í raun mannvirðing og að stjórnandinn sýni ákveðna auðmýkt þegar hann fer inn í samtalið. Markmiðið á að vera að í kjölfar samtalsins finnist hvorki stjórnandanum né starfsmanninum óþægilegt að hitta hinn úti á götu eða úti í búð,“ segir Inga.

MD-stjórnendanámið er eins árs nám í Opna háskólanum, endurmenntunarskóla HR. Það er ætlað fyrir þá sem vilja auka samkeppnishæfni sína í atvinnulífinu og er hægt að stunda meðfram vinnu.

Hlutafjárframlag FISK Seafood til Olís nemur einum milljarði króna:

# Kaupfélag malar áfram gull

Tæplega 2,5 milljarða króna hagnaður var af rekstri Kaupfélags Skagfirðinga (KS) og dótturfélaga þess á árinu 2011. Samtals hefur félagið hagnast um sjö milljarða króna á síðustu þremur árum. Þetta kemur fram í ársreikningi KS sem skilað var inn til ársreikningaskrár fyrr í þessum mánuði.

Eiginfjárstaða KS er gríðarlega góð, en eigið fé þess er 17,8 milljarðar króna. Það af nemur handbært fé um 5,3 milljörðum króna. Skuldir KS lækkuðu í fyrra um 1,2 milljarða króna og stóðu í 11,6 milljörðum króna um síðustu áramót. Eignir félagsins voru metnar á 29,4 milljarða króna á sama tíma. Dótturfélög KS reka útgerð og fiskvinnslu á Sauðárkróki, Skagaströnd og í Grundarfirði. Auk þess reka þau eignarhalds- og vöruflutningastarfsemi og fóður- og áburðarsölu.

Eitt dótturfélaganna, FISK Seafood, komst í fréttir fyrr á þessu ári þegar það ákvað, ásamt útgerðarrisanum Samherja, að leggja Olís til nýtt hlutafé. Fréttablaðið greindi frá því í apríl síðastliðnum að hlutafé í Olís hefði verið lækkað um 75 prósent í febrúar 2012 en síðan hækkað samstundis aftur um sama magn. Í fréttinni var haft eftir Einari Benediktssyni, forstjóra Olís, að hið nýja hlutafé, sem FISK Seafood og Samherji greiddu inn að mestu, yrði ekki greitt fyrr en Samkeppniseftirlitið hefði lagt blessun sína yfir aðkomu hinna nýju hluthafa. Sú ákvörðun liggur enn ekki fyrir en forsvarsmenn Olís bjuggust upphaflega við henni um miðbik júní síðastliðins.

Í ársreikningi KS-samstæðunnar kemur fram að bundnar bankainnstæður hennar nemi einum milljarði króna og að þær séu „innstæður inni á vörslureikningi í Landsbankanum vegna skuldbindingar FISK Seafood hf. vegna fyrirhugaðrar hlutafjárkaupa í Olís hf.“.

Kaupfélagsstjóri KS er Þórólfur Gíslason. - þsj




Tölur frá Seðlabankanum:

## Erlend verðbréfaeign jókst mikið

Erlend verðbréfaeign innlendra aðila nam 922 milljörðum króna í lok síðasta árs. Hún jókst um 125,5 milljarða króna frá árinu á undan. Þá jókst eign í skuldaskjölum um 117,2 milljarða króna á milli ára og nam 349,6 milljörðum í árslok 2011. Aukninguna má að mestu leyti rekja til fjárfestingar innlánsstofnana í slitameðferð. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýju yfirliti Seðlabankans um erlenda verðbréfaeign innlendra aðila. Lífeyrissjóðir eru enn stærstu fjárfestarnir þrátt fyrir mikinn vöxt í erlendum eignum innlánsstofnana og banka í slitameðferð. Bandaríkjadalur er stærsti útgáfugjaldmiðill erlendrar verðbréfaeignar. - mþl

OR hagnaðist um 3 milljarða:

## Viðsnúningur í afkomu OR

Orkuveita Reykjavíkur (OR) hagnaðist um ríflega þrjá milljarða króna á öðrum ársfjórðungi. Til samanburðar tapaði fyrirtækið rúmum sex milljörðum króna á sama tímabili í fyrra. OR skilaði þó samanlagt rúmlega 900 milljóna tapi á fyrri helmingi ársins.



**BJARNI BJARNASON FORSTJÓRI OR.**

Tap á tímabilinu má rekja til veikingar krónunnar og lækkunar álverðs á fyrri helmingi ársins. Þannig voru reiknuð áhrif þessara og annarra óinnleystra fjármagnsliða á heildarafkomuna neikvæð um 8,5 milljarða á tímabilinu.

„Uppstokkunin í rekstri Orkuveitunnar hefur nú skilað sér í góðri afkomu eins og að var stefnt með Planinu,“ sagði Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, í fréttatilkynningu um árshlutauppgjörið en rekstrarhagnaður á fyrri helmingi ársins jókst verulega. - mþl

Uppgjör Landsvirkjunar:

## Viðunandi hagnaður

Landsvirkjun hagnaðist um 8,5 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir ríflega 1 milljarði íslenskra króna, á fyrri helmingi ársins. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði var hins vegar 46,9 milljónir dala, eða sem nemur 5,7 milljörðum króna. Til samanburðar var hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði 50,5 milljónir dala á sama tímabili í fyrra.



**HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR.**

„Rekstur Landsvirkjunar á fyrri hluta ársins hefur gengið vel, skrifað var undir raforkusamninga við tvo nýja viðskiptavini, raforkuvinnslan gekk vel og framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun eru að mestu leyti á áætlun,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, og bætir við: „Afkoma fyrri hluta ársins er vel viðunandi í ljósi efnahagsástands í heiminum.“ - mþl




# Haustráðstefna atvinnulífsins

**Haustráðstefna Advania verður haldin föstudaginn 7. september á Hilton-hótelinu í Reykjavík. Ráðstefnan er einstakt stefnumót upplýsingatækni og atvinnulífs með 3 lykilræðum og 40 gagnlegum fyrirlestrum um stefnur og strauma.**

## Dagskrá og skráning

Kíktu á vefinn og skoðaðu dagskrána. Skráning er hafin á **advania.is/haustradstefna**

## #haust2012

Fylgstu með og taktu þátt í umræðunni á Twitter

### Newsweek, LSH og Fjarðaál

Lykilræður ráðstefnunnar verða þrjár.

**Dan Lyons**, tækniritstjóri Newsweek, fjallar um byltingu snjallsíma og samfélagsmiðla og áhrif hennar á atvinnulífið.

**Björn Zoëga**, forstjóra Landspítala-Háskólasjúkrahúss, segir frá nýja spítalanum í Vatnsmýrinni; þessu tækniundri sem verður að mörgu leyti hjarta þekkingariðnaðar í landinu.

**Janne Sigurðsson**, forstjóri Fjarðaáls, greinir frá því hvernig álverið á Reyðarfirði beitir upplýsingatækni á markvissan hátt til að skapa þekkingarver í fremstu röð.

### Áfram Ísland!

Ráðstefnan stendur yfir frá morgni til kvölds þegar blásið verður til veglegs lokahófs með landsþekktum listamönnum og skemmtikröftum. Að því loknu býður Advania ráðstefnugestum á **landsleik Íslands og Noregs** í undankeppni HM í fótbolta.

Ráðstefnugjald er 31.400 kr. og eru veitingar yfir daginn innifaldar.

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

BANKAHÓLFIÐ



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

# Hlutlausan dómara á pólitíska völlinn

Fyrir sjö eða átta árum kolféll ég fyrir sjónvarpsþáttunum The West Wing. Frábært sjónvarp en þættirnir kveiktu auk þess hjá mér áhuga á bandarískum stjórnmálum sem hefur ekki slokknað síðan. Fyrir þá sem hafa þetta áhugamál er gósentíð þessa dagana því kosningabaráttan fyrir bandarísku forsetakosningarnar í nóvember er í algleymingi.

**Dómari á vellinum**

Eins og gefur að skilja eru efnahagsmál ofarlega á baugi og frambjóðendurnir tveir, Obama forseti og áskorandinn Romney, keppast nú við að kynna hugmyndir að lausnum við vandamálum bandarísku þjóðarinnar. Þar að auki hafa flokkar þeirra kynnt ýmis stefnumál á síðustu misserum í formi frumvarpa sem lögð hafa verið fyrir þingið. Í fréttaflutningi af téðum stefnumálum og frumvörpum ber ríkisstofnun eina, Congressional Budget Office (CBO), iðulega á góma. Hlutverk hennar er að gefa út hagspár og skýrslur um efnahagsmál en auk þess greinir stofnunin frumvörp og hugmyndir stjórnmálaflokka með tilliti til væntra áhrifa þeirra á ýmsar hagstærðir, svo sem hagvöxt, atvinnuleysi, verðbólgu, tekjujöfnuð, ríkisfjármálin og svo framvegis. Leiði greining CBO í ljós að líklega muni viðkomandi frumvarp ekki hafa tilætluð áhrif eða mögulega óvænt skaðleg áhrif hefur það pólitískar afleiðingar fyrir viðkomandi stjórnmálamenn því stofnunin er ópólitísk og nýtur virðingar.

**Gagnlegt fyrir kjósendur**

Upplýsingar eins og þær sem stofnunin veitir geta verið mjög nytsamlegar fyrir kjósendur. Ég ætla auðvitað ekki að halda því fram að margt fólk úti í bæ liggi yfir skýrslum frá CBO áður en það gerir upp á milli stjórnmálaflokka. Hins vegar móta þær svo um munar alla stjórnmálaumræðu. Þannig leyfa ábyrgir fjölmiðlar frambjóðendum vitaskuld ekki að komast upp með fullyrðingar sem engin innistæða er fyrir. Það verður því skaðlegt fyrir flokka og frambjóðendur að kynna óábyrgar hugmyndir sem fyrir vikið letur þá frá yfirboðs- og slagorðapólitík. Í vor verða þingkosningar á Íslandi. Í hinum besta heimi allra heima myndu allir stjórnmálaflokkarnir heita því að ríkisreksturinn verði áfram í járnum næstu árin svo hefja megi niðurgreiðslu skulda ríkisins. Miðað við málflutning margra núverandi þingmanna, en þó ekki allra, undanfarið má hins vegar vel ímynda sér baráttu keyrða áfram á kosningaloforðum um lægri skatta, hærri ríkisútgjöld en samt minni skuldasöfnun fyrir óskilgreint kraftaverk. Í slíkum aðstæðum gæti verið ágætt að hafa hlutlausan dómara á borð við CBO inni á vellinum. Kannski fyrir kosningarnar 2017 þegar ástand ríkisfjármálanna verður vonandi orðið betra.





Fjölnota LITA prentari með netkorti




LITAPRENTARI, SKANNER og FAX
Prenthraði: 16 bl./mín. svörtu og 4 bl/lit
Upplausn: 2400x600dpi

SKANNI OG LJÓSRITUN:
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
FAX: Minni 2MB, 160 síður
Skannar skjöl og vistar beint á minniskubb í JPEG eða PDF sniði.

Pappírsbakki inn/út: 130/80 blöð
Minni: 256 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux. Pcl5, Pcl6
Tenging: 100mbps LAN, USB 2.0

Tilboðsverð: 69.900 kr.

Fjölnota prentari með netkorti




PRENTARI, SKANNER og FAX
Prenthraði: 24 bl./mín.
Fyrsta blaðsíða: 10 sek.
Upplausn: 1200x1200dpi

SKANNI OG LJÓSRITUN:
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
FAX: Leshraði: um 3 sek. pr. síðu

Pappírsbakki inn/út: 250/150 blöð
Minni: 128 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet

Tilboðsverð: 59.900 kr.

LITA-laserprentari með netkorti




PRENTARI
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 24 bl./mín. í lit
Fyrsta blaðsíða út: 20 sek.
Upplausn: 9600x600dpi
Minni: 256MB
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Pappírsbakki út: 200 blöð
Hljóðmagn: < 52dB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX

Tilboðsverð: 45.900 kr.

SAMSUNG

HÁGÆÐA VINNUDÝR á UNDRAGÓÐU VERÐI!

ORMSSON

Umboðsmenn um land allt · Sjá nánar á www.ormsson.is

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

## Verslun




Nánari upplýsingar í s. 849 0698.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Allar nýju HERBALIFE vörurnar fást hjá mér. Sólrún Ósk S. 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson mannræktar-ráðgjafi. www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Smáskipanámskeið (x. pungapróf)**
**í fjarnámi og staðarnámi byrja 3. sept. 2012 og skemmtibátanámskeið í fjarnámi byrjar 3. sept. 2012. Námskeiðin eru frá 3. sept. til 13. okt. 2012. Kjartan Örn, hjá Tækniskólanum, veitir upplýsingar um námskeiðið í síma 895 1414 og skráning er á www.tskoli.is.**

## Kennsla

Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Antík



Antikklukkur og viðgerðir Sérhæfð viðgerðarþjónusta á gömlum klukkum og úrum. Guðmundur Hermannsson úrsmíðameistari. S. 554 7770 & 691 8327. www.ur.is email ur@ur.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

80 fm raðhús, 2 herb. með góðri verönd og bílageymslu. Fyrir 50 ára og eldri. S. 845-4304

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir bílskúr. Þarf að vera með hita. Ekki bílaviðgerðir. Reglusemi. Sími 895-9415.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 180 fm iðnaðarbil í Hafnarf. S. 8224200/6601060.

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Uppl. í S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/Steinhella 14

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012 , solbakki.311@gmail.com

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 27 11 10 38
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfsfólk óskast**
MOKKA KAFFI
Skólavörðustíg 3a, 101R
Opið daglega kl. 9.00 - 18.30

Starfsfólk óskast dagvaktir í fullt starf. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Upplýsingar veittar á staðnum.

PARTÝ BÚÐIN

**Partýbúðina**

**Óskar eftir að ráða í tvo starfsmenn til afgreiðslustarfa. Hvort starf er 80% stöðugildi, 6 frídagar af hverjum 14 almanaksdögum, unnið til 18:30 virka daga og aðra hverja helgi, 17:30 á lau, 16:30 á sun. Laun skv. VR með allt að 20% frammistöðubónus. Þú þarft að vera glaðlynd/ur, brosmild/ur, jákvæð/ur og reyklaus**

**Vinsamlega sendið umsókn fyrir n.k. helgi á gudrun@partybudin.is**

N1

**óskar eftir áreiðanlegu og þjónustulunduðu starfsfólki til starfa á þjónustustöðvar félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða fullt starf til framtíðar**

**Áhugasamir sæki um á www.n1.is**

símstöðin

**Kvöld- og helgarvinna.**
**Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni - tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára. Hringdu í síma 774-7400. simstodin@simstodin.is**

**Járniðnaðarmenn**
**Vantar duglegan og áhugasaman mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

Vanan háseta vantar á beitningavélabát sem rær frá vestfjörðum. Uppl. í síma. 8617655.

Hressingarskálinn leitar að fólki með reynslu í eldhús og þjóna í sal. Áhugasamir sendið póst á hresso@hresso.is eða fyllið út umsókn á staðnum, Austurstræti 20

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

BYLGJAN 25 ÁRA 989
**Heimir & Kolla**
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



## Atvinna

# Verkstjóri óskast

Óskum eftir að ráða verkstjóra til starfa í frystihúsi Nesfisks í Garði.
Við leitum að duglegum og skipulögðum einstaklingi.
Upplýsingar um starfið veitir Ævar Jónasson, sími 895 7967.
Umsóknir sendast á : aevar@nesfiskur.is

**Verktakafyrirtækið Suðurverk hf óskar eftir að ráða:**

Vélamann vanan grjótröðun
Vélamann á hjólavél
Rafsuðumann

Upplýsingar veittar á skrifstofu Hlíðasmára 11 í síma 577-5700 eða 892-0067.

Umsóknum má skila á www.sudurverk.is

SUÐURVERK

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

## Fasteignir

EIGNABORG FASTEIGNASALA ☎ 564 1500 30 ára
Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.

**Hólmaþing 7 Kópavogi**
**Glæsileg útsýnislóð við Elliðavatn**



Til sölu einbýlishúsalóð við Hólmaþing 7 Kóp. sem er á einum besta stað sunnan til við Elliðavatn. Lóðin er 805m2 og má byggja á henni hús á tveimur hæðum, hámarks flatarmál húss 340 m2.hámarks grunnflötur húss með bílageymslu 215 m2. Innifalið eru 70 % gatnagerðargjöldum. **Húsagerð.** Eins hæða einbýlishús frá götu séð með kjallara og innbyggðri eða stakri bílageymslu. Skilaréttur er ekki á lóðinni.
**Verð kr. 19,900,000,-**
**Allar nánari upplýsingar veitir Fasteignsalan Eignaborg. sf.**

**Einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi**



Glæsilegt 260 fermetra einbýlishús með 41,5 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið er vel staðsett á sunnan verðu Arnarnesi með miklu útsýni til sjávar. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og er í góðu ásigkomulagi. Mjög auðvelt er að stækka húsið ef vill þar sem lóðin er 1.517 fm. að stærð.
**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**INGRID BERGMAN** leikkona (1915-1982) bæði fæddist og dó þennan mánaðardag.
*„Hamingjan felst í góðri heilsu og slæmu minni.“*

BENÓNÝ ÆGISSON RITHÖFUNDUR: ER SEXTUGUR Í DAG

# Nota færri og færri stafi

„Jú, ég á reyndar stórafmæli,“ segir Benóný Ægisson, rithöfundur og tónlistarmaður, aðspurður þegar í hann næst í gemsa. „Hvar staddur? Ég er í París. Sit hér á útikaffihúsi í sól og blíðu og hef það voða gott. Fór eiginlega út í tilefni dagsins, dóttir mín býr hér í Frakklandi og komst ekki heim núna svo við hin fórum út til að öll fjölskyldan gæti verið saman.“

*Öll fjölskyldan segirðu. Hvað er það stór hópur?*

„Við erum fjögur, hjón og tvær dætur. Svo munum við líka hitta franska tengdafjölskyldu eldri dóttur minnar.“

*Benóný hefur starfað sem leikari, tónlistarmaður og leikstjóri og verið viðloðandi ritstörf frá 1974. Eftir hann liggur fjöldi birtra leikverka fyrir börn og fullorðna. Hvað skyldi hann helst vera að fást við núna, fyrir utan að njóta lífsins í París?*

„Ég er að gefa út plötu þessa dagana með tiltölulega nýju efni, tólf lögum sem ég hef verið að taka upp síðasta árið í kjallaranum heima. Hluti af lögunum, eða sjö af tólf, eru úr söngleik sem ég vonast til að koma í sýningu einhvern tíma þegar ég á pening til að fjármagna hann, eða get fundið þá. Hann heitir Dansinn í hruni. Efnið er tilbúið fyrir löngu en mér hefur ekki tekist að fá Bjarna Ármannsson og Ólaf Ólafsson til að stofna leiklistarsjóð til að sýna hann, einhverra hluta vegna. Ég verð líklega að fara í smálánadeildina og borga svona 600% vexti.“

*Hvað heitir diskurinn?*

„Hann heitir Org.“



**Í PARÍS** Benóný með dóttur sinni Sóleyju Önnu við leiði Jim Morrison í kirkjugarðinum du Père Lachaise. Þar hvíla einnig Molière, Oscar Wilde og Edith Piaf.
MYND/ÁSA HAUKSDÓTTIR

En er vonandi eitthvað annað en org!

„Já, eins og skáldið sagði: „Maður notar alltaf færri og færri orð.“ Ég nota líka færri og færri stafi. Einu sinni var ég í hljómsveit sem hét Hin kvalráða meginuppistaða Kamarorghesta Jónasar Vest. Svo styttist nafnið í Kamarorghestar og síðan í Orghestar. Nú er bara Org eftir.“

gun@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**1910** Fyrsti keisaraskurður var framkvæmdur á Íslandi þar sem bæði móðir og barn lifðu.



**1945 Hafin var bygging húss fyrir Þjóðminjasafn Íslands við Hringbraut í Reykjavík og var það „morgungjöf lýðveldisins til þjóðarinnar“.**

**1992** Kvikmyndin Svo á jörðu sem á himni, eftir Kristínu Jóhannesdóttur, var frumsýnd. Hún fjallar um strand franska rannsóknarskipsins Pourquoi pas?

---

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður og ömmu,

**VIGDÍSAR PÉTURSDÓTTUR**
**Sléttuvegi 19, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks bráðamóttöku LSH í Fossvogi og hjartadeildar LSH við Hringbraut.

**Kristín Jónsdóttir**
**Pétur Ingi Sveinbjörnsson**
**Jóhann Örn Sveinbjörnsson**
**Björn Þór Sveinbjörnsson**
**Sveinbjörn F. Strandberg**
**Kristín Elísabet Alansdóttir**
**Dana Rún Heimisdóttir**

---

✝



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR**
**Suðurgötu 17-21, Sandgerði, áður Túngötu 23,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, sunnudaginn 26. ágúst. Kristín verður jarðsungin frá Safnaðarheimilinu Sandgerði miðvikudaginn 5. september kl. 13.

**Gunnlaugur Þór Hauksson**
**Ólafía Lúðvíksdóttir**
**Guðný Adólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Hilmar Gunnlaugsson**
**Málfríður Þórðardóttir**
**Gylfi Gunnlaugsson**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, vinkona, dóttir og systir.

**ANNA STEINUNN ÁGÚSTSDÓTTIR**
**Sjafnargötu 10, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 23. ágúst.

**Kjartan Bjargmundsson**
**Elsa Kjartansdóttir**
**Bjargmundur Ingi Kjartansson**
**Ingibjörg Kjartansdóttir**
**Ragnheiður Ólína Kjartansdóttir**
**Ágúst H Elíasson**
**Elsa Vestmann Stefánsdóttir**
**Birgir Sigurðsson**
**Einar Ingi Ágústsson**
**Elías Halldór Ágústsson**
**Eva Ágústsdóttir**

---

✝



Elsku sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

**ÓLAFUR GAUTI ÓLAFSSON**
**Þorláksgeisla 12, Reykjavík,**

sem lést þriðjudaginn 21. ágúst, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja starfsemi Endurhæfingar LR, sem er sérhæfð deild fyrir ungt fólk með geðrofssjúkdóma á geðsviði Landspítala á Laugarásvegi 71. Bankareikningur: 0701-15-203424, kennitala: 270555 2259.

**Ólafur Steinþórsson**
**Sjöfn Sigbjörnsdóttir**
**Reynir Logi Ólafsson**
**Eydís Eir Björnsdóttir**
**Steinþór Örn Ólafsson**
**Kristín Birna Ólafsdóttir**
**Mark Johnson**
**Sigbjörn Brynjólfsson**
**Kristín Jónsdóttir**
**Sólveig Aðalbjarnardóttir**
**Agnes Sjöfn, Hrafnkell Logi og William Rökkvi**

---

✝



Elsku pabbi okkar og afi,

**LÚÐVÍK INGIBJÖRN HAUKSSON (INGI)**

andaðist á heimili sínu fimmtudaginn 23. ágúst. Jarðsungið verður frá Áskirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

**Fyrir hönd annarra ástvina,**
**Haukur Þór Lúðvíksson**
**Alexandra Rún Skúladóttir**
**Dagbjört Emilía Hauksdóttir**
**Hlynur Freyr Hauksson Söebech**
**Ari Már Lúðvíksson**
**Ylfa Hrönn Aradóttir**
**Harpa Mjöll Gunnarsdóttir**
**Rebekka Ösp Aradóttir**
**Jenný Birna Aradóttir**
**Olga Jenný Gunnarsdóttir**
**Emil Örn Jóhannesson**
**Ýmir Kári Jóhannesson**
**Kristbjörg Lúðvíksdóttir**

---

✝



Föðurbróðir okkar,

**ÁSGEIR SCHEVING ERLENDSSON**
**Bergstaðastræti 30b,**

sem lést á Landakotsspítala 23. ágúst, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

**Þorsteinn Sigurjónsson**
**Elín Anna Sigurjónsdóttir**
**Guðrún Sigurjónsdóttir**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir og mágur,

**ÖRN VIÐARSSON**
**grafískur hönnuður,**
**Carl Plougsvej 25, 3500 Helsingör, Danmörku,**

er látinn. Útför hans verður gerð frá Helsingör á morgun fimmtudaginn 30. ágúst.

**Vibeke Viðarsson**
**Ulrik Viðarsson og fjölskylda**
**Kjartan Viðarsson og fjölskylda**
**Vatnar Viðarsson**
**Brynja D. Runólfsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**HALLDÓRA STEFÁNSDÓTTIR**
**frá Raufarhöfn, áður til heimilis að Vogatungu 101, Kópavogi,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 26. ágúst.

**Árni Pétursson**
**Svanhildur Sigurðardóttir**
**Gísli Þröstur Kristjánsson**
**Oddný Geirsdóttir**
**Guðleif Kristjánsdóttir**
**Helgi Eiríksson**
**Arnþrúður Kristjánsdóttir**
**Hafsteinn Guðmundsson**
**Stefán Kristjánsson**
**Agla Róbertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HANNES JÓNSSON**
**flugvirki,**
**Marbakkabraut 30, Kópavogi,**

lést fimmtudaginn 23. ágúst. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sigrún Sveinsdóttir**
**Sveinn Stefán Hannesson**
**Helga Kristinsdóttir**
**Arnar Hannesson**
**Sigurlaug Þorsteinsdóttir**
**Einar Hannesson**
**Ása Rún Björnsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HAFSTEINN VALGARÐSSON**
**Hrauntungu 21, Kópavogi,**

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 30. ágúst kl 15.00.

**Sigrún Sigurðardóttir**
**Snorri Hauksson**
**Erla Magnúsdóttir**
**Hannes Þór Hafsteinsson**
**Sigurður Páll Snorrason**
**Ingvi Örn Snorrason**
**Íris Björk Snorradóttir**

---

✝



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og barnabarn,

**BIRGIR PÁLL GYLFASON**

er látinn.

**Gylfi Jónsson**
**Hildur Hanna Ásmundsdóttir**
**Jóhannes Már Gylfason**
**Lára Hrund Bjargardóttir**
**Jón H. Guðmundsson**
**Hrafnhildur Matthíasdóttir**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ÁRNI HARALDSSON**
**Hringbraut 2b, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum Landakoti þriðjudaginn 21. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

**Sigurlaug Líndal Karlsdóttir**
**Kristín Líndal Hafsteinsdóttir**
**Hörður Oddgeirsson**
**Karlotta Líndal Hafsteinsdóttir**
**Sigurður Friðfinnsson**
**Guðmundur Örn Jónsson**
**Edith Poikane**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**Hallgrímur Atlason**
**Grétar Jónsson**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Rúnar Haraldur Jónsson**
**barnabörn og langafabörn.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS SILKISKORIN SKINKA 120 GR
LÚXUSSKINKA & REYKT LÚXUSSKINKA
EKKERT VIÐBÆTT VATN
298 KR. 120 GR
KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR FERSKUR HEILL
KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI
698 KR. KG
179 KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
SKÓLA-OSTUR TILBOÐ
Í SNEIÐUM
1298 KR.KG
1798 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI I LTR.
129 KR
OSTSTYKKI
998 KR.KG
DIAPERS MIDI 4-9 KG
DIAPERS MAXI 9-18 KG
DIAPERS JUNIOR 15-25 KG
1398 kr.pk
FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT
1295 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT
FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR.KG
MIDI 4-9 KG/56 STK.- MAXI 9-18 KG./50 STK. - JUNIOR 15-25 KG./44 STK.
EUROSHOPPER BLEIUR
HEINZ BEANZ
4 DS. HEINZ BAKAÐAR BAUNIR 398 KR.
emmessís
HVERS DAGSÍS
GOTT VERÐ
798 KR. 620 G
FROSIÐ NAUTAHAKK 620 GR
TILBOÐ Franskar 700g
ÞYKKVABÆJAR 700 GR TILBOÐS FRANSKAR KARTÖFLUR
259 KR.
BÓNUS BACON
1598 KR.KG
198 KR. BOXIÐ
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** steintegund, **6.** í röð, **8.** púka, **9.** pfn., **11.** tveir eins, **12.** frárennsli, **14.** gistihús, **16.** í röð, **17.** angra, **18.** sunna, **20.** hreyfing, **21.** óskipt.

**LÓÐRÉTT**
**1.** troða í sig, **3.** aðgæta, **4.** hagnaður, **5.** hestaskítur, **7.** skellinaðra, **10.** kvk nafn, **13.** beita, **15.** lokka, **16.** kæla, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** agat, **6.** áb, **8.** ára, **9.** mig, **11.** ðð, **12.** afrás, **14.** hótel, **16.** íj, **17.** ama, **18.** sól, **20.** ið, **21.** allt.
**LÓÐRÉTT: 1.** háma, **3.** gá, **4.** arðsemi, **5.** tað, **7.** bifhjól, **10.** gró, **13.** áta, **15.** laða, **16.** ísa, **19.** ll.












# Veiðibjöllurnar

**BAKÞANKAR**
**Svavar Hávarðsson**

Kryddlögurinn samanstóð af appelsínusafa, sykri og sjávarsalti, pipar, kúmíni, óreganó og steinselju. Einnig hvítlauk, soja og fleira smálegu. Þetta fór yfir eðalvöðva úr svíni sem ég raðaði á fat. Filma fór yfir og þetta var látið ryðja sig í ísskáp eina nótt. Daginn eftir þurfti ég að kyngja nokkrum sinnum þegar ég hélt á fatinu út á grill og líka á leiðinni aftur inn í eldhús í salatgerð.



**TUTTUGU** mínútum seinna skrifaði ég eftirfarandi færslu á Facebook: „Ef þið sjáið feitan máf á flugi með sérkryddaða svínakótelettu í kjaftinum, þá vinsamlegast skjótið hann umsvifalaust. Kjötsneiðinni má skila til mín, ef hún er heilleg. Annars svíður mig í sálina eftir að hafa séð á eftir helvítis illfyglinu með steikina mína. Það var máfahláturinn sem fór í mig; en ekki síður helvítis túristinn sem gekk fram hjá húsinu glottandi. Hugga er í Nóatúni að kaupa kjöt.“

**AUÐVITAÐ** vakti þetta allnokkra kátínu í mínum vinahópi, en ég sá hlálegu hliðina við kóteletturánið fyrst þegar ég var búinn að borða síðar um kvöldið. Sérstaklega þá staðreynd að svartbakurinn hafði rifið plastið ofan af fatinu til að komast að innihaldinu. Síðan þetta var hefur þó reglulega sótt að mér sú hugsun að æðri máttarvöld hafi verið að segja mér eitthvað þennan dag.

**BRJÓTUM** þetta aðeins niður. Einhver leggur á sig töluverða fyrirhöfn til að gera vel við sig og sína. Lágmarksvarnir eru til staðar til að passa upp á eignina. Þá kemur vel haldin veiðibjalla, reyndar afmynduð af gjálífi síðustu missera, og stelur öllu saman. Hún heldur síðan hlæjandi út í nóttina. Þeir sem eftir standa eru varnarlausir, og bölvandi óska þess eins að illfyglið verði skotið. Þegar reiðin er runnin af viðkomandi vonast hann til þess að eitthvað skili sér til baka af því sem var stolið. Það gerist svo ekki og nagandi gremjan tekur við af óskhyggjunni. Það eina sem er áþreifanlegt eru allar veiðibjöllurnar sem voka yfir og halda rányrkjunni áfram. Á sama tíma hlakkar í útlendingum yfir því hvað þú varst vitlaus. Það eina sem svo er hægt að gera er að byrja aftur á núllpunkti og reyna að sætta sig við orðinn hlut.

**KANNSKI** er maður bara orðinn svona gegnsýrður af ástandi síðustu ára, en skilaboðin frá máttarvöldunum gætu verið að veiðibjöllur verði alltaf til og eðli þeirra breytist aldrei. Þær munu áfram graðga í sig öllu sem að kjafti þeirra kemur án tillits til þess hver er eigandinn. Því skuli fara varlega í návist þeirra. Það ætla ég að gera.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BABYMAKERS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT Luxus VIP | KL. 6 - 10 | VIP | VIP |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP | KL. 5:40 - 8 | 2D | 7 |
| STEP UP ÓTEXTUÐ | KL. 10:30 | 3D | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ENS TAL | KL. 11:10 | 2D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXPENDABLES 2 | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT | KL. 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP | KL. 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| MAGIC MIKE | KL. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| BATMAN | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 6 - 8 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 10:10 | 2D | L |

KYNNTU ÞÉR VILDARKERFI SAMBÍÓA

SAMbio.is

# Næsta plata epískari

Upptökum er lokið á annarri plötu Suðurnesjasveitarinnar Valdimars. Söngvaranum Valdimari Guðmundssyni líst mjög vel á útkomuna. „Hún er kannski meira epísk heldur en fyrri platan en samt rökrétt framhald. Þetta eru stærri útsetningar og allt aðeins stærra," segir hann aðspurður.

Þessa dagana er verið að hljóðblanda plötuna og stefnt er á útgáfu í október. Um helmingur laganna var saminn í Hollandi þar sem gítarleikarinn Ásgeir Aðalsteinsson er í tónlistarnámi. „Ég fór í heimsókn og við sátum þarna tímunum saman og sömdum lög," segir Valdimar.

Fyrsta plata sveitarinnar, Undraland, kom út fyrir tveimur árum og hafa selst á fjórða þúsund eintök. Lagið Yfirgefinn naut mikilla vinsælda og spurður hvort annar slíkur slagari sé væntanlegur segist Valdimar ekki hafa hugmynd um það. „Það er svolítið erfitt að spá fyrir um það. Það gæti vel verið en það gæti líka verið að fólk þoli þetta ekki. En við fílum þetta rosa mikið og það er nóg fyrir okkur." - fb



**VALDIMAR** Hljómsveitin Valdimar hefur lokið upptökum á annarri plötu sinni.

# Annað líf

Salma Hayek segist varla muna hvernig það sé að vera Mexíkói eftir að hafa búið fjarri heimalandinu í svo langan tíma.

Hayek fer með hlutverk í nýrri kvikmynd Olivers Stone, Savages, og í tilefni þess veitti hún þýska Vogue viðtal. „Ég er stolt af þátttöku minni í þessari kvikmynd. Sannleikurinn er þó sá að ég man varla hvernig það er að vera Mexíkói. Líf mitt er öðruvísi núna. Það er ekki hægt að þvinga sig til að standa fyrir eitthvað, maður þarf að fá að vera maður sjálfur," sagði leikkonan.

Savages fjallar um fíkniefnaheiminn og segir Hayek að Bandaríkin eigi stóran þátt í fíkniefnavandanum sem ríkir í Mexíkó.



**ER HÚN SJÁLF** Salma Hayek segist varla muna hvernig það sé að vera Mexíkói.
NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 29. ágúst 2012**

### ➜ Tónleikar

**20.00** Minningartónleikar fyrir Sjonna Brink verða haldnir í Borgarleikhúsinu í tilefni af 38 ára afmælisdegi hans. Fjöldi tónlistarmanna mun heiðra minningu hans og flytja tónlistina hans, meðal annars Björgvin Halldórsson og Stefán Hilmarsson. Aðgangseyrir er kr. 2.900.

### ➜ Tónlist

**12.00** Judith Þorbergsson orgelleikari leikur á orgel Dómkirkju Krists konungs í Landakoti á orgelandakt. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Hljómsveitin Brother Grass heldur tónleika á Café Rosenberg.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.45 / 2D KL. 3.30 | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | KL. 5.45 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.40 / 2D ÍSL.TAL KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÉG ER EKKI NÓGU GOTT LANDSLAG | KL. 6 | L |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%







LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | 6, 8, 10.10(P) | 16 |
| THE WATCH | 8, 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 6 - ISL TAL | 7 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8, 10.20 | 12 |

Kraftmikið tryllitæki

**Skjár:** 15,6" HD+ LED glampafrír með myndavél.
**Upplausn:** 1600x900 punkta.
**Örgjörvi:** Intel Core i7 3612QM 2,1-3,1GHz.
**Harður diskur:** 750 GB 5400sn + 16 GB SSD diskur.
**Skjástýring:** nVidia Optimus GeForce GT630M 2 GB.
**Minni:** 4 GB 1600 MHz DDR3.
**Rafhlaða:** Allt að 7:15 klst.
**Ábyrgð:** 3ja ára, rafhlaða 1 ár.




**Verð: 184.900 kr.**

6 mánaða vaxtalaus lán fyrir handhafa VISA.
3,25% lántökugjald og 320 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

lenovo NÝHERJI
Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

MIÐVIKUDAGUR: **ELLES (ÞÆR)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

31. ÁGÚST: EN KONGELIG AFFÆRE (KÓNGAGLENNA)

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# FORD **FOCUS** Trend **frá 3.450.000 kr.**
# FORD **FOCUS** Titanium **frá 3.740.000 kr.**

Kauptu nýjan Ford Focus Trend eða Titanium í dag. Ford Focus er ríkulega útbúinn og fæst bæði bensín og dísil. Beinskiptur og sjálfskiptur. Lipur og sparneytinn. Með 1,0 lítra 125 hestafla EcoBoost vélinni færðu nýjustu spartækni Ford. Falleg hönnun. Fáanlegur sem skutbíll. Frábær í endursölu. Góð kaup. Kauptu Ford Focus frá 3.450.000 kr. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **FOCUS** TREND

FRÁ

**25.848** **kr./mán.***

* Ford Focus Trend 5 dyra 1,0 EcoBoost bensín, 125 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.900.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,46%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

# sport

sport@frettabladid.is



**ÞÓR/KA** getur í kvöld tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn en þá fer fram heil umferð í Pepsi-deild kvenna. Sandra María Jessen (á mynd) og félagar hennar mæta ÍBV í Vestmannaeyjum og verða meistarar með sigri, ef Stjarnan tapar stigum gegn Afturelding í kvöld. Leikurinn í Eyjum hefst klukkan 18.00 en hinir fjórir hálftíma síðar.

# Góður möguleiki í báðum leikjum

**Ísland á góðan möguleika á að leggja bæði Noreg og Kýpur að velli í fyrstu landsleikjum liðsins í undankeppni HM 2014 að mati þjálfarans Lars Lagerbäck. Óvissa ríkir um þátttöku Kolbeins Sigþórssonar.**

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck, þjálfari karlalandsliðs Íslands, tilkynnti í gær 22 manna hóp fyrir landsleikina gegn Noregi og Kýpur í undankeppni heimsmeistaramótsins í Brasilíu 2014. Fyrri leikurinn verður á Laugardalsvelli föstudagskvöldið 7. september og sá síðari ytra gegn Kýpur 11. september. Um fyrstu leiki liðsins í keppninni er að ræða.

„Við erum byrjaðir að vinna leiki og sjö þúsund manns mættu á síðasta leik. Ég heyrði hjá leikmönnunum hve ánægðir þeir voru með að spila í þessu andrúmslofti," sagði Lagerbäck í gær.

„Við eigum góðan möguleika á þremur stigum bæði gegn Noregi og Kýpur. Við þurfum hins vegar að undirbúa okkur afar vel og leika vel. Frammistaðan þarf að vera 100 prósent í báðum leikjum."

Íslenska liðið lagði Færeyjar í æfingaleik á dögunum 2-0 og sýndi Svíinn blaðamönnum myndbrot úr leiknum. Þá benti hann á það sem vel gekk og það sem mætti bæta. Gæði Kolbeins Sigþórssonar voru öllum ljós og tíðindi af axlarmeiðslum hans slæmar fréttir.

„Væri leikurinn á morgun gæti hann ekki spilað," sagði Lagerbäck sem reiknar með nýjum tíðindum af meiðslum Kolbeins fljótlega. Hann viðurkennir að liðið sé ekki samt án Kolbeins sem hefur skorað átta mörk í ellefu A-landsleikjum.

„Tölfræði hans talar sínu máli. Kolbeinn er stórkostlegur markaskorari og frábær leikmaður fyrir liðið. Þetta er sambærilegt og ef Svíar væru án Zlatans. Ef hann er meiddur verða aðrir að fylla í skarðið og við verðum líklega að breyta leikskipulaginu spili hann ekki."

### Eiður Smári utan hóps

Fátt kom á óvart í leikmannavali Lagerbäcks. Ekkert pláss er þó fyrir markahæsta leikmann landsliðsins frá upphafi, Eið Smára Guðjohnsen. Eiður Smári kom inn á sem varamaður í leiknum gegn Færeyjum en hann er enn án félags.

„Þrátt fyrir að hann sé frábær leikmaður og gæti hjálpað okkur hluta úr leiknum tel ég röng skilaboð að velja leikmann sem æfir ekki með liði. Við þurfum leikmenn sem geta spilað 90 mínútur enda veistu aldrei hvað gerist í leikjum," sagði Lagerbäck, sem valdi Grétar Rafn Steinsson sem nýverið samdi við tyrkneska félagið Kayserispor.

„Leikform Grétars er spurningarmerki en ég myndi halda að möguleikar hans og Birkis Más á byrjunarliðssæti í stöðu hægri bakvarðar séu jafnmiklir."

### Birkir og Bjarni bestu kostirnir

Fáir leikmenn hafa hlotið meiri gagnrýni með íslenska landsliðinu en bakverðirnir Birkir Már Sævarsson og Bjarni Ólafur Eiríksson. Hvort sem gagnrýnin hefur verið réttmæt eða ekki vilja margir meina að landsliðið standi hvað verst að vígi í bakvarðarstöðunum.

„Að mínu mati eru þeir bestu bakverðirnir sem við eigum," segir Lagerbäck sem telur íslenska liðið ekki sérstaklega veikt í umtöluðum stöðum. „Ég hef séð eldri leiki Bjarna Ólafs með landsliðinu og miðað við leiki hans með okkur tel ég hann vera góðan bakvörð. Hann er stór og sterkur, með góðan vinstri fót og fínan leikskilning. Hann nýtist okkur sóknarlega líka svo ég tel hann ekki eiga gagnrýni skilið," sagði Lagerbäck sem hafði heyrt af gagnrýninni í garð Bjarna Ólafs.

„Birkir Már er mjög áhugaverður leikmaður. Hann er líklega fljótasti leikmaðurinn í hópnum og að vera með hraða varnarmenn er mjög mikill styrkleiki. Ég tel þá báða mjög góða leikmenn," sagði Lagerbäck.

kolbeinntumi@365.is



**MESTU MÁTAR** Það fer vel á með landsliðsþjálfaranum Lars Lagerbäck og aðstoðarmanninum Heimi Hallgrímssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Haraldur Björnsson | Sarpsborg |
| **Varnarmenn:** | |
| Grétar Rafn Steinsson | Kayserispor |
| Ragnar Sigurðsson | FC Kaupmannahöfn |
| Sölvi Geir Ottesen | FC Kaupmannahöfn |
| Ari Freyr Skúlason | Sundsvall |
| Indriði Sigurðsson | Viking |
| Kári Árnason | Rotherham |
| Birkir Már Sævarsson | Brann |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | Stabæk |
| **Miðjumenn:** | |
| Aron Einar Gunnarsson | Cardiff |
| Helgi Valur Daníelsson | AIK |
| Emil Hallfreðsson | Hellas Verona |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ Alkmaar |
| Rúrik Gíslason | OB |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Wolves |
| Gylfi Þór Sigurðsson | Tottenham |
| **Sóknarmenn:** | |
| Birkir Bjarnason | Pescara |
| Kolbeinn Sigþórsson | Ajax |
| Alfreð Finnbogason | Helsingborg |
| Björn Bergmann Sigurðarson | Wolves |



**FAGNAÐ** Þórsarar féllu úr Pepsi-deildinni í fyrra en eru á leið upp á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

1. deild karla:

## Þór nálgast Pepsi-deildina

**FÓTBOLTI** Þór frá Akureyri tók í gærkvöldi stórt skref í áttina að því að endurheimta sæti sitt í Pepsi-deild karla eftir eins árs fjarveru. Liðið vann 4-0 sigur á Tindastóli í gær og er nú með sex stiga forystu á toppi deildarinnar.

Þegar fjórum umferðum er ólokið er Þór með níu stiga forystu á Fjölni sem er í þriðja sæti deildarinnar. Ef Þór sigrar Víking í Reykjavík á laugardag verður sætið í Pepsi-deildinni nánast gulltryggt.

Orri Freyr Hjaltalín, Ármann Pétur Ævarsson, Kristinn Þór Björnsson og Jóhann Helgi Hannesson skoruðu mörk Þórs í gær en liðið hefur nú unnið sjö deildarleiki í röð. - esá

## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu

**FORKEPPNI, LOKAUMFERÐ**

**Ironi Kirya Shmona - BATE Borisov 1-1**
BATE Borisov vann samanlagt, 3-1.
**Anderlecht - AEL Limassol 2-0**
Anderlecht vann samanlagt, 3-2.
**Maribor - Dinamo Zagreb 0-1**
Dinamo Zagrab vann samanlagt, 3-1.
**Panathinaikos - Malaga 0-0**
Malaga vann samanlagt, 2-0.
**Udinese - Braga 1-1**
Braga vann eftir vítaspyrnukeppni, 6-5.




Fjórtánda Ólympíumót fatlaðra verður sett í kvöld:

# Ballinu í London hvergi nærri lokið

**ÓLYMPÍUMÓT** Setningarathöfn Ólympíumóts fatlaðra fer fram á Ólympíuleikvanginum í London í kvöld. Um 4300 keppendur eru mættir til Englands þar sem keppt verður í tuttugu íþróttagreinum. Frjálsíþróttakappinn Helgi Sveinsson verður fánaberi Íslands og hlakkar mikið til.

„Það gerist ekki betra en að komast inn á Ólympíumótið og halda á fánanum fyrir mína þjóð. Ég trúi þessu varla enn þá," segir Helgi, sem er einn fjögurra fulltrúa Íslands á leikunum. Jón Margeir Sverrisson og Kolbrún Alda Stefánsdóttir keppa í sundi og Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir í frjálsum íþróttum. Hún stígur fyrst íslensku keppendanna á sviðið á föstudagsmorgun.

„Ég finn fyrir smá fiðringi í maganum. Ég held að hann eigi eftir að aukast með hverjum deginum sem líður fram að keppni," segir hin fimmtán ára Matthildur Ylfa. Jón Margeir og Kolbrún Alda keppa einnig á föstudagsmorgun í baksundi og Helgi um kvöldið í langstökki.

Ólíkt Ólympíuleikunum er fjöldi keppenda á Ólympíumótunum fyrirfram ákveðinn. Að ná lágmarki er því ekki ávísun á þátttökurétt á mótinu. Því er ljóst að keppendur í London eru rjóminn af afreksfólki úr röðum fatlaðra um allan heim sem margir hverjir sitja heima með sárt ennið. Það er tilfellið á Íslandi enda fékk Ísland aðeins eitt sæti fyrir hvort kyn í frjálsum íþróttum og sundi þó fleiri hefðu náð tilskildum lágmörkum.

Reiknað er með miklu sjónarspili á setningarathöfninni í kvöld. Í hönd fer ellefu daga veisla sem enginn íþróttaáhugamaður ætti að missa af. - ktd



**BRÝTUR BLAÐ** Matthildur Ylfa keppir fyrst íslenskra kvenna í frjálsum íþróttum á Ólympíumóti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!




**89**

TOPPUR SÍTRÓNU
0,5 ltr

# Sokkadagar í Europris

## Bómullarsokkar, ullarsokkar, íþróttasokkar, öklasokkar, hnésokkar og sokkabuxur




# -50%

## af öllum sokkum

### frá miðvikudegi til sunndags









FISKISLÓÐ • DALVEGI, KÓPAVOGI • AUSTURVEGI, SELFOSSI

WWW.EUROPRIS.IS

## > Stöð 2 kl. 20.30

### Up All Night

***Christina Applegate og Will Arnett leika aðalhlutverkin í Up All Night á Stöð 2. Þau leika nýbakaða foreldra sem eiga í stökustu vandræðum með að aðlagast nýjum aðstæðum. Í þættinum í kvöld hefur Reagan (Applegate) áhyggjur af því að annríkið í vinnunni hafi áhrif á hæfileika hennar til að ala upp barnið.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ ÞÁTT UM ÆTTFRÆÐI

# *Blanda sem getur ekki klikkað*

Sjónvarpsþátturinn Who Do You Think You Are? á Stöð 2 Gull á sunnudagskvöld var áhugaverður. Þessi þáttaröð fjallar um frægar manneskjur sem leita uppruna síns og ferðast jafnvel langar vegalengdir til að afhjúpa sannleikann.

Gaman var að fylgjast með leikkonunni Brooke Shields komast að því eftir mikla eftirgrennslan að hún er með franskar rætur en ekki ítalskar eins og hún hélt í fyrstu. Ættartréð hennar var rannsakað í þaula, kóngafólk kom við sögu og með hjálp góðra manna komst



hún að þessari niðurstöðu. Þættir sem þessir hljóta að vera sérsniðnir fyrir íslenska áhorfendur. Áhuginn hér á landi á ættfræði hefur alltaf verið svakalegur, rétt eins og á sjónvarpsglápi. Þegar þessu tvennu er blandað saman á það ekki að geta klikkað. Íslensk útgáfa af þáttunum ætti heldur ekki að vera út í hött. Hver væri ekki til í að sjá ættir Páls Óskars, Bjarkar, Ladda eða til dæmis Jóns Gnarr raktar langt aftur í tímann? Kári Stefánsson gæti verið sérlegur ráðgjafi og hin hentuga Íslendingabók yrði einnig óspart notuð.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Seiðandi söngrödd **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **19.40** Sumarsnakk **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Rússneski píanóskólinn **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (7:13) (Army Wives)
**17.20 Einu sinni var…lífið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni**
**18.22 Sígildar teiknimyndir**
**18.29 Finnbogi og Felix**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Norrænar glæpasögur sigra heiminn** (Bokprogrammet: Nordisk krim erobrer verden) Norskur bókaþáttur. Í þættinum er sagt frá uppgangi norrænna glæpasagna á heimsmarkaði.
**20.05 Læknamiðstöðin** (8:22) (Private Practice V) Bandarísk þáttaröð.
**20.50 Scott og Bailey** (3:8) (Scott and Bailey) Bresk þáttaröð um lögreglukonur í Manchester sem rannsaka snúin morðmál.
**21.35 Hestöfl** (3:6) (Hästkrafter) Röð stuttra sænskra þátta um gamla bíla.
**21.45 Sætt og gott** (Det søde liv) Mette Blomsterberg útbýr kræsingar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Vonarhöfn** (Hoppets hamn) Heimildarmynd um fólk sem komst lífs af úr fangabúðum nasista og fékk hæli í Svíþjóð.
**23.20 Winter lögregluforingi – Fagra land - seinni hluti** (2:8) (Kommissarie Winter) (e)
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (1:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (133:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Community** (8:25)
**11.25 Better Off Ted** (6:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (13:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (22:24)
**13.25 Borgarilmur** (4:8)
**14.00 Gossip Girl** (2:24)
**14.45 Týnda kynslóðin** (10:32)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.15 Nágrannar**
**17.40 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (11:22)
**19.45 Modern Family** (12:24)
**20.05 2 Broke Girls** (17:24)
**20.30 Up All Night** (5:24) Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christina Applegate og Will Arnett.
**20.55 Drop Dead Diva** (13:13)
**21.40 True Blood** (6:12) Fjórða þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.
**22.40 The Listener** (5:13) Spennuþættir um mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**23.25 Steindinn okkar** (1:8)
**23.50 The Closer** (16:21)
**00.35 Fringe** (10:22)
**01.20 Southland** (5:6)
**02.05 The Good Guys** (18:20)
**02.50 Undercovers** (4:13)
**03.35 2 Broke Girls** (17:24)
**03.55 Up All Night** (5:24)
**04.20 Drop Dead Diva** (13:13)
**05.05 Mike & Molly** (22:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörkin**
**15.10 Pepsi-mörkin**
**16.25 Meistaradeild Evrópu: Panathinaikos - Malaga**
**18.15 Meistaramörkin**
**18.35 Meistaradeild Evrópu: Lille - Köbenhavn** BEINT
**20.50 Meistaramörkin**
**21.10 Pepsi-deild kvk: ÍBV - Þór/KA**
**23.00 Tvöfaldur skolli**
**23.40 Meistaradeild Evrópu: Lille - Köbenhavn**
**01.30 Meistaramörkin**
**01.50 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Sunderland - Reading**
**18.20 Norwich - QPR**
**20.10 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.05 Sunnudagsmessan**
**22.20 Swansea - West Ham**
**00.10 Chelsea - Newcastle**

## POPP TÍVÍ

**17:00 Simpson-fjölskyldan**
**17:45 Sjáðu**
**18:10 The Middle** (15:24)
**18:35 Glee** (10:22)
**19:20 Evrópski draumurinn** (4:6)
**19:55 American Dad** (2:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans.
**20:20 Bob's Burgers** (2:13) Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.
**20:40 The Cleveland Show** (2:21) Skemmtilegir teiknimyndarþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
**21:05 Funny or Die** (2:12) Sprenghlægilegir sketsaþættir frá Will Arnett og HBO byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21:25 Breakout Kings** (2:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**22:10 Evrópski draumurinn** (4:6)
**22:45 American Dad** (2:19)
**23:10 Bob's Burgers** (2:13)
**23:30 The Cleveland Show** (2:21)
**23:55 Funny or Die** (2:12)
**00:20 Breakout Kings** (2:13)
**01:05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Real Housewives of Orange County** (17:17) (e)
**17.05 Design Star** (9:9) (e)
**17.55 Rachael Ray**
**18.40 How To Look Good Naked** (10:12) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (23:24) (e)
**19.55 Will & Grace** (5:24)
**20.20 Last Chance to Live** (1:6) Bandarískir þættir þar sem fylgst er með fjórum ólíkum einstaklingum sem allir eru orðnir lífshættulega þungir. Þættirnir spanna sjö ár í lífi þátttakenda.
**21.10 My Big Fat Gypsy Wedding** Litríkir þættir um stormasaman brúðkaupsundirbúning sígauna í Bretlandi.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (13:16) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í New York.
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 The Borgias** (2:10) (e)
**00.20 Rookie Blue** (7:13) (e)
**01.10 CSI** (18:22) (e)
**02.00 Royal Pains** (17:18) (e)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## BÍÓ

**08.00 Balls of Fury**
**10.00 Pride and Prejudice**
**12.05 Kalli á þakinu**
**14.00 Balls of Fury**
**16.00 Pride and Prejudice**
**18.05 Kalli á þakinu**
**20.00 Bourne Supremacy**
**22.00 True Lies**
**00.20 Miss March**
**02.00 Home of the Brave**
**04.00 True Lies**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.05 UKI**
**09.10 Lína langsokkur**
**09.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.00 Elías**
**10.15 Dóra könnuður**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.30 iCarly** (10:25)
**17.55 Tricky TV** (10:23)

## GULL

**18.15 Doctors** (14:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (8:11)
**20.35 Steindinn okkar** (8:8)
**21.00 Curb Your Enthusiasm** (2:10)
**21.30 The Sopranos** (2:13)
**22.30 Ellen**
**23.15 Spurningabomban** (8:11)
**00.00 Steindinn okkar** (8:8)
**00.20 Doctors** (14:175)
**01.05 Curb Your Enthusiasm** (2:10)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** The Barclays - PGA Tour 2012 (3:4) **11.50** Golfing World **13.30** The Barclays - PGA Tour 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (34:45) **19.20** LPGA Highlights (15:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (16:25) **21.35** Inside the PGA Tour (35:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (31:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktin

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




www.dominos.is sími 58·12345

# LOKUM Í KVÖLD KL.20.00

Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.

Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!

OPIÐ Í SKEIFUNNI

★★★

FITON / SÍA

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það eru Johnny Cash og Neil Young ef ég þarf að hugsa og AC/DC eða Guns N' Roses þegar ég þarf að taka á því.“*

Ásgeir Andri Guðmundsson, tónlistar- og viðburðastjóri Mánabars

# Dansar með glóðvolgar pitsurnar

„Það má segja að ég sé að neyða fólk til að horfa á dansinn með að því að gera þetta svona,“ segir dansarinn Ásrún Magnúsdóttir, sem í dag gerist dansandi pitsusendill hjá Dominos.

Verkefnið er hluti af Reykjavík Dance Festival sem er í fullum gangi þessa dagana en hugmyndin spratt er Ásrúnu langaði að ná til fólksins sem ekki endilega mætir til að horfa á dans undir venjulegum kringumstæðum. Hún er búin undir að þurfa að dansa við hinar ýmsu aðstæður, svo sem utandyra og á þröngum stigapöllum. „Það hefur alltaf verið leyndur draumur hjá mér að vera sendill. Það er eitthvað við búningana, derhúfuna og ekki síst litla sæta bílinn,“ segir Ásrún sem mætir til vinnu klukkan ellefu í dag og verður eitthvað fram eftir degi. „Það er víst ekki æskilegt að ég sé í kringum kvöldmatartímann, mér skilst að kúnnarnir eigi það til að vera pirraðir í kringum háannatímann.“

Ásrún útskrifaðist af leiklistar- og dansbraut LHÍ vorið 2011. Hún segir verkefnið ágætis tilraun sem fleiri listamenn geti tileinkað sér. Það að færa óviðbúnum áhorfanda, sem þó er að bíða eftir einhverju, listina getur orðið mjög forvitnilegt.

„Ég er mjög spennt og smá stressuð yfir viðtökunum en atriðið stendur bara yfir í eina mínútu svo pitsan kólnar ekkert á meðan. En ef fólk er mjög óþreyjufullt getur það gjarna fengið sér eina sneið á meðan það horfir á dansinn. Það er bara stemning í því.“

- áp



**DANSANDI PITSUSENDILL** Þeir sem panta pitsu hjá Dominos í dag geta átt von á því að fá dansverk frá Ásrúnu Magnúsdóttur í kaupbæti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN Kópavogi

**Skráning og upplýsingar** í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM FM 957

vísir - oft á dag




**Í TÖKUM** Magni Ágústsson kvikmyndatökustjóri vann við gerð þáttanna Spy sem sýndir eru í Sjónvarpinu. MYND/ÁRNI ÞÓR JÓNSSON

MAGNI ÁGÚSTSSON: SKEMMTILEGT VERKEFNI EN KREFJANDI

# Einstakt að fá að vinna með Sir Kenneth Branagh

Magni Ágústsson, kvikmyndatökustjóri og meðlimur í Félagi íslenskra kvikmyndatökustjóra, hefur starfað innan kvikmyndabransans í sautján ár. Hann er búsettur í London og vann meðal annars sem tökumaður við gerð sjónvarpsþáttanna Spy sem nú eru sýndir í Ríkisjónvarpinu.

„Ég byrjaði í bransanum fyrir sautján árum og vann mig hægt og rólega upp í starf kvikmyndatökustjóra. Þegar ég byrjaði vann ég við hin ýmsu störf á tökustað en þar sem ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á ljósmyndun og kvikmyndatöku lá leiðin í þetta starf frekar en eitthvað annað,“ útskýrir Magni.

Spy eru gamanþættir sem voru framleiddir fyrir Sky-sjónvarpsstöðina og fara Darren Boyd og Robert Lindsay með aðalhlutverkin í þáttunum. Alls eru sex þættir í fyrstu þáttaröðinni og tók Magni þá alla upp.

„Þetta var mjög skemmtilegt verkefni, en afskaplega krefjandi. Önnur þáttaröð er í bígerð en ég var upptekinn og gat ekki tekið þátt í því verkefni,“ segir Magni.

Magni vann einnig við breska endurgerð sjónvarpsþáttanna um sænska lögreglumanninn Wallander. Sir Kenneth Branagh fer með hlutverk lögreglumannsins snjalla og um samstarfið segir Magni: „Það sem stendur upp úr er að hann er með svo háan gæðastuðul að ég hef sjaldan séð annað eins. Það er í raun stórmerkilegt hversu mikill fagmaður hann er í starfi.“

Tökur á þáttunum fóru fram í Svíþjóð og dvaldi Magni þar í þrjá mánuði. Hann viðurkennir að mikið flakk fylgi starfinu og segir það bæði kost og galla. „Það getur verið skemmtilegt á köflum en líka dapurlegt, maður er endalaust að „tékka“ sig inn á flugvöllum og á hótel. En á sama tíma er gaman að sjá og kynnast stöðum sem maður mundi ef til vill ekki annars heimsækja,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

### KVIKMYNDATÖKUVERKEFNI MAGNA

- Wallander, sjónvarpsþættir frá árinu 2012 með Sir Kenneth Branagh í aðalhlutverki
- Spy, sjónvarpsþættir frá árinu 2011
- Brim, kvikmynd frá árinu 2010
- Free Agents, sjónvarpsþáttur frá árinu 2009 með Sharon Horgan og Anthony Head í aðalhlutverkum
- Heima, heimildarmynd um Sigur Rós frá árinu 2007
- Last Winter, kvikmynd frá árinu 2006 með Ron Perlman í aðalhlutverki
- Strákarnir okkar, gamanmynd frá árinu 2005







INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
Stílisti


Helga Sigurbjarnadóttir
Innanhúsarkitekt


Þorsteinn Haraldsson
Byggingafræðingur

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101


# Ben Stiller hefur tökur í dag

Tökur á The Secret Life of Walter Mitty hefjast í dag en það er Hollywood-leikarinn Ben Stiller sem bæði leikur í og leikstýrir myndinni. Stiller hefur verið í Reykjavík undanfarnar vikur við undirbúning á tökum.

Það er íslenska framleiðslufyrirtækið True North sem aðstoðar Stiller og tökuliðið frá Hollywood hér á landi og Andrea Brabin hjá Eskimo Models hefur aðstoðað við að finna íslenska aukaleikara. Stiller fer með aðalhlutverkið en auk þess er gamanleikkonan Kristen Wiig í stóru hlutverki sem og leikararnir Adam Scott, Sean Penn og Shirley MacLaine. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort einhverjir af ofantöldum eigi eftir að bætast í hóp Íslandsvina.

Tökur fara víða fram, svo sem í Stykkishólmi og á Seyðisfirði en þar hefur Stiller verið tíður gestur undanfarið. Gamanleikarinn hefur verið iðinn við að dásama land og þjóð á Twitter-síðu sinni. Hann hefur kafað í Silfru, líkt og kollegi hans Tom Cruise gerði í sumar, og varð óvart áhorfandi í Reykjavíkurmaraþoninu fyrir rúmri viku. Stiller virðist þeysast á milli landshluta á þyrlu en hann ku hafa komið sér fyrir í tveggja hæða íbúð í Skuggahverfinu. Ekki er vitað hvort eiginkona hans, leikkonan Christine Taylor, og börn þeirra tvö muni sækja landið heim á meðan á tökum stendur.

- áp



**TÖKUR BYRJAÐAR** Ben Stiller segist glaður yfir að tökur séu loksins hafnar á myndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sony Center

www.sonycenter.is

## ★★★★★ Fullt hús stiga!




**Tilboð**
**399.990.-**
Sparaðu 70.000.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir

### Glæsilegt hágæða sjónvarp

46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX855

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing
- Opera netvafri innbyggður

**Tilboð 399.990.-** Verð áður 469.990.-

## FRAMÚRSKARANDI 3D AFSPILUN




Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir

**Tilboð**
**339.990.-**
Sparaðu 60.000.-

### 5 stjörnu verðlaunahafi!

40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40HX855

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 339.990.-** Verð áður 399.990.-




**Tilboð**
**239.990.-**
Sparaðu 60.000.-

### Gott verð

40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40HX753

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 239.990.-** Verð áður 299.990.-




**Tilboð**
**309.990.-**
Sparaðu 80.000.-

### Glæsileg hönnun

46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX753

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 309.990.-** Verð áður 389.990.-




**Tilboð**
**189.990.-**
Sparaðu 10.000.-

### Gæði og skerpa

40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40EX653

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 100Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 189.990.-** Verð áður 199.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi **Akureyri**
569 7645

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Æft í bústað

Hópur leikara frá Þjóðleikhúsinu var staddur í sumarbústað við Kolsstaði í Borgarfirði í vikunni. Þar voru saman komin Atli Rafn Sigurðarson, Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, **Þorsteinn Bachmann,** Edda Arnljótsdóttir, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir. Leikararnir hafa dvalið þar í viku og er bústaðarferðin ekki ætluð sem afslöppun heldur æfa þau verkið Jónsmessunótt sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu í haust. Jónsmessunótt segir frá íslenskri fjölskyldu sem kemur saman í sumarbústað til að fagna hálfrar aldar brúðkaupsafmæli foreldranna. Leikhópurinn er því að taka fyrstu æfingarnar í ansi raunverulegum aðstæðum.



### Ellefu ára tónleikaafmæli

**Páll Óskar Hjálmtýsson** og hörpuleikarinn **Monika Abendroth** munu koma saman á ný í Grasagarðinum í Laugardal þann 6. september næstkomandi. Tónleikarnir verða haldnir í Café Flóru, en þar héldu þau sína fyrstu tónleika fyrir ellefu árum. Dúettinn mun taka mörg af þeim lögum sem hann hefur spilað undanfarinn áratug, en einnig þekktustu lög Páls Óskars í sérstökum útsetningum fyrir hörpu. Á Facebook-síðu sinni tekur Páll Óskar fram að ekki sé mikið pláss inni á Café Flóru, en tónleikarnir verði þeim mun persónulegri fyrir vikið.



- sm, sv

## Mest lesið vísir

1. Til Íslands að leysa fjölskylduráðgátuna
2. Íslensk yfirvöld beita sér í máli Íslendings í Dubai
3. Skattamál Helle Thorning Schmidt í brennidepli
4. Sá eftirlýsti er enn ófundinn
5. Jón Bjarna: Steingrímur með of mikla einræðistilburði








Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M